



**Meistararitgerð
í lögfræði**

Ábyrgðartryggingar stjórnar og stjórnenda

Tryggvi Þór Jóhannsson

Leiðbeinandi: Tómas Hrafn Sveinsson

Júní 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD

**Meistararitgerð
í lögfræði**

Ábyrgðartryggingar stjórnar og stjórnenda

Tryggvi Þór Jóhannsson

Leiðbeinandi: Tómas Hrafn Sveinsson

Júní 2018

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	6
2 Vátryggingar og gildandi lög um vátryggingarsamninga	7
2.1 Almenn	7
2.2 Vátryggingarsamningur	8
2.3 Aðilar að vátryggingarsamningi	9
3 Ábyrgðartryggingar	10
3.1 Almenn um ábyrgðartryggingar	10
3.2 Þríhliða réttarsamband ábyrgðartrygginga og bein krafa tjónþola	11
3.3 Tómlæti og fyrning	11
3.4 Kröfugerðartryggingar og atburðadrifnar tryggingar	12
4 Grundvöllur skaðabótaábyrgðar	13
4.1 Almenn	13
4.2 Sérfræðiábyrgð	14
4.3 Takmarkanir á skaðabótaábyrgð starfsmanna	17
5 Hvað eru stjórnendaábyrgðartryggingar?	21
5.1 Almenn	21
5.2 Aðilar sem falla undir vátrygginguna	23
5.2.1 <i>De Jure og De Facto stjórnendur</i>	25
5.2.2 <i>Stjórnarmenn</i>	26
5.2.3 <i>Framkvæmdastjórar</i>	26
5.2.4 <i>Skuggastjórnendur</i>	28
5.2.5 <i>Skiptastjórar og slitastjórnir</i>	28
5.2.6 <i>Fyrrum stjórnendur</i>	29
5.2.7 <i>Félög sem stjórnendur</i>	29
5.2.8 <i>Samantekt</i>	30
5.3 Hæfi stjórnenda	31
5.4 Mögulegar viðbótartryggingar	33
5.4.1 <i>Meiðyrði og önnur niðrandi ummæli</i>	34
5.4.2 <i>Vernd gegn umhverfis- og auðlindaspjöllum</i>	34
5.4.3 <i>Einkaréttarlegar tryggingar</i>	35
6 Kröfugerðin	36

6.1	Almennt.....	36
6.2	Aðilar að kröfugerð.....	38
6.3	Tilkynning um kröfu.....	39
6.4	Kröfulýsingarfrestur.....	40
6.5	Varnarþingsreglur.....	41
7	Skilmálar stjórnendaábyrgðartrygginga.....	43
7.1	Almennt.....	43
7.2	Ákvæði sem veita rétt.....	44
7.2.2	Óréttmætar aðgerðir samkvæmt breskum rétti.....	44
7.2.3	Óréttmætar aðgerðir samkvæmt íslenskum rétti.....	48
7.2.3	Hve langt þarf háttsemin að ganga samkvæmt breskum rétti?.....	53
7.2.4	Gildistími tryggingar og aukinn tilkynningarfrestur.....	54
7.2.5	Heimild til fyrirframgreiðslu málskostnaðar.....	59
7.2.6	Sjálfkrafa vernd nýrra dótturfélaga.....	60
7.3	Ákvæði sem takmarka rétt.....	60
7.3.1	Almennt.....	60
7.3.2	Fyrri vitneskja eða atburðir.....	61
7.3.3	Sérstakar athafnir stjórnenda.....	62
7.3.4	Líkams- og eignatjón.....	63
7.3.5	Atvik sem rekja má til hryðjuverka eða stríðsástands.....	64
7.3.6	Kröfur sprottnar af deilum vegna alþjóðlegs samstarfs.....	64
7.3.7	Aðrar undanþágur.....	65
7.4	Uppsögn.....	66
8	Hagnýt atriði.....	67
8.1	Almennt.....	67
8.2	Aðalskyldur hins vátryggða.....	68
8.3	Mótbárur vátryggingafélags.....	69
8.3.1	Mótbárur á grundvelli reglna skaðabótaréttar.....	69
8.3.2	Mótbárur á sviði vátryggingaréttar.....	70
8.4	Algeng ágreiningsefni.....	70
8.4.1	Slit og afturköllun á vátryggingarsamningi.....	71
8.4.2	Samningsbundnar undantekningar.....	71
8.4.3	Sanngirni í málskostnaði.....	72

8.4.4 Sáttargerð	72
8.4.5 Aðrar gildandi tryggingar og samverkun þeirra á milli	73
8.5 Áhættuaukandi þættir og mat váttryggingafélaga við útgáfu trygginga	74
8.6 Ástæður töku stjórnendaábyrgðartrygginga.....	76
8.7 Ábyrgð stjórnenda á fjármagnsmarkaði.....	80
8.8 Ábyrgðartryggingar hins opinbera.....	82
8.9 Nokkur orð um endurtryggingar	83
9 Niðurlag	84
HEIMILDASKRÁ	89
DÓMASKRÁ.....	91

1 Inngangur

Með auknum atvinnurekstri, tæknivæðingu og eignasöfnun einstaklinga og lögaðila síðustu aldar hefur váttryggingastarfsemi vaxið fiskur um hrygg. Aðilar leitast við að tryggja fjárhagslega stöðu sína til framtíðar með því að vera viðbúnir atvikum eða öðrum óhöppum sem leitt geta til þess að á stöðu þeirra halli, hvort heldur vegna athafna þriðja aðila sem leiðir til tjóns eða vegna eigin athafna sem leiðir til tjóns þriðja aðila.

Stjórnendur félaga og fyrirtækja standa oft en ekki frammi fyrir ákvörðunum sem geta haft djúpstæð áhrif á rekstur og framgang þeirra. Þeir aðilar sem hafa hagsmuni af starfsemi félaganna geta verið af ýmsum toga líkt og hluthafar, viðskiptavinir og lánardrottinnar. Við ákvarðanatöku stjórnenda getur þar af leiðandi borið á ýmsum vandkvæðum gagnvart framangreindum aðilum sem leitt getur til togstreitu milli þeirra og stjórnandans þar sem hagsmunir þeirra fara ekki alltaf saman. Ef slíkar aðstæður leiða til tjóns fyrir viðkomandi aðila kann hann að eiga skaðabótakröfu á hendur stjórnandanum vegna háttsemi hans við framkvæmd starfa sinna.

Til þess að félög og stjórnendur geti takmarkað það tjón sem kann að leiða af háttsemi þeirra stendur til boða kaup á svokölluðum stjórnendaábyrgðartryggingum. Um er að ræða eina tegund ábyrgðartrygginga sem felur í sér vernd gagnvart tjóni þar sem viðkomandi kann að vera skaðabótaskyldur gagnvart þriðja aðila vegna eigin háttsemi eða háttsemi þess sem hann ber ábyrgð á. Eðli ábyrgðartrygginga er sérstakt að því leyti að í fyrstu er um tvíhliða samband að ræða milli váttryggingartaka og hins váttryggða, en verði tjón getur þriðji maður reist rétt sinn á váttryggingarsamningnum. Réttaráhrif stjórnendaábyrgðartrygginga virkjast þó aðeins þegar váttryggingartaki eða þriðji aðili gerir kröfu til tryggingarinnar en ekki þegar tjónið á sér stað. Þá þarf krafan að berast innan tiltekins frests og á gildistíma tryggingarinnar svo hún sé marktæk.

Þrátt fyrir að tryggingarnar standi til verndar stjórnendum er þeim ekki falið það hlutverk að leysa þá undan ábyrgð, heldur að takmarka þann mögulega fjárhagsskaða sem af þeim leiðir. Umfang þessara trygginga er gríðarlegt en sem dæmi má nefna að kröfugerð Lárusar Welding og fleiri stjórnenda á hendur Tryggingamiðstöðinni til greiðslu úr ábyrgðartryggingu vegna starfa sinna fyrir Glitni banka hljóðaði upp á 6 milljarða íslenskra króna. Þá hljóðaði kröfugerð Lífsverks lífeyrissjóðs á hendur fyrrum stjórnendum sínum upp á rúmlega 1,2 milljarða íslenskra króna.

Það sem er áhugavert við tryggingarnar er uppbygging þeirra samkvæmt breskri fyrirmynd. Ástæður þess má rekja til þeirrar staðreyndar að hin íslensku váttryggingafélög sem bjóða upp á stjórnendaábyrgðartryggingar dreifa áhættu sinni með því að endurtryggja sig erlendis. Standa félögin þar af leiðandi ekki ein að tryggingunum og raunar að takmörkuðu leyti. Engu að síður gildir íslensk lögsaga nema aðilar váttryggingarsamningsins hafi samið um annað. Hinir bresku skilmálar hafa þannig vafist fyrir mönnum hér á landi vegna mismunandi skilyrða og hugtakanotkunar, en nauðsynlegt er að heimfæra atriðin til íslensks réttar ef greina á betur eðli váttryggingarinnar. Dóma- og úrskurðaframkvæmd gefur almennt lítið fyrir umfjöllun hinna bresku skilmála en veitir þó einhverja vísbendingu um hvar helstu ágreiningsefnið kunna að liggja. Þar má til dæmis nefna hvaða skilning beri að leggja í hugtakið stjórnandi og hvort hægt sé að túlka hugtakið óréttmætar aðgerðir (e. wrongful act) til samræmis við skilyrði íslensks skaðabótaréttar sem nánar verður vikið að síðar.

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 vöknud margar spurningar um ábyrgð stjórnenda félaga og fyrirtækja og að hve miklu leyti þeir gætu talist persónulega ábyrgir gjörða sinna, en þrátt fyrir hina takmörkuðu ábyrgð laga um hlutafélög og einkahlutafélög geta stjórnendur axlað persónulega ábyrgð. Óheimilar fjárfestingar, lánveitingar og misnotkun á upplýsingum á skipulegum verðbréfamarkaði voru sérstaklega í deiglu. Sumir stjórnendur nutu verndar ábyrgðartrygginga vegna athafna sinna en það er áhugavert að líta til kröfugerðar aðila í þeim málum og með hvaða hætti tryggingarnar tóku til atvikanna líkt og síðar verður komið að.

Umfjöllun þessarar ritgerðar mun því beinast að háttsemi stjórnenda við störf sín og samræmingu þeirrar ábyrgðar við hina erlendu skilmála stjórnendaábyrgðartrygginga. Þá verður vikið að einstökum ákvæðum og álitamálum varðandi tryggingarnar. Ber þar sérstaklega að nefna ákvæði um kröfugerð tjónþola og ákvæði sem undanskilja tiltekna háttsemi stjórnanda frá ábyrgð tryggingarinnar. Þá verða teknir til athugunar helstu kostir og gallar trygginganna gagnvart stjórnendum og hvort það sé yfirhöfuð vænlegt að taka þær.

2 Váttryggingar og gildandi lög um váttryggingarsamninga

2.1 Almennt

Stjórnendaábyrgðartryggingar eru ein tegund váttrygginga sem felast í samkomulagi váttryggingartaka og váttryggingafélags um að hinn síðarnefndi yfirfæri fjárhagslega áhættu hins fyrrnefnda gegn greiðslu gjalds. Samkomulag þessara aðila er staðfest með undirritun

svokallaðs váttryggingarsamnings, en í honum er nánar fjallað um réttindi og skyldur hvers og eins. Áður en lengra er haldið skal því gerð grein fyrir hugtakinu váttrygging og gildandi lögum um váttryggingarsamninga.

Um váttryggingarsamninga gilda lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (hér eftir skammstafað vsl.). Hugtakið váttrygging er ekki skilgreint í vsl. en hefur m.a. verið skilgreint svo:

Váttrygging er starfsemi, sem miðast við að yfirtaka í miklum mæli áhættu af óvissum atvikum gegn endurgjaldi, sem ákveðið er á grundvelli tölfræðilegra útreikninga eða á viðskiptalegu mati á umfangi áhættunnar.¹

Með öðrum orðum miðast váttryggingastarfsemi við að greina áhættu á því að tjón verði hjá samleitum hóp aðila út frá tölfræðilegum forsendum og bjóða upp á að yfirfæra áhættuna að minnsta kosti að hluta til gegn greiðslu gjalds, svokallaðs iðgjalds. Út frá hinum tölfræðilegu gögnum geta váttryggingafélög þannig metið líkurnar á því að tjón af tiltekinni tegund geti átt sér stað og með tilliti til þess lagt sams konar tryggingar saman og dreift áhættunni á marga váttryggingartaka.²

2.2 Váttryggingarsamningur

Í hefðbundnum váttryggingarsamningi er að finna ákvæði er lúta að aðild hans, upplýsingum um hið váttryggða, váttryggingarfjárhæð og gildistíma tryggingarinnar. Til fyllingar samningsins bætast síðan við ákvæði vsl. auk annarra laga ef svo ber undir. Um nánari útfærslu tryggingarinnar vísast til skilmála hennar sem váttryggingartaki viðgengst með undirritun váttryggingarsamningsins. Lög um váttryggingarsamninga taka annars vegar til upplýsingaskyldu beggja aðila vegna töku tryggingarinnar, ákvæða um ábyrgðir og ábyrgðartíma, greiðslu iðgjaldsins, réttar þriðja aðila til ábyrgðartryggingar og uppgjör bóta. Hins vegar er þar að finna reglur um váttryggingastarfsemi sem atvinnugreinar og þau skilyrði sem aðilar þurfa að uppfylla til þess að mega stunda váttryggingastarfsemi.³ Lögin eru ófrávíkjanleg og takmarka því meginreglu samningaréttar um að menn hafi frjálst val um það við hvern þeir semja, hvert efni samningsins skuli vera og hvort þeir muni yfirhöfuð ganga að

¹ Bo von Eyben: *Juridisk ordbog*, bls. 136.

² Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls. 32-34.

³ Þskj. 215 – 204, 130. lögþ. 2003-04, bls. 38.

samningunum. Ræðst sú takmörkun meðal annars af vilja löggjafans til að vernda neytendur gagnvart stöðluðum skilmálum váttryggingafélaganna og yfirburðarstöðu gagnvart þeim.

Önnur regla gildir þó um félög og fyrirtæki af ákveðinni stærðargráðu við gerð váttryggingarsamnings, en skv. a-lið. 2. mgr. 3. gr. vsl. er heimilt að líta undan hinum ófrávíkjanlegu skilyrðum ef umfang rekstraraðilans samsvarar fleiri en fimm ársverkum. Samningagerð fer þá eftir lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Hið aukna frelsi stærri félaga og fyrirtækja felur meðal annars í sér víðtækari heimildir þeirra til að semja um skilyrði ábyrgðartrygginga til handar stjórnendum sínum. Á þetta reyndi meðal annars í dómi *Hrd. 5. nóvember 2012 (619/2012)* þar sem talið var að Baugur Group uppfyllti framangreind skilyrði til að semja um eigin lögsögu. Nánar skal vikið að þessum dómi síðar.

2.3 Aðilar að váttryggingarsamningi

Sjaldnast er ágreiningur um hverjir eigi aðild að váttryggingarsamningi, en almennt er aðeins eitt váttryggingafélag sem tryggir hinn váttryggða. Á hinn bóginn getur reynt á aðild þegar váttryggingar varða mikla hagsmuni þar sem fleiri en eitt váttryggingafélag standa á bak við trygginguna. Stjórnendaábyrgðartryggingar eru umfangsmiklar og taka til verðmæta sem geta hlaupið á milljörðum. Með tilliti til þess er eðlilegt að váttryggingafélög leitist við að deila með sér hinni váttryggðu áhættu sem af þeim leiðir.

Fyrirkomulag slíkra trygginga þar sem fleiri en eitt váttryggingafélag gengst í ábyrgð getur verið með þeim hætti að váttryggingafélög gera með sér innbyrðis samkomulag um skiptingu áhættunnar og eru þá einungis ábyrg vegna umsamins prósentuhluta af heildaráhættunni. Þá er algengt að eitt váttryggingafélag komi fram fyrir hönd hinna gagnvart váttryggingartakanum og annist innheimtu iðgjalda auk uppgjors váttryggingarbóta ef svo ber undir. Svipað fyrirkomulag má finna á sviði lánveitinga þar sem lánastofnanir geta sameinast um lánveitingu til lántaka, svokallað sambankalán.⁴

Þá er einnig til annars konar fyrirkomulag sem felst í því að fleiri en eitt váttryggingafélag, sem sérhæfa sig í sams konar váttryggingarflokkum, ákveða að váttryggja tiltekna áhættuþætti og skipta þeim iðgjöldum og váttryggingarbótum sem af starfseminni hlýst eftir samkomulagi sín á milli. Hér er átt við svokallað „Pooling“ en slíku fyrirbrigði trygginga er jafnan beitt við háar fjárhæðir svo sem þegar um er að ræða olíuborpalla, stór skip eða kjarnorkuvá.⁵ Varðandi

⁴ Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélagaréttur* bls. 226.

⁵ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls. 110.

vátryggingartaka einskorðast réttur til skaðabóta ekki einungis við hann, en algengt er að fleiri aðilar geti öðlast rétt til skaðabóta ef viðkomandi er tryggður með ábyrgðartryggingu. Í henni felst að valdi háttsemi hins vátryggða tjóni á hagsmunum þriðja aðila getur hann átt tilkall til bóta úr vátryggingu sem í fyrstu var einungis gerð milli vátryggingartaka og vátryggingafélagsins. Vísast til frekari umfjöllunar um ábyrgðartryggingar í næsta kafla ritgerðarinnar.

Til viðbótar þessum atriðum má einnig nefna endurtryggingar sem felast í því að vátryggingafélag leitast við að tryggja sig fyrir tjóni hjá öðru vátryggingafélagi í því skyni að dreifa áhættunni enn frekar. Nánar verður fjallað um endurtryggingar í kafla 8.9 þessarar ritgerðar.

3 Ábyrgðartryggingar

3.1 Almennt um ábyrgðartryggingar

Stjórnendaábyrgðartryggingar eru ein tegund ábyrgðartrygginga. Eru þær almennt skilgreindar með eftirfarandi hætti:

Ábyrgðartrygging er skaðatrygging, sem tekin er til tryggingar gegn tjóni, sem maður eða lögaðili bíður við það að verða skaðabótaskyldur gagnvart þriðja manni vegna skaðabótaskyldrar háttsemi vátryggðs sjálfs, eða manns, sem hann ber ábyrgð á.⁶

Ábyrgðartryggingar geta annað hvort verið frjálsar eða lögmæltar. Í lögmæltum ábyrgðartryggingum er kveðið á um í lögum að viðkomandi aðila sé nauðsynlegt að hafa slíkar tryggingar til að mega gegna starfi sínu. Standa lögin því til viðbótar skilmálum trygginganna og er almennt falið að tryggja tjónþola greiðslu bóta.

Frjálsar ábyrgðartryggingar eru tryggingar sniðnar að ákveðnum störfum eða atvikum sem geta leitt af atvinnu viðkomandi aðila til dæmis ábyrgðartryggingar til verndar stjórnendum. Áherslan hér er að vernda hagsmuni hins vátryggða, frekar en tjónþola. Þá er vátryggingafélaginu heimilt að sníða skilmála frjálssu ábyrgðartryggingarinnar meira eftir sinni hendi, þó með tilliti til áðurnefndra laga um vátryggingarsamninga.⁷

⁶ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls 422.

⁷ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls 423.

3.2 Þríhliða réttarsamband ábyrgðartrygginga og bein krafa tjónþola

Eitt meginеinkenna ábyrgðartrygginga er umbreyting réttarsambands milli hlutaðеigandi úr tvíhliða sambandi yfir í þríhliða samband. Í fyrstu er um tvíhliða samband að ræða þar sem váttryggingafélag og hinn váttryggði semja sín á milli um töku tryggingarinnar, þ.e. efni váttryggingarsamnings, auk annarra reglna. Sé tjóni síðan valdið af hinum váttryggða og skilyrði skaðabótaábyrgðar uppfyllt gengur tjónþoli inn í áður nefnt réttarsamband milli váttryggingafélagsins og hins váttryggða sem þriðji aðili.⁸

Því næst getur tjónþoli gert kröfu á hendur váttryggingafélaginu, sbr. 44. gr. vsl., um beina kröfu tjónþola, en þar segir m.a. að sá sem telur sig eiga rétt til greiðslu úr ábyrgðartryggingu váttryggingafélags geti stefnt váttryggingafélaginu beint til greiðslu. Undirstrikar þetta ákvæði eitt helsta einkenni ábyrgðartrygginga um þríhliða samband hlutaðеigandi aðila, að tjónþoli geti annað hvort gengið að váttryggingafélaginu eða hinum váttryggða.

Í 44. gr. vsl. er einnig kveðið á um upplýsingaskyldu í þágu tjónþola þar sem tryggingafélaginu og tjónþola ber að upplýsa tjónþola um tilvist ábyrgðartryggingar ef svo ber undir. Stuðlar slík skylda að rétti tjónþola til að gera beina kröfu á hendur tryggingafélaginu eða hinum váttryggða. Í slíkri upplýsingagjöf fælist um hvers konar ábyrgðartryggingu væri að ræða, gildissvið hennar, takmarkanir og önnur atriði sem kunna að hafa áhrif á kröfugerð tjónþola.

3.3 Tómlæti og fyrning

Láti tjónþoli hjá líða að tilkynna um váttryggingaratburð glatar hann rétti sínum til bóta ef krafa þess efnis skilar sér ekki innan árs frá því hann varð meðvitaður um tjón sitt, sbr. 1. mgr. 51. gr. vsl. Er það því alfarið á ábyrgð tjónþola að tilkynna tjón sitt. Skaðatryggingar á borð við stjórnendaábyrgðartryggingar eru frábrugðnar öðrum tryggingum að því leyti að langur tími getur liðið þar til tjón vegna háttsemi stjórnanda kemur fram. Er því nauðsynlegt að kröfuhafi tilkynni tjón sitt um leið og hann telur heildartjón sitt liggja fyrir.⁹ Á þetta reyndi meðal annars í *Hérd. Rvk. 25. apríl 2016 (E-2942/2014)* þar sem lífeyrissjóðurinn Lífsverk höfðaði mál til greiðslu skaðabóta úr hendi fyrrum stjórnanda sinna. Var meðal annars deilt um kröfugerð lífeyrissjóðsins og haldið fram að krafan væri niður fallin vegna tómlætis þar sem vitneskja hans um tjónið var löngu komin fram. Nánar skal vikið að þessum dómi síðar.

⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls 425.

⁹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls 496.

Stjórnendaábyrgðartryggingar eru kröfugerðartryggingar, sbr. kafla 3.4 þessarar ritgerðar og fynast samkvæmt 1. mgr. 52. gr. vsl. Miðað er við að fyrningarfræstur hefjist við lok þess almanaksárs er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjón sitt til að byggja kröfugerð sína á.

3.4 Kröfugerðartryggingar og atburðadrifnar tryggingar

Ábyrgðartryggingar eiga sér enn fremur tvo flokka sem greina má eftir virkjun réttaráhrifa eða samkvæmt svokölluðum virkjunaratburð (e. trigger event). Í fyrsta lagi geta ábyrgðartryggingar verið samdar út frá atburðinum sjálfum. Réttaráhrif tryggingarinnar virkjast þar af leiðandi við það að umsaminn atburður samkvæmt skilmálum hennar verði innan váttryggingartímabilsins og að tilkynnt hafi verið um atburðinn innan hæfilegs tíma. Helstu álitafnin hér felast í því hvort um sé að ræða atburð sem fellur undir skilmála tryggingarinnar og hvenær atburðurinn átti sér stað. Dæmi um ábyrgðartryggingar af þessu tagi eru lögboðnar ökutækjatrýggingar sem vernda allt tjón vegna notkunar á ökutæki. Með öðrum orðum virkjast þær við atburð, þ.e. slys.

Í öðru lagi geta ábyrgðartryggingar gert áskilnað um að tjónþoli geri kröfu til bóta vegna tiltekinnar háttsemi sem hinn váttryggði á að hafa viðhaft og sem leitt hefur til tjóns. Við kröfugerðina virkjast réttaráhrif tryggingarinnar og fer þá fram mat á háttsemi hins váttryggða og hvort þær uppfylli skilyrði skilmála tryggingarinnar til greiðslu bóta. Þar af leiðandi er hinn váttryggði grandlaus um yfirvofandi kröfu á hendur sér, að því undanskildu telji hann sig vita að háttsemi hans muni leiða til ósættis og mögulegrar kröfugerðar. Eðli tryggingarinnar felst þannig ekki í viðurkenningu á tjónsatburðinum sjálfum heldur kröfugerð þriðja aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir.¹⁰

Varðandi ábyrgðartryggingar stjórnenda hefur verið gengið út frá notkun kröfugerðartrygginga umfram atburðadrifnar tryggingar. Þær röksemdir sem liggja á bak við felast einkum í því að erfitt getur reynst að ákvarða nákvæman atburð eða háttsemi stjórnanda sem olli tjóninu samanborið við atburð á borð við bílslys þar sem tjónsáhrif koma alla jafna strax í ljós. Einnig getur komið upp sú staða að verði stjórnandi var við óréttmæta aðgerð sína getur hann reynt að fyrirbyggja þau áhrif sem kunni að verða af háttseminni. Eigi að leitast við

¹⁰ Sol Kroll: *The Professional Liability Policy Claims Made*, bls. 847.

að greina áhrif háttsemi stjórnanda aftur í tímann til samanburðar við þá atburði sem áttu sér stað má telja að slík aðferð geti að vissu leyti misst marks þar sem úr einhverjum annmörkum er mögulegt að bæta. Er það því til hagsbóta fyrir stjórnendur að réttaráhrif tryggingarinnar verði virk við kröfugerð á hendur þeim þrátt fyrir að krafist sé bóta vegna fyrrum athafna þeirra. Slíkt fyrirkomulag leiðir enn fremur til þess að greiðslu iðgjalda yrði stillt í takt við þá atburði sem sannanlega var gerð krafa til, fremur en hvert og eitt atvik.

4 Grundvöllur skaðabótaábyrgðar

4.1 Almennt

Stjórnendaábyrgðartryggingar og skilmálar þeirra eru að breskum uppruna en samkvæmt skilmálum trygginganna er önnur merking lögð í grundvöll skaðabótaábyrgðar en gildandi reglur hér á landi. Í 7. kafla þessarar ritgerðar verður nánar vikið að þeim skilyrðum og því misræmi er gætt varðandi skilyrði skaðabótaábyrgðar íslensks skaðabótaréttar annars vegar og skilyrða skaðabótaábyrgðar erlends réttar hins vegar.

Til að glöggva okkur betur á gildandi reglum hér á landi skal fyrst vikið að hinum almennu reglum skaðabótaréttarins við mat á því hvort tjón hafi orðið. Í íslenskum skaðabótarétti er að finna fjórar meginreglur sem líta ber til þegar meta á skilyrði skaðabótaábyrgðar. Um er að ræða sakarregluna, regluna um hlutlæga ábyrgð, regluna um vinnuveitendaábyrgð og sakarlíkindaregluna. Í takt við umfjöllun þessarar ritgerðar verður einungis vikið að sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð þar sem beita má þeim við mat á ábyrgð stjórnenda og starfsmanna.

Sakarreglan er almennt skilgreind svo:

Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann veldur með saknæmum og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raskar hagsmunum, sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Það er og skilyrði, að sérstakar huglægar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegri heilbrigði.¹¹

Hér er mikilvægt að hafa í huga að saknæm háttsemi er í sjálfu sér ekki skaðabótaskyld nema hún valdi tjóni. Með saknæmi er hér átt við huglægt ástand tjónvalds og hvort háttsemi hans hafi falið í sér ásetning eða gáleysi. Þrátt fyrir að tjón hafi orðið, hvort heldur háttsemi

¹¹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 93.

viðkomandi megi rekja til ásetnings eða gáleysis, getur það engu að síður skipt máli varðandi sakarmatið. Þá þarf tjónþoli að geta sýnt fram á orsakatengsl milli háttsemi tjónvalds og alls tjónsins til þess að geta krafist skaðabóta.¹²

Margar samverkandi ástæður geta legið á bak við og ekki er gerður áskilnaður um að tiltekin háttsemi sé meginorsök þess. Á hinn bóginn þarf tjónþoli þó að sýna fram á að sérhvert nauðsynlegt skilyrði atburðar sé fyrir hendi til þess að sanna orsakatenglin samkvæmt svokallaðri skilyrðiskenningu um orsakatengsl. Við mat á þeim skilyrðum sem þurfa að vera til staðar er jafnan beitt ákveðinni aðferðafræði, mismunarkenningunni, sem miðar að því að bera saman tvær atburðarásir, þ.e. þá sem varð í raun og þá sem telja má að hefði orðið ef háttseminnar hefði ekki notið við.¹³

Aðili sem leitast við að gera kröfu í ábyrgðartryggingu ber því almennt sönnunarbyrði fyrir því að hin saknæma háttsemi hins váttryggða hafi valdið sér tjóni. Hins vegar getur komið upp sú staða að sönnunarbyrði er mögulega snúið við ef tjónvaldur er í betri aðstöðu til að sanna umræddan tjónsatburð.

4.2 Sérfræðiábyrgð

Auknar kröfur eru gerðar til sérfræðinga á ýmsum sviðum samfélagsins. Er slíkt bæði nauðsynlegt og eðlilegt í ljósi þeirrar þjónustu sem þeim er falið að veita. Til að stuðla að auknum gæðum þjónustunnar hefur löggjafinn í sumum tilvikum sett aðilum tiltekin skilyrði sem viðkomandi er skylt að uppfylla svo honum sé heimilt að gegna starfi sínu. Umrædd sérfræðistörf fela því í sér strangari hátternisreglur eða sérfræðiábyrgð sem leiðir af sér strangara sakarmat á grundvelli áðurnefndrar sakarreglu. Gildir hin aukna ábyrgð bæði um hagsmuni þess sem sérfræðingurinn starfar fyrir og hagsmuni þriðja aðila sem kann að verða fyrir tjóni.

Til samræmis við umfjöllun þessarar ritgerðar um stjórnendur félaga og fyrirtækja kemur til álita hvort þeir geti einnig talist sérfræðingar sem lúta skuli strangara sakarmati. Samkvæmt almennri málvenju má ráða að undir hugtakið sérfræðingur falli þekktar starfsstéttir á borð við lækna, verkfræðinga, lögmenn og endurskoðendur. Einskorðast þó hugtakið ekki við háskólamenntaða sérfræðinga en í 17. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla segir meðal annars að sérfræðiábyrgð geti einnig átt við um aðila sem hafa tekið próf í löggiltum iðngreinum á borð við smíði og rafvirkjun.

¹² Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 337.

¹³ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 342.

Við beitingu sakarreglunnar á sviði sérfræðiábyrgðar ber einkum að líta til þriggja atriða. Í fyrsta lagi eru gerðar ríkari kröfur til hlutlægra þátta á borð við athafnir, aðgæsluskyldu og vandvirkni almennt. Svo dæmi sé tekið má nefna að í 18. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti er gerður áskilnaður um að sá er annast verðbréfavíðskipti skuli leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta. Þá kemur fram í 18. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 að lögmönnum beri í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.

Í öðru lagi eru gerðar ríkari kröfur til þess hvað viðkomandi vissi eða hefði mátt vita að leiddi af háttsemi sinni út frá eigin þekkingu og reynslu. Líta þarf til þess verkefnis eða ráðgjafar hverju sinni hvort um sé að ræða háttsemi sem telja má til sérfræðistarfa. Verkefni geta annað hvort verið árangursmiðuð, þ.e. að tiltekinnar niðurstöðu sé að vænta við úrlausn málsins eða að einungis sé óskað eftir faglegum og vönduðum vinnubrögðum til dæmis varðandi ráðgjöf eða skýrslugerð. Ef verkefni er einungis falið í hinu síðarnefnda kann að reynast erfiðara að beita hinu stranga sakarmati þar sem engrar tiltekinnar niðurstöðu var að vænta.

Þá þarf að liggja ljóst fyrir að verið sé að veita sérfræðiráðgjöf. Í *Hrd. 12. september 2013 (146/2013)* fór stefnandi fram á skaðabætur úr hendi fasteignasala vegna meintra mistaka hans við umsýslu í tengslum við kaup hins fyrrnefnda á landspildu. Lítið var til hlutverks fasteignasalans og talið að vegna skýrrar afmörkunar þess gæti hann ekki borið ábyrgð hinu meinta tjóni á grundvelli sérfræðiábyrgðar.

Í þriðja lagi kann sönnunarreglum að vera beitt með öðrum hætti, þ.e. að sönnunarbyrðinni yrði til dæmis snúið við til hagsbóta fyrir tjónþola. Almennt nægir tjónþola þó að benda á tjónvald til að sanna þá háttsemi sem honum hefur verið gert að sök, en sú meginregla gildir að sérfræðingur ber sönnunarbyrði um umfang og eðli verksins sem honum er falið að leysa. Sé sönnunarbyrði snúið við yrði það einungis gert í sérstökum tilfellum líkt og ef sérfræðingur er falið að sinna tilteknu árangursmiðuðu verkefni og sökum aðstæðna er ómögulegt að kynna sér allar aðstæður til framkvæmdar verkefnisins. Þá kynni tjónþoli að njóta vafans varðandi sönnunarbyrði tjónsins.¹⁴

¹⁴ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 177.

Heilt á litið teljast stjórnendur ekki til sérstakrar fagstéttar og því gilda ekki nein tiltekin lög um störf þeirra og ábyrgð. Ef á hinn bóginn er litið til þróunar undanfarinna áratuga hefur svið sérfræðiábyrgðar farið ört vaxandi. Hefur því töluvert slaknað á þeim skilyrðum sem aðilar þurfa að uppfylla til að lúta ábyrgð samkvæmt því. Til viðbótar fagstéttum sem sérstaklega eru tilgreindar í lögum tekur sérfræðiábyrgð nú einnig til aðila sem nýta menntun sína og starfsþjálfun sem grundvöll þjónustu sinnar. Þá er ekki gerður áskilnaður um sérstakt stig færni eða sérþekkingar, heldur er látið við sitja að viðkomandi titli sig sem sérfræðing og að sú þjónusta sem hann veitir sé seld eða nýtt á þeirri forsendu sem hann auglýsir. Í dönskum dómi, *Ufr. 1996, bls. 1288*, var til að mynda dönsk vinnumiðlunarskrifstofa talin skaðabótaskyld vegna ranglátrar ráðgjafar starfsmanns síns til umsækjanda um atvinnu. Þessu til viðbótar skal á það minnst að einu gildir hvort sérfræðingur heimti þóknun fyrir störf sín eður ei og hefur það því ekki áhrif á sakarmatið gagnvart honum ef tjón skyldi verða.

Nýleg sjónarmið í réttarframkvæmd birtast meðal annars í kjölfar mála efnahagshrunsins. Í *Hrd. 26. september 2012 (472/2012)* fór stefnandi málsins fram á greiðslu bóta úr hendi slitabús Glitnis vegna ráðgjafar starfsmanna þess um kaup á tilteknum skuldabréfum. Um ábyrgð starfsmanna stefnda segir meðal annars:

Varnaraðili er fjármálafyrirtæki með mikla þekkingu á viðskiptum með verðbréf og ber sem slíkur ríka ábyrgð gagnvart skjólstæðingum sínum, eins og aðrir sérfróðir aðilar, sem taka að sér gegn gjaldi ýmiss konar sérfræðiþjónustu í skjóli opinbers starfsleyfis. Á varnaraðila hvíla ríkar lagaskyldur um að gæta í hvívetna hagsmuna viðskiptavina sinna. Auk þess var hann skuldbundinn samkvæmt samningi til þess að selja ekki sóknaraðila óskráð verðbréf eins og skuldabréfið, sem um ræðir. Við mat á saknæmi verður því beitt ströngu sakarmati, eins og beinlínis er tekið fram í skýringum í athugasemdum sem fylgdu 3. gr. frumvarps þess er síðar varð að lögum nr. 33/2003. Verður samkvæmt framansögðu slegið föstu að háttsemi varnaraðila í aðdraganda viðskipta aðila hafi verið bæði saknæm og ólögmat og skortur á upplýsingum og viðvörunum hafi orðið til þess að kaupin gerðust, sem síðar leiddu til tjóns fyrir sóknaraðila.

Hér tekur dómurinn skýrt fram að vegna sérþekkingar sinnar hafi umrætt fjármálafyrirtæki borið ríka ábyrgð gagnvart skjólstæðingi sínum eins og aðrir sérfróðir aðilar sem taka að sér, gegn gjaldi, ýmiss konar sérfræðiþjónustu í skjóli opinbers starfsleyfis. Með vísan til þess sem að framan er rakið og þeirrar staðreyndar að sérfræðiábyrgð er ekki einungis talin eiga við um lögformlega viðurkenndar starfstéttir má ganga út frá því að vegna eðlis starfa sinna teljist stjórnendur til sérfræðinga sem lúta skuli ströngu sakarmati sakarreglunnar.

Að lokum skal á það minnst að sérfræðingum er engu að síður heimilt að semja sig undan ábyrgð samkvæmt meginreglunni um sammingsfrelsi þrátt fyrir hið stranga sakarmat. Í slíkum tilfellum er þó einungis hægt að semja sig undan ábyrgð gagnvart aðilum sammingsins, en ekki

gagnvart þriðja aðila sem kann að verða fyrir tjóni. Þó kunna sett lög að takmarka slíkt sammingsfrelsi ef um ófrávíkjanleg ákvæði er að ræða. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að viðsemjandi geri sér grein á hverju takmörkun ábyrgðarinnar felist í og samþykki hana heils hugar.

4.3 Takmarkanir á skaðabótaábyrgð starfsmanna

Velta má fyrir sér hvort stjórnandi samkvæmt skilningi stjórnendaábyrgðartrygginga geti talist starfsmaður og háttsemi hans lúti þar af leiðandi takmarkaðri ábyrgð samkvæmt reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Reglan felur í sér að valdi starfsmaður tjóni með saknæmum hætti við framkvæmd starfs síns beri vinnuveitandi ábyrgð. Ekki er gerður áskilnaður um að vinnuveitandi hafi einnig sýnt af sér saknæma háttsemi. Er því um víðtæka bótareglu að ræða.

Rökin fyrir reglunni eru þau að vinnuveitandinn stendur fyrir starfseminni og ákveður framkvæmd hennar. Þá getur vinnuveitandinn einnig tryggt sig gagnvart skakkaföllum sem kunna að hljóttast af starfsemi hans og stendur að öðru leyti betur að vígi gagnvart fjárhagstapi umfram almennan starfsmann. Í ljósi þess má benda á að tjónþoli hefur meiri líkur á því að fá fullnustu kröfu sinnar geti hann höfðað mál á hendur vinnuveitanda fremur en starfsmanni.¹⁵

Við afmörkun á því hvort reglan um vinnuveitendaábyrgð eigi við og að hve miklu leyti hún tekur til háttsemi starfsmanna ber einkum að líta til eftirfarandi atriða:

Í fyrsta lagi þarf að skera úr um hvort viðkomandi aðili geti talist starfsmaður samkvæmt reglunni. Vinnusambönd geta verið af margvíslegum toga og sérstök formskilyrði þurfa ekki að gilda um sambandið svo reglan um vinnuveitendaábyrgð eigi við. Hér falla því undir hefðbundin vinnusambönd sem staðfest eru með ráðningarsamningi milli vinnuveitanda og starfsmanns sem þiggur laun fyrir störf sín og verktaka þar sem viðkomandi aðili hefur verið fenginn til að inna af hendi eitt verk eða fleiri. Þá er greiðsla þóknunar ekki skilyrði fyrir því að um vinnusamband sé að ræða. Undir regluna geta þar af leiðandi fallið störf sem unnin eru í þágu íþróttá- eða góðgerðarfélaganna. Nær undantekningalaust gildir þó það skilyrði að einhvers konar beiðni þarf að koma frá vinnuveitanda, eða þess sem boðvaldi veldur, um að verk eða þjónusta sé innt af hendi.

Í öðru lagi ber að athuga hvort háttsemi starfsmannsins falli sannanlega undir beiðni vinnuveitandans um framkvæmd starfsins. Þrátt fyrir að starfsmaður hafi valdið tjóni er ekki

¹⁵ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaéttur I*, bls. 264.

algilt að vinnuveitandinn beri ábyrgð á því. Fyrir það fyrsta þarf tjóni að hafa verið valdið með sagnæmum hætti. Að öðru leyti eru gerðar kröfur um að hin skaðlega háttsemi starfsmanns sé tengd starfinu, en við mat á því ber að líta til atvika hverju sinni.

Af íslenskri dómaframkvæmd má ráða að tjóni þurfi ekki endilega að hafa verið valdið við framkvæmd starfsins, en á hinn bóginn skuli það vera í eðlilegum tengslum við það. Hér má nefna dóm *Hrd. 1962, bls. 74*, þar sem starfsmenn frystihúss tókust á um tiltekna vatnsslöngu til að hreinsa flökunarborð sitt:

Í átökunum hóf annar þeirra að skera á slönguna með flökunarhníf, en þá lenti hnífurinn í úlnið hins. Í skaðabótamáli var deilt um það hvort verkstjórn hafi verið ábótavant og hvort talið yrði að vinnuveitandi skyldi bera ábyrgð vegna þess tjóns sem af slysinu hlaut. Komist var að þeirri niðurstöðu að háttsemi starfsmanna hefði verið svo fjarlæg starfi þeirra að vinnuveitandi gæti ekki borið ábyrgð.

Þrátt fyrir að háttsemin hafi átt sér stað á vinnutíma var komist að þeirri niðurstöðu að hún hefði verið svo fjarlæg starfi þeirra að ekki væri hægt að fella ábyrgð á vinnuveitandann.

Ef litið er til athafna stjórnenda við störf sín og hvort vinnuveitandi beri ábyrgð á þeim gefa eftirfarandi dómur vísbendingu um það. Í *Hrd. 9. október 2014 (46/2014)* var deilt um það hvort sú háttsemi skólastjóra, að afhenda ríkissaksóknara tiltekna dagbók, sem honum hafði áskotnast vegna starfa sinna, vegna rannsóknar á tilteknu sakamáli á hendur maka sínum, teldist forsvaranlegt. Þá var einnig deilt um það hvort sveitarfélagið kynni að bera ábyrgð á háttsemi skólastjórans þar sem afhending dagbókarinnar fór fram í skjóli starfa hennar. Forsaga málsins er sú að nemandi nokkur sótti fund á vegum forvarnarsamtaka. Við lok fundarins ræddi nemandinn einslega við fyrirlesara fundarins og deildi með honum ýmsum persónulegum upplýsingum. Í kjölfar þessa fékk fyrirlesarinn heimild nemandans til að senda athugasemdir sínar til fræðslustjóra skólans, en þær voru hins vegar sendar til skólastjórans.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að skólastjórinn hefði með háttsemi sinni farið gegn þagnar- og trúnaðarskyldu sinni skv. 2. mgr. 12. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Á hinn bóginn var vinnuveitandi hennar sýknaður á þeim grundvelli að háttsemi skólastjórans tengdist ekki á neinn hátt atvinnu hans. Dómendur voru ekki á eitt sáttir hvort sýkna bæri sveitarfélagið. Í sératkvæði kom m.a. fram:

Að undangengnum samskiptum við D var stefndu B send dagbók áfrýjanda vegna stöðu sinnar sem skólastjóra [...]skóla og opnaði hún dagbókina í kjölfarið. Tengdist því háttsemi stefndu B með sínum hætti stjórnunarathöfunum hennar. Af þeirri ástæðu tel ég að stefndi C eigi jafnframt að bera bótaábyrgð á miska áfrýjanda á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

Leitað var til skólastjórans varðandi afhendingu umræddra upplýsinga þar sem gert var ráð fyrir að hann kæmi þeim til skila á viðeigandi stað. Þar af leiðandi hefði honum ekki áskotnast upplýsingarnar nema vegna starfa sinna. Eins og kom fram voru dómendur ekki sammála um þetta og virðist meðferð upplýsinganna ráða niðurstöðu dómsins frekar en hvernig uppruni þeirra var.

Önnur niðurstaða lá fyrir í máli *Hrd. 18. september 2014 (64/2014)* þar sem grunnskólakennari nokkur fór fram á greiðslu miskabóta vegna eineltis í sinn garð af hendi skólastjóra skólans.

Fólst háttsemi skólastjórans meðal annars í ítrekuðum niðurskurði á störfum kennarans og niðrandi framkomu. Fallist var á málsástæður kennarans varðandi eineltið en deilt var um hvort sveitarfélagið teldist einnig ábyrgt athafna skólastjórans á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Fram kemur í dómnum:

Sú háttsemi (PJ), sem (G) viðurkennir að hafa falið í sér einelti, var viðhöfð í starfi hans við Grunnskóla Grindavíkur. Háttsemin var að mestu leyti hluti stjórnunarathafna skólastjóra og átti meðal annars rót sína að rekja til krafna (G) um að hann skæri niður yfirvinnu og aukastörf kennara svo hagræða mætti rekstri skólans. Önnur háttsemi (PJ) sem tiltekin er í skýrslu sálfræðinganna, sem (G) telur að leggja beri til grundvallar, er svo nátengd starfi hans að (G) sem vinnuveitandi ber ábyrgð á henni, þótt hún kunni að falla utan beinna starfsskyldna skólastjóra.

Þar sem háttsemi skólastjórans í garð kennarans fólst m.a. í því að framfylgja leiðbeiningum vinnuveitanda síns um niðurskurð yfirvinnu og aukastarfa var komist að þeirri niðurstöðu að vinnuveitandi bæri ábyrgð.

Í þriðja lagi kemur til álita hver skuli bera vinnuveitendaábyrgð og hvernig vinnu- eða verksambandi milli aðila sé háttað. Sjaldnast er ágreiningur um þetta atriði en á þetta kann þó að reyna ef fleiri en einn vinnuveitandi koma til greina til dæmis þar sem verktaka er falið að innna af hendi tiltekið verk og ræður sér til aðstoðar aðra verktaka, svokallaða undirverktaka.

Í fjórða lagi gildir reglan um vinnuveitendaábyrgð á ýmsum sérsviðum á borð við starfsemi hins opinbera, lögmanna og útgerðarmanna, svo fátt eitt sé nefnt. Varðandi starfsemi hins opinbera skal þó áréttað að reglan gildir að mestu leyti um einkaréttarlega starfsemi þess en almennt ekki um starfsemi stjórnsýslunnar líkt og afgreiðslu erinda, leyfa og fleira.¹⁶

Í fimmta lagi skal það áréttað að þrátt fyrir að reglan um vinnuveitendaábyrgð taki til þess tjóns sem starfsmaður olli er ekki þar með sagt að hann sé undanskilinn ábyrgð að öllu leyti. Vinnuveitandi getur þar af leiðandi átt endurkröfu á hendur starfsmanni sínum vegna bóta sem

¹⁶ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 266.

greiddar hafa verið til tjónþola, að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti, sbr. 1. mgr. 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 (hér eftir skammstafað skbl.).¹⁷ Í 2. mgr. 23. gr. skbl. segir að skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola megi skerða eða fella niður ef það verður talið sanngjarnt þegar litið er til atvika sem getið er í 1. mgr. og hagsmuna tjónþola. Hafi starfsmaður greitt bætur getur hann krafist þeirra úr hendi vinnuveitanda að því marki sem bótaábyrgð hvílir endanlega á vinnuveitanda eftir 1. mgr. Þá kemur fram í 3. mgr. 19. gr. sömu laga að hafi starfsmaður valdið tjóni sem munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til er starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis. Til viðbótar skal það einnig áréttað að í sumum tilvikum getur það verið til hagsbóta fyrir tjónþola að geta gengið að starfsmanni til greiðslu bóta, til dæmis ef vinnuveitandi hans eða félag hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

Í sjötta lagi kemur til álita hvort sú háttsemi starfsmanns að fara út fyrir stöðuumboð sitt geti leitt til ábyrgðar vinnuveitanda hans. Líkt og síðar verður komið að í kafla 5.2 þessarar ritgerðar, um tegundir stjórnarmanna og stjórnenda, er þeim falin víðtæk heimild til athafna í skjóli umboðs síns. Það umboð sem starfsmönnum er almennt veitt kallast stöðuumboð. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (hér eftir skammstafað sml.) felst það í heimild manns á grundvelli samnings til þess að reka erindi annars manns innan vissra marka. Fari starfsmaður út fyrir umboð sitt með samningagerð verður vinnuveitandi ekki skuldbundinn samkvæmt þeim samningi. Á hinn bóginn getur hann orðið skaðabótaskyldur gagnvart samningsaðila vegna þessa. Því vaknar sú spurning hvort vinnuveitandi kunni að bera skaðabótaábyrgð vegna háttsemi starfsmanns þrátt fyrir að vera ekki skuldbundinn þeim samningi sem starfsmaðurinn gerði. Í 25. gr. sml. er meðal annars kveðið á um skyldu umboðsmanns að sýna fram á heimildir umboðs síns. Er hann því ábyrgur þess tjóns sem hann kann að valda þriðja manni vegna ónæggra heimilda. Hefur því almennt verið gengið út frá því að réttindi þriðja aðila séu nægilega tryggð samkvæmt því og vinnuveitandi þar af leiðandi ekki ábyrgur fyrir ætluðu tjóni. Hins vegar er ekki hægt að líta fram hjá skaðabótaskyldu vinnuveitanda ef starfsmaður hans í skjóli ólögmeats umboðs síns hefur aflað vinnuveitanda ótilhlýðilegs ávinnings.¹⁸

¹⁷ Frumvarp með skbl.

¹⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 294-295.

Að þessu virtu má ráða að framangreind umfjöllun um regluna um vinnuveitendaábyrgð og dóma er nokkuð misvísandi. Starfsmaður þarf ekki að hafa viðhaft háttsemi sína í beinum tengslum við starf sitt, en þó ber að skilja regluna þannig að einhver tenging þurfi að vera fyrir hendi. Líta ber því til atvika hverju sinni. Með vísan til umfjöllunarefnis ritgerðarinnar um stjórnarmenn og stjórnendur má telja að um samband framkvæmdastjóra og annarra fyrirvarsmanna sem koma fram fyrir hönd félagsins, taka ákvarðanir og skuldbinda það í skjóli umboðs síns gildi vinnusamband af einhverju tagi. Í dómi *Hérd. Rvk. 25. apríl 2016 (E-2942/2014)* var sérstaklega litið til skilyrða skaðabótaábyrgðar og þeirra reglna sem beita skyldi varðandi háttsemi fyrrum stjórnenda lífeyrissjóðsins Lífsverks sem talið var að hefði leitt til verulegs tjóns fyrir félagið. Þar var því slegið föstu að beita skyldi áðurnefndri sakarreglu um sakarmatið en ekki reglunni um vinnuveitendaábyrgð.

Með vísan til þessa er gengið út frá þeirri nálgun að starf stjórnenda og stjórnarmanna fyrir hönd félags síns þar sem teknar eru ákvarðanir varðandi skuldbindingar og stefnumörkun þess, hvort heldur út á við eða inn á við, feli í sér víðtækari ábyrgð en leiðir af reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Beita skal því sakarreglunni við sakarmatið. Hins vegar varðandi störf framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda kann reglan um vinnuveitendaábyrgð að gilda varðandi ráðstafanir þeirra í daglegum rekstri. Þarf þá að fara fram sjálfstætt mat á aðstæðum líkt og áður greinir.

5 Hvað eru stjórnendaábyrgðartryggingar?

5.1 Almenn

Öll fyrirtæki tryggja sig gagnvart ýmiss konar ófyrirséðum atburðum. Hvort sem það eru eignatryggingar, farmtryggingar eða slysatryggingar starfsmanna. Stjórnendaábyrgðartryggingar eru ákveðin viðbót í þá flóru en þær eru teknar til tryggingar stjórnendum og yfirmönnum fyrirtækja í því skyni að vernda þá gegn fjárhagslegum skaða sem kann að leiða af starfi þeirra í þágu fyrirtækisins. Meginmunurinn á slíkum tryggingum og hefðbundnari tryggingum í fyrirtækjarekstri er að hinn váttryggði þarf sjálfur að taka til varna gegn ásökunum á hendur sér. Almenn framkvæmd væri að tryggingafélagið tæki til varna fyrir hinn váttryggða að því marki sem gildi tryggingarinnar næði til.

Að vissu leyti veita tryggingarnar stjórnendum öryggi til að sinna störfum sínum án þess að þurfa að hafa áhyggjur af persónulegum fjárhagsskaða. Þá eru tryggingarnar sjálfstæðar gagnvart hinum váttryggða sem getur komið sér vel ef viðkomandi félag yrði ógjaldfært en kröfur á hendur stjórnendum lægju engu að síður fyrir. Að öðru leyti kemur tryggingin einnig til verndar fjárhag félaganna þar sem hægt er að leggja kröfu á hendur félaginu sjálfu óháð stjórnanda þess.¹⁹ Nánar skal vikið að kostum og göllum trygginganna í 8. kafla þessarar ritgerðar.

Tryggingin gerir ráð fyrir mismunandi tegundum verndar. Er þá talað um að í henni felist vernd samkvæmt ákveðnum hliðum sbr. ákvæði 1. kafla skilmála váttryggingamiðlunarinnar Howden sem Váttryggingafélag Íslands byggir m.a. stjórnendaábyrgðartryggingar sínar á:

INSURING CLAUSE A: INSURED PERSONS LIABILITY COVER

The INSURER will pay on behalf of the INSURED PERSONS all LOSS reasonably incurred by or on behalf of INSURED PERSONS arising out of a CLAIM for a WRONGFUL ACT except when and to the extent that the COMPANY has indemnified the INSURED PERSONS for such LOSS

INSURING CLAUSE B: COMPANY REIMBURSEMENT COVER

The INSURER will pay on behalf of the COMPANY all LOSS reasonably incurred by or on behalf of the INSURED PERSONS arising out of a CLAIM for a WRONGFUL ACT for which and to the extent that the COMPANY has indemnified the INSURED PERSONS for such LOSS

INSURING CLAUSE C: INVESTIGATIONS COVER

The INSURER will pay on behalf of the INSURED PERSONS, or the COMPANY in the event that the COMPANY has indemnified the INSURED PERSONS, all LOSS reasonably incurred by or on behalf of the INSURED PERSONS in respect of INVESTIGATIONS

INSURING CLAUSE D: ENTITY COVER FOR SECURITIES CLAIMS

The INSURER will pay on behalf of the COMPANY all LOSS reasonably incurred by or on behalf of the COMPANY arising out of a SECURITIES CLAIM for a WRONGFUL ACT

Váttryggingarskilmálar Howden kveða þannig á um fjórar mismunandi hliðar, þ.e. hlið A, B, C og D. Hver hlið kveður á um greiðslu bóta við tiltekin atvik. Þannig felur vernd samkvæmt hlið A í sér greiðslu bóta vegna kröfu sem er til komin vegna óréttmætra aðgerða stjórnanda (e. wrongful act). Vernd eftir hlið B felur í sér greiðslu bóta til félags stjórnandans hafi félagið staðið straum af kostnaði vegna málaferla stjórnanda hingað til. Hlið C leiðir til verndar gagnvart stjórnanda eða félagi hans, ef það hefur greitt kostnað stjórnanda, sæti hvor þeirra rannsóknum á starfsemi sinni. Er hér átt við rannsóknir opinberra eftirlitsaðila á borð við Fjármálaeftirlitið, rannsóknarlögreglu, skattrannsóknarstjóra og aðra aðila sem í skjóli

¹⁹ Joseph P. Monteleone, Carrie E. Cope: *Directors' and officers' (D&O) liability*, bls. 3-4.

valdheimilda sinna er falið eftirlitshlutverk. Að lokum tekur vernd samkvæmt hlið D til krafna vegna verðbréfa sem höfðað er gagnvart félaginu sjálfu en ekki stjórnanda þess. Með tilliti til þessa getur váttryggingartaki þannig óskað verndar samkvæmt öllum hliðum eða jafnvel bara einni þeirra. Ef um félag er að ræða er oftast óskað verndar allra hliða, en óski stjórnandi verndar dugar honum að njóta verndar samkvæmt hlið A.

Samkvæmt fyrirspurn höfundar til váttryggingafélagsins Sjóvár fer tilboðsgerð til stjórnendaábyrgðartrygginga þannig fram að váttryggingafélagið þarf fyrst að afla nauðsynlegra upplýsinga um eðli og umfang rekstursins. Við lok mats á fram komnum upplýsingum leitar hið innlenda váttryggingafélag til endurváttryggjanda sem gerir váttryggingafélaginu tilboð sem alla jafna felur í sér vernd samkvæmt þremur váttryggingarfjárhæðum sem hann er samþykkur að endurtryggja viðkomandi váttryggingafélag gegn. Því næst getur váttryggingafélagið gert fyrirhuguðum váttryggingartaka tilboð í trygginguna.

Í næstu köflum verður nánar vikið að þeim áhættum sem váttryggt er gegn, hvaða aðilar falla undir váttrygginguna, gildistíma og mögulegum viðbótartryggingum samhliða stjórnendaábyrgðartryggingum.

5.2 Aðilar sem falla undir váttrygginguna

Ábyrgð og hlutverk stjórnenda er margþætt. Þeir taka stefnumarkandi ákvarðanir í þágu fyrirtækisins og bera ábyrgð á útfærslu þeirra í framkvæmd. Við ákvarðanatöku sína þarf stjórnandi ekki einungis að hafa hagsmuni fyrirtækisins í huga heldur einnig hagsmuni hluthafa þess auk annarra hagsmunaaðila. Stjórnendum er skylt að halda hluthöfum sínum upplýstum, en aftur á móti kann sú staða að koma upp að slíkt geti haft neikvæð áhrif á fyrirtækið. Því getur verið vandasamt að upplýsa hlutaðeigandi að fullu, en það getur leitt til ágreinings um ákvarðanir stjórnenda.²⁰

Af orðanna hljóðan kann að virðast einfalt að skilgreina hvaða aðilar skuli falla undir stjórnendaábyrgðartryggingar. Almennt er raunin hins vegar sú að í stórum og meðalstórum félögum eru margir aðilar sem koma til greina sem stjórnendur af einhverju tagi. Tilgangur stjórnendaábyrgðartrygginga er, líkt og áður greinir, að vernda þá stjórnendur sem líklegastir

²⁰ Charles A. Anderson and Robert N. Anthony: *The new corporate directors – Insights for board members & executives*, bls. 35.

eru til þess að vera ábyrgir gjörða sinna út á við.²¹ Með þann tilgang að leiðarljósi má þrengja rammann örlítið gagnvart þeim stjórnendum sem kunna að falla undir trygginguna.

Mikilvægt er að hafa það hugfast að stjórnendur eru ekki endilega titlaðir sem slíkir. Ábyrgð tiltekinnar stöðu innan félags kann að reynast meiri en við fyrstu sýn og í sumum tilvikum er stjórnandinn einfaldlega ekki sýnilegur.²²

Ef litið er til áður nefndra skilmála stjórnendaábyrgðartrygginga Howden varðandi skilgreiningu á hugtakinu „insured person“ kemur eftirfarandi fram:

“INSURED PERSON(S)” shall mean any natural person who has, now is or becomes during the POLICY PERIOD:

- (i) a director, including any NON-EXECUTIVE DIRECTOR or de facto director, officer, general manager or manager including a General Counsel or Risk Manager of a COMPANY (or equivalent position in any jurisdiction);
- (ii) a member of any internal committee including but not limited to compliance committee, audit committee, and remuneration committee;
- (iii) a shadow director of any COMPANY or OUTSIDE ENTITY as defined in Section 251 of the Companies Act 2006 (UK) or similar legislation in any other jurisdiction;
- (iv) a person acting for a COMPANY who is recognised or appointed as an approved or authorised person by any regulatory authority or requirement;
- (v) an OUTSIDE DIRECTOR
- (vi) any EMPLOYEE, including an EMPLOYEE acting as a lawyer for and on behalf of any COMPANY;
- (vii) any prospective director or officer in any listing particulars, prospectus, circular or similar document issued by any COMPANY

In addition, a cover is extended to apply to the following persons and entities but only to the extent that they are involved in a CLAIM or INVESTIGATION covered hereunder:

1. the estates, heirs, legal representatives or assigns of any INSURED PERSON in the event of the INSURED PERSON's death, incapacity, insolvency or bankruptcy;
2. any person involved in a CLAIM or INVESTIGATION by reason of their status as a lawful spouse or domestic partner (including same sex partner) of an INSURED PERSON and their ownership or interest in property which is sought as recovery in a CLAIM or INVESTIGATION.

Orðalag ákvæðisins er mjög víðtækt og tekur ekki einungis til hefðbundinna stjórnenda heldur einnig fyrrum stjórnenda, tilvonandi stjórnenda auk tengdra aðila þeirra á borð við maka, erfingja og lögmenn í fyrirsvari þeirra. Engu að síður er nauðsynlegt að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort stjórnandi njóti verndar samkvæmt skilmálum tryggingarinnar, enda er það einn liður í mati á skilyrðum skaðabótaábyrgðar. Verður nú vikið að helstu tegundum stjórnenda innan félaga og fyrirtækja og að hvaða leyti háttsemi þeirra getur verið talin þeim til ábyrgðar.

²¹ Ian Youngman: *Director's and officers liability insurance: a guide to international practice*, bls. 4.

²² Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 43.

5.2.1 De Jure og De Facto stjórnendur

Svokallaðir „De Jure“, lögformlega viðurkenndir, stjórnendur eru aðilar sem skipaðir hafa verið til að stjórna félagi og skipun þeirra fer fram samkvæmt samþykktum félagsins að viðbættum hæfisskilyrðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög eða annarra sérlaga, ef þeim er að skipta, varðandi stöðuna. Stjórnandinn hefur þannig hlotið formlega skipun og hefur gengist við henni án mótmæla. Dæmi um stjórnanda sem þarf að lúta framangreindum skilyrðum er stjórnandi fjármálafyrirtækis sem þarf bæði að lúta hæfisskilyrðum samþykktu laga um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þar sem meðal annars er áskilið fjárhagslegt sjálfstæði, reynsla og þekking á umræddu sviði eða að hafa lagt stund á nám sem nýtist viðkomandi í starfi.

„De facto“, raunverulegir, stjórnendur eru hins vegar aðilar sem haga sér líkt og stjórnendur án formlegrar tilskipunar. Í ljósi stöðu sinnar hefur viðkomandi á einhverjum tíma tekið að sér ábyrgð eða verkefni án íhlutunar annarra stjórnanda, yfirmanna eða starfsmanna en almennt yrði sú háttsemi talin falla undir hlutverk hefðbundins stjórnanda. Einnig getur verið um fleiri en einn aðila að ræða sem í sameiningu hafa tekið að sér stjórn félags með óformlegum hætti. Hins vegar er ekki nóg að aðili láti sig varða rekstur fyrirtækisins eða taki að sér einstaka ákvarðanir til þess að teljast stjórnandi. Þá þarf viðkomandi ekki að hafa hátt um það að vera titlaður sem stjórnandi heldur dugar að aðrir stjórnendur eða starfsmenn viðurkenni hann sem slíkan.

Ef vafi leikur á því hvort ætlaður stjórnandi teljist hafa innt af hendi athafnir sem telja má til hlutverka stjórnanda ber til dæmis að líta til atriða á borð við hvort hann hafi verið eini aðilinn sem stjórnaði félaginu eða hvort hann hafi samhliða formlega skipuðum stjórnanda tekið að sér sams konar athafnir fyrir félagið. Komi til ágreinings um hvort athafnir hins ætlaða stjórnanda teljist falla undir hefðbundin störf formlega skipaðs stjórnanda, de facto, skal hann engu að síður fá að njóta vafans í þeim efnum.²³

Ef draga á viðkomandi aðila til ábyrgðar vegna athafna sinna sem stjórnanda þarf því fyrst að sýna fram á að hlutverk hans innan félagsins feli í sér stjórnunarstörf og að hann hafi gegnt þeim hvort heldur, með eða án formlegrar skipunar.

²³ Caroline M. Hague: Directors: *De Jure, De Facto, or Shadow*, bls. 306-307.

5.2.2 Stjórnarmenn

Stjórn félaga er í höndum framkvæmdastjóra og félagsstjórnar, sbr. 1. mgr. 68. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 (hér eftir skammstafað hl.). Gera þarf greinarmun á stjórnarmönnum annars vegar og stjórnendum hins vegar en hlutverk þeirra er að mörgu leyti ólíkt. Stjórnarmenn sitja í stjórn félaga og taka stefnumarkandi ákvarðanir um starfshætti og verklag þess. Stjórnendur sinna daglegum rekstri félagsins, en nánar verður vikið að hlutverki þeirra í kafla 5.2.4.

Stjórnarmenn kjósa sér einn formann samkvæmt 1. mgr. 70. gr. hl. Stjórnarformaður hefur það hlutverk að samræma og skipuleggja starfshætti stjórnarinnar. Nánari útlitun á hlutverkum stjórnarmanna er meðal annars að finna í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands. Samkvæmt leiðbeiningunum fara þeir með æðsta vald innan félagsins milli hluthafafunda. Beinast stjórnarhættir þeirra að stefnumörkun innan félagsins sem utan. Þá er stjórnarmönnum falið eftirlit með störfum daglegra stjórnenda, innviðum og frammistöðu félagsins almennt. Einnig ber þeim að halda uppi hagsmunum hluthafa félagsins.²⁴

Hefur félagsstjórn því víðtækar heimildir til að ráðstafa hagsmunum félagsins, t.d. með ritun firma þess skv. 1. mgr. 74. gr. hl. Ritun firma felst í heimild til þess að koma fram fyrir hönd félagsins og skuldbinda það t.d. með undirritun löggerninga, samkomulags eða samskipta við stjórnvöld og aðra aðila er mál félagsins kunna að varða. Einnig hvað varðar prókúruumboð, en í því felst heimild til að ganga að viðskiptalegum samningum. Í prókúruumboði felst öllu takmarkaðri heimild heldur en ritun firma en aftur á móti er hún ótímabundin þar til hún er afturkölluð.²⁵

Að þessu virtu er ljóst að stjórnarmenn bera mikla ábyrgð gagnvart félagi sínu og teljast því falla undir skilyrði hugtaksins „Insured Persons“ samkvæmt skilmálum stjórnendaábyrgðartrygginga.

5.2.3 Framkvæmdastjórar

Framkvæmdastjórinn kemur fram fyrir hönd félagsins samkvæmt boðvaldi félagsstjórnar, þ.e. stjórnarmanna. Starfssamband hans við félagið felst almennt ekki í kosningu heldur byggist

²⁴ „Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“, <http://www.leidbeiningar.is>

²⁵ Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélagaréttur*, bls. 314-316.

það á grundvelli ráðningarsamnings. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. hl. er framkvæmdastjóra falinn daglegur rekstur félagsins.

Sérstaklega er tekið fram að hinn daglegi rekstur taki ekki til ráðstafana sem taldar eru óvenjulegar eða mikils háttar. Í ljósi þessa getur eðlilega verið mismunandi eftir starfsemi félagsins hvað teljist til slíkra ráðstafana. Dæmi um slíkar ráðstafanir væru löggerningar gerðir til lengri tíma er varða annað hvort fjárhagslega hagsmuni fyrir félagið eða skuldbindingar af öðru tagi. Myndu umræddar ráðstafanir almennt falla undir valdsvið stjórnarinnar í heild sinni, sbr. *Hérd. Rvk. 25. apríl 2016 (E-2942/2014)* í máli Lífsverks Lífeyrissjóðs þar sem talið var að stjórnendum hefði ekki verið heimilt á eigin spýtur að fjárfesta í tilteknum skuldabréfum án samráðs við félagsstjórn, en nánar verður vikið að þessum dómi síðar. Hins vegar getur stjórn félags falið framkvæmdastjóra þess víðtækara vald en leiðir af ákvæðum hlutafélagalaga á grundvelli samþykktu félagsins. Er stjórninni þó ekki heimilt að framselja vald sitt með svo víðtækum hætti að það gildi um ráðstafanir sem hafa ekki enn komið fram á sjónarsviðið, þ.e. ótilgreindar ráðstafanir.²⁶

Þá er framkvæmdastjórum, félagsstjórn og öðrum fyrirsvarsmönnum félags óheimilt að ráðstafa hagsmunum félagsins með þeim hætti að það afli ákveðnum hluthöfum félagsins eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins, sbr. 1. mgr. 76. gr. hl. Dæmi um slíka háttsemi stjórnenda væri t.d. sala á hlutabréfum eigin félags til hluthafa þess undir skráðu meðalgengi þeirra í kauphöllinni. Við slíkar aðstæður er hluthöfum félagsins mismunað og hagnaður félagsins að sama skapi vegna mismunar á söluverði. Í *Hrd. 29. október 2009 (228/2009)* var meðal annars talið að sú háttsemi tiltekinna stjórnenda Glitnis banka að selja fráfarandi forstjóra hans hlutabréf undir meðalgengi bryti í bága við 1. mgr. 76. gr. hl.

Hvað fyrirkomulag og samsetningu fyrirtækja varðar geta fleiri en einn framkvæmdastjóri starfað innan veggja þess. Getur þeim til dæmis verið falin stjórn á tilteknum sviðum sem starfa hvert í sínu lagi í átt að sameiginlegum markmiðum fyrirtækisins. Þá getur framkvæmdastjórum einnig verið fengið afmarkaðra hlutverk, t.d. við stefnumótun félagsins, framkvæmd fjárhagsáætlunar og áhættustýringu.²⁷ Framangreindar ráðstafanir framkvæmdastjóra geta hæglega leitt af sér tjón sem getur verið metið þeim til sakar.

²⁶ Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélagaréttur*, bls. 312.

²⁷ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 4.

5.2.4 Skuggastjórnendur

Skuggastjórnendur er ein tegund stjórnenda sem að forminu til eru ekki titlaðir sem slíkir. Felst það í orðalagi hugtaksins að um er að ræða aðila sem annað hvort kýs að vera ekki getið sem stjórnanda eða vegna stöðu sinnar hefur tekið að sér stefnumarkandi ákvarðanir án lítilla eða engra afskipta annarra hluthafa. Stjórnendur hlutafélaga bera skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem þeir kunna að valda í starfi sínu, hvort heldur vegna ásetning eða gáleysis, sbr. 1. mgr. 134. gr. hl. eða á grundvelli sakarreglunnar.

Hluthafar lúta almennt takmarkaðri ábyrgð hlutafélagalaga. Á hinn bóginn kann hluthafi að bera ábyrgð samkvæmt framangreindu ákvæði ef hann tekur að sér hlutverk sem stjórnanda yrði almennt falið. Svokallaðir hluthafafundir eru eini vettvangurinn þar sem hluthöfum gefst tækifæri til að ræða framvindu félagsins og taka ákvarðanir um starfsemina. Með vísan til þessa má ganga út frá því að öll afskipti hluthafa af félaginu utan hluthafafundar feli í sér hlutverk stjórnanda og getur hann því talist ábyrgur á grundvelli áðurnefndrar 1. mgr. 134. gr. hl. Til þess að hluthafi geti talist ábyrgur samkvæmt skilyrðum laga um hlutafélög eða á grundvelli stjórnendaábyrgðartrygginga þarf tjónþoli að sýna fram á að viðkomandi hafi viðhaft þá háttsemi sem honum er gerð að sök.

Við mat á slíku þyrfti viðkomandi að sýna fram á hverjir hinir raunverulegu stjórnendur félagsins eru, hvort heldur formlega skipaðir (de facto) eða óformlega (de jure). Þá þyrfti hann að staðreyna þá kenningu að hinn ætlaði skuggastjórnandi hafi sannanlega staðið á bak við háttsemi stjórnenda félagsins og enn fremur sýna fram á að slík framkvæmd hafi almennt verið viðurkennd af sitjandi stjórnendum án lítilla eða engra afskipta til lengri tíma litið.²⁸

5.2.5 Skiptastjórar og slitastjórnir

Hér á landi eru skiptastjórar skipaðir af héraðsdómara í kjölfar úrskurðar um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Með slíkri skipan er skiptastjóra fengin yfirráð yfir þrotabúinu og er honum falin ábyrgð og umsjón með skiptum á eignum og réttindum þess. Sams konar hlutverki gegna slitastjórnir sem eru sérstaklega skipaðar við slit fjármálafyrirtækja skv. 1. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Skiptastjórum og slitastjórnnum er þannig falin stjórn yfir þrotabúum og eru á grundvelli þess ábyrgir gjörða sinna gagnvart þeim er athafnir þeirra snerta. Við slit stórra fyrirtækja og

²⁸ Caroline M. Hague: *Directors: De Jure, De Facto, or Shadow*, bls. 307-308.

fjármálafyrirtækja er algengt að stjórnarmeðlimir slitastjórna heyri undir stjórnendaábyrgðartryggingar, sbr. stjórnendur slitastjórna Kaupþings banka sem nánar verður vikið að síðar.

5.2.6 Fyrrum stjórnendur

Fyrrum stjórnendur geta einnig sætt ábyrgð og getur ábyrgðin jafnvel náð yfir lifanda líf, en þá tekur þrotabú við mögulegum eftirmálum. Líkt og um allar tryggingar er stjórnendaábyrgðartryggingum settur ákveðinn gildistími. Algengt er að tryggingin sé látin taka til fyrrum stjórnenda til ákveðins tíma eftir starfslok. Hér geta komið upp ýmis álitaefni tengd skilmálum ábyrgðartrygginga og hvernig starfslok stjórnenda eru til komin, sbr. *Hrd. 13. febrúar 2014 (481/2013)*, Lárus Welding o.fl. gegn Tryggingamiðstöðinni, en þar deildu aðilar meðal annars um hvaða merking skyldi lögð í orðin „who retired“ og hvort fyrrum stjórnendur Glitnis gætu fallið undir nýja stjórnendaábyrgðartryggingu sem þrotabú Glitnis tók fyrir stjórnendur sína. Nánar verður vikið að þessum dómi síðar.

5.2.7 Félög sem stjórnendur

Félag er lögpersóna og getur sem slíkt tekið að sér ábyrgð og skuldbindingar. Að baki félaginu standa einstaklingar eða aðrir lögaðilar sem í krafti stöðu sinnar er fengið boðvald til athafna fyrir félagið. Með vísan til þessa er algengt að félög myndi með sér svokallaðar samstæður þar sem eitt félag, móðurfélag, fer með meirihluta hlutafjár í öðru félagi, dótturfélagi, sbr. 1. mgr. 2. gr. hl. Í slíku sambandi er móðurfélagi eðlislægt að hlutast til um starfsemi dótturfélagsins en á hinn bóginn getur félagsstjórn ekki framselt vald sitt alfarið til félagsstjórnar annars félags. Þó getur móðurfélagið haft áhrif á stjórn dótturfélagsins, til dæmis með því að fá stjórnarmenn sína kjörna einnig sem stjórnarmenn dótturfélagsins, með veitingu almennra fyrirmæla til dótturfélagsins um stjórnun þess, með því að koma á samræmdri stjórn sem beinir fyrirmælum til samstæðunnar í heild sinni eða með gerð leigusamnings við dótturfélagið um rekstur þess.²⁹ Hér er um að ræða svokallaða skuggastjórnun líkt og fjallað var um hér að framan.

Þá kemur til álita hvort móðurfélag geti borið ábyrgð á dótturfélagi samkvæmt framangreindum aðgerðum til að hafa áhrif á stjórn þess. Meginregla hlutafélagaréttar felst í

²⁹ Stefán Már Stefánsson: *Samstæður hlutafélaga*, bls. 113-114.

takmörkun ábyrgðar félagsmanna. Hins vegar ábyrgist hlutafélagið þær skuldbindingar sem það tekur sér á hendur með öllum eignum sínum. Bera því félög í samstæðu ekki ábyrgð á skuldum hvers og eins, heldur er hvert félag innan samstæðunnar sjálfstætt að því leyti. Að því virtu er þó ekkert sem hindrar að félög gangi í ábyrgð hvert fyrir annað á grundvelli samkomulags.

Um samband móðurfélags og dótturfélags gildir 2. mgr. 134. gr. hl. og getur því móðurfélag borið skaðabótaábyrgð sem hluthafi valdi það tjóni fyrir dótturfélagið með óréttmætri athöfn sinni eða ef sýnt þykir að móðurfélag fari út fyrir valdsvið sitt með stjórnun dótturfélagsins skv. 1. mgr. 134. gr. hl. líkt og að framan greindi.

Í dómi *Hrd. 4. mars 2004 (292/2003)* var talið að nán stjórnunartengsl milli þriggja tiltekinna félaga hefði leitt til óréttmætra ráðstafana á fjármunum eins þeirra til hagsbóta fyrir hin.

Forsaga málsins er sú að Protabú TL (P) fór fram á skaðabætur úr hendi TV og H þar sem talið var að fyrrnefnd félög hefðu með óréttmætum hætti rýrt eignir TL skömmu fyrir gjaldþrot. Nán stjórnunartengsl voru milli allra félaganna og var því haldið fram að þær eignir sem undan var skotið hafi verið ráðstafað til hagsbóta fyrir TV og H. Bent var á að engin lagaskilyrði hefðu staðið að bakið ráðstöfunum þessum og ekki heldur nein formleg ákvörðun samkvæmt félagsstjórn. TV var samkvæmt þessu skaðabótaskyldur gagnvart P á grundvelli 2. mgr. 108. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Gögn málsins þóttu sýna að allir þræðir hefðu verið í sömu hendi til að taka samræmda ákvörðun fyrir öll félögin í senn og að bæði TV og H hefðu haft raunveruleg yferráð yfir TL. Í sameiningu hefðu TV og H stuðlað að því að eignir dótturfélags þeirra gengju að verulegu leyti til H og um leið borið fyrir borð hagsmuni annarra kröfuhafa. Bar H skaðabótaábyrgð á tjóni sem P varð fyrir af þessum sökum. Í samræmi við þetta voru TV og H dæmd til greiðslu skaðabóta óskipt.

Hér er komist að þeirri niðurstöðu að í ljósi hinna nán stjórnartengsla félaganna og þeirra óvenjulegu ráðstafana á hagsmunum félagsins hefðu félögin TV og H í raun haft yferráð yfir félaginu TL og væru því skaðabótaábyrg gagnvart því samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 38/1994 um einkahlutafélög. Niðurstaðan er því sú að félög geta í raun hagað sér sem stjórnendur annarra félaga.

5.2.8 Samantekt

Framangreindir stjórnendur falla að mestu leyti undir gildissvið stjórnendaábyrgðartrygginga. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að líta til hvers atviks fyrir sig og meta eðli og umfang starfs viðkomandi með tilliti til þeirra heimilda sem honum eru fengnar til ákvarðanatöku fyrir hönd félagsins. Dómaframkvæmd hér á landi bendir til þess að ekki liggi sérstakur vafi á því hverjir

teljast til stjórnenda samkvæmt skilmálum stjórnendaábyrgðartrygginga, enda eru skilmálarnir nokkuð víðtækir líkt og áður hefur komið fram. Í *Hérd. Rvk. 16. apríl 2013 (E-6107/2010)* var meðal annars deilt um hugtakið stjórnandi og hvort fyrrum stjórnendur Glitnis banka hf. teldust falla undir hugtakið, en þar segir í dómnum:

Vátryggðir einstaklingar eru: „sérhver fyrri, núverandi eða síðari meðlimur skilaneftndar og slitastjórnar Glitnis banka hf., aðstoðarmaður við greiðslustöðvun, skiptastjóri, stjórnarmaður, framkvæmdastjóri, yfirmaður eða meðlimur framkvæmdastjórnar vátryggðs aðila. Sérhver fyrri, núverandi eða síðari einstaklingur sem sinnir stjórnunarstörfum fyrir utanaðkomandi aðila samkvæmt fyrirætlum vátryggðs félags.“

Komist var að þeirri niðurstöðu að stefnendur málsins teldust stjórnendur samkvæmt skilmálum eldri vátryggingarsamnings sem um þá hafði gilt. Stjórnendurnir áttu meðal annars sæti í stjórn bankans og þá gegndi einn þeirra stöðu forstjóra.

Dómur þessi snerist þó aðallega um hvort þeir teldust falla undir hugtakið „retired“ samkvæmt skilmálum nýrri vátryggingarsamnings, en nánar skal vikið að dómnum síðar. Einnig var fjallað um hugtakið stjórnandi í *Hérd. Rvk. 25. apríl 2016 (E-2942/2014)* þar sem deilt var um háttsemi fyrrum stjórnenda lífeyrissjóðsins Lífsverks og hvort hún hefði falið í sér óréttmætar aðgerðir, en í dómnum kom m.a. fram:

Af skilgreiningarkafla skilmála vátryggingarinnar („Definitions“) leiði að hugtakið „vátryggður“ (e. assured) taki í þessu sambandi til einstaklings sem hefur verið eða er eða gæti síðar orðið „stjórnandi“ (e. director) eða „yfirmaður“ (e. officer) þegar hann kom eða kemur fram fyrir hönd stefnanda. Þá er tekið fram í skilgreiningunum að „stjórnandi eða yfirmaður“ (e. director and officer) taki til stjórnanda, yfirmanns eða starfsmanns stefnanda, þ.m.t. einstaklings sem litið sé á sem stjórnanda eða yfirmann stefnanda.

Að mati dómsins var ekki talið að vafi léki á því að fyrrum stjórnendur lífeyrissjóðsins teldust slíkir samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar, enda gegndu hinir stefndu í málinu stöðu stjórnarformanns, framkvæmdastjóra, skrifstofu- og fjármálastjóra og sátu í stjórn. Virðist því liggja ljóst fyrir að hugtakið stjórnendur eða „Insured Persons“ er túlkað með rúmmum hætti samkvæmt skilmálum stjórnendaábyrgðartrygginga.

5.3 Hæfi stjórnenda

Til þess að stjórnendum sé heimilt að gegna starfi sínu eru þeim jafnan sett ákveðin skilyrði sem geta komið fram í settum lögum og/eða samþykktum félagsins líkt og áður greinir.

Ástæður fyrir að setja slík skilyrði felast í ákveðnum gæðastöðlum sem löggjafinn hefur talið æskilegt að viðkomandi aðili búi yfir vegnar ábyrgðar þess starfs sem hann gegnir.

Komi í ljós að stjórnandi hafi gegnt starfi sínu án þess að uppfylla hæfisskilyrðin getur það verið metið honum til sakar. Með vísan til slíkrar niðurstöðu myndi hann líkast til ekki njóta verndar stjórnendaábyrgðartrygginga ef hann viðhefði óréttmæta háttsemi, en forsenda verndar samkvæmt tryggingunni hlýtur að vera að viðkomandi teljist stjórnandi samkvæmt framangreindri umfjöllun um tegundir stjórnenda.

Fyrir utan lög nr. 2/1995 um hlutafélög (hér eftir skammstafað hl.) og lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög (hér eftir skammstafað ehl.) eru ekki til sérstakar reglur um hæfi stjórnenda almennt.

Framangreindir lagabálkar, nánar tiltekið 66. gr. hl. og 42. gr. ehl., gera áskilnað um að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skuli vera lögráða, þ.e. 18 ára, fjár síns ráðandi, þ.e. persónulegt bú þeirra má ekki vera undir gjaldþrotaskiptum og þeir mega ekki á síðastliðnum þremur árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Þá skulu framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna vera búsettir héraðs nema ráðherra ákveði annað eða um sé að ræða ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Í 72. gr. hl. og 48. gr. ehl. koma fram sérstakar hæfisreglur þar sem stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra er meinað að taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra um málshöfðun gegn þeim. Einnig er þeim óheimil aðkoma samningsgerðar milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Áréttu ber að einungis er um að ræða málsmeðferð um samningsgerð eða ákvarðanir um málshöfðun.³⁰

Til viðbótar hæfisreglum hl. og ehl. hefur löggjafinn sett reglur varðandi hæfisskilyrði stjórnenda á sértækari sviðum. Hér má til dæmis nefna 5. mgr. 31. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 þar sem kveðið er á um að menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs skuli vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt. Þá kemur fram í 3. mgr. 52. gr. laga nr.

³⁰ Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélagaréttur*, bls. 324

161/2002 um fjármálafyrirtæki að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa yfir að ráða reynslu og þekkingu eða hafa lokið námi sem nýtist í starfi. Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu jafnframt hafa þekkingu á þeirri starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar, þ.m.t. áhættuþáttum.

Lög um hlutafélög og einkahlutafélög girða fyrir hagsmunaárekstra milli stjórnenda og framkvæmdastjóra gagnvart félagi sínu að vissu leyti. Á hinn bóginn eru mörg tilvik sem falla utan áðurnefndra vanhæfisreglna sem ábyrgðartryggingar stjórnar og stjórnenda geta hins vegar tekið til. Afmarkaðri reglur er að finna í lögum um lífeyrissjóði og fjármálafyrirtæki sem gera ítarlegri kröfur. Meta þarf hvort viðkomandi uppfylli hæfisskilyrðin eða ekki. Þá getur mati á slíkum skilyrðum verið öðruvísi háttað ef sett lög gera ekki áskilnað um tiltekna eiginleika stjórnanda. Ef stjórnandi t.d. þarf einungis að lúta skilyrðum er koma fram í samþykktum félags en uppfyllir þau ekki að fullu, er ekki sjálfgefið að hann teljist undanskilinn ábyrgð stjórnendaábyrgðartrygginga.

5.4 Mögulegar viðbótartryggingar

Til viðbótar stjórnendaábyrgðartryggingum er algengt að óskað sé annars konar trygginga vegna atvika sem stjórnendur upplifa við framkvæmd starfa sinna. Slík viðbótarvernd gæti fyrst og fremst falist í því að ef tjón yrði ekki að fullu bætt með greiðslu bóta frá einu váttryggingafélagi gæti umræddur váttryggingartaki eða hinn váttryggði verið tryggður hjá öðru váttryggingafélagi eða samkvæmt öðrum einkaréttarlegum úrræðum.

Ef starfsemi félags er þannig háttað að stjórnendur þess eru mikið í kastljósinu kunna þeir að vera berskjaldaðir gagnvart opinberri umfjöllun sem kann að leiða til meiðyrða í garð þeirra. Til viðbótar stjórnendaábyrgðartryggingum hefur vernd gagnvart slíkum fullyrðingum staðið til boða en skilyrði þeirrar verndar fara þá eftir öðrum reglum.³¹

Loks getur stjórnandi einnig óskað verndar vegna kostnaðar sem kann að leiða af rannsóknum opinberra eftirlitsstofnana á hendur sér.

³¹ Ian Youngman: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 46.

5.4.1 Meidyrði og önnur niðrandi ummæli

Í sumum tilfellum bjóða váttryggingafélög upp á sérstaka vernd gegn meidyrðum og niðrandi ummælum sem stjórnendur láta falla í garð annarra. Leiða má líkur að því að ekki séu margir aðilar sem myndu þurfa á slíkri viðbótarvernd að halda aðrir en stjórnendur félaga sem sinna störfum á opinberum vettvangi. Að öðru leyti liggur ljóst fyrir að ummæli stjórnenda geti hæglega haft áhrif á stöðu félaga og fyrirtækja. Áskilnaður yrði þá gerður um að meidyrði eða ummæli hefðu leitt til tjóns sem hægt væri að meta til fjár. Að íslenskum rétti þyrfti þannig að aðgreina hvort viðkomandi stjórnandi hefði látið frá sér svokallaða staðhæfingu um staðreynd eða gildisdóm. Staðhæfing um staðreynd felur í sér að aðili fari með rangfærslur líkt og um staðreynd væri að ræða, en gildisdómur er einungis skoðun sem ómögulegt er að staðreyna.³² Dæmi um atvik þar sem vernd gagnvart slíkri háttsemi gæti komið til væri ef stjórnandi myndi vísvitandi viðhafa ummæli í garð annars stjórnanda félags til að grafa undan honum eða félagi hans. Þá gætu sams konar atburðir átt sér stað ef stjórnandi myndi gefa út opinbera yfirlýsingu í fjölmiðli þar sem fram koma meidyrði eða önnur niðrandi ummæli.³³

Afleiðingar ummæla svipar þannig til afleiðinga stjórnanda sem fer með rangfærslur eða misvísandi yfirlýsingar um starfsemi eigin félags hefur það oft að markmiði að skapa félagi sínu einhvers konar ávinning, t.d. á skipulegum verðbréfamarkaði til að hækka gengi bréfa félags síns.

5.4.2 Vernd gegn umhverfis- og auðlindaspjöllum

Löggjöf og reglusetning á sviði umhverfis og auðlinda hefur aukist með árunum í takt við vaxandi rannsóknir og vitundarvakningu almennings á umhverfinu. Vegna eðlis starfa sinna eru sum félög og fyrirtæki í meiri hættu á að valda nærumhverfi sínu skaða, t.d. atvinnugreinar á borð við farmflutninga, sjávarútveg, olíuvinnslu og fleira. Umhverfistjón getur haft miklar og kostnaðarsamar afleiðingar í för með sér, enda eru slík tjón jafnan refsiverð. Nefna má t.d. að í 25. og 26. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda segir að beita megi félag refsingum eða sektum óháð sök fyrirvarsmanns lögaðila, starfsmanns eða annars á hans vegum. Sams konar viðurlög vegna umhverfistjóns er að finna í 34. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.

³² Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meidyrðamálum“, bls. 49.

³³ Ian Youngman: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 45-46.

Þrátt fyrir að lögin kveði á um að félög geti sætt refsingu eða sektum óháð fyrirvarsmanni er hann ekki undanþeginn ábyrgð. Félag hans gæti gert tilkall til stjórnendaábyrgðartryggingar hans ef telja má ljóst að tjónið megi rekja til háttsemi hans. Vernd stjórnendaábyrgðartrygginga er frábrugðin hefðbundinni vernd ábyrgðartrygginga vegna umhverfis- og auðlindaspjalla, sem einblínir á vernd gegn einstökum atvikum, að því leyti að hún tekur til allra krafna vegna atvika á tilteknu tímabili.

Í Evrópu og Bandaríkjunum hefur tilhneigingin verið sú að valdi aðili tjóni á umhverfi sínu með umhverfisspillandi athöfnum á landi eða mengun í lofti eða sjó skuli viðkomandi bera ábyrgð á hreinsun og lagfæringu.³⁴ Því má telja að viðbótarvernd gagnvart slíkum tjónum samhliða stjórnendaábyrgðartryggingu geti verið hagkvæmur kostur fyrir stjórnendur atvinnugreina sem snerta umhverfið.

5.4.3 Einkaréttarlegar tryggingar

Í sumum tilfellum hafa félög samið sérstaklega um að leggja til hliðar tiltekna fjárhæð sem stjórnendur geta sótt í ef þeir skyldu þurfa að taka til varna vegna athafna sinna í þágu félagsins. Fjárhæðin yrði lögð til hliðar í sjóð félags og eyrnamerkt ákveðnum tilgangi. Hér er um sams konar fyrirkomulag að ræða og gildir um stofnun sjóða í hlutafélögum. Um einkaréttarlegt úrræði er að ræða sem hluthafar félags eða kröfuhafar þrotabús semja sín á milli. Er slíkt fyrirkomulag því án allrar aðkomu váttryggingafélaga og aðilar semja sjálfir um skilyrði greiðslna úr sjóðnum. Til að mynda gætu aðilar ákveðið að greitt yrði úr sjóðnum samhliða greiðslu tryggingabóta. Þá gætu þær bótagreiðslur sem stjórnandi kynni að fá vegna málaferla á hendur sér runnið aftur í sjóðinn.

Í kjölfar efnahagshrunsins var sérstökum slitastjórnnum falið að ráðstafa hagsmunum föllnu bankanna samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Til þess að tryggja skaðleysi sitt fóru slitastjórnir Kaupþings banka og Glitnis banka hvor fram á að lagðir yrðu að lágmarki tíu milljarðar íslenskra króna í sérstakan sjóð sem skyldi standa opinn í allt að tólf ár eftir að nauðasamningur var gerður.³⁵ Meðlimir slitastjórnar geta þannig gengið á sjóðinn til að standa straum af ýmsum kostnaði vegna mögulegra málsókna á hendur sér.

³⁴ Ian Youngman: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 47.

³⁵ „Kröfuhafar samþykkja að greiða ríkinu 330 milljarða“, <http://www.visir.is>

6 Kröfugerðin

6.1 Almennt

Krafa er skilgreind sem réttur aðila réttarsambands að ganga að gagnaðila sínum til fullnustu greiðslu.³⁶ Hugtakið er almennt tengt þeim hlut sem um er krafinn, hvort sem það er krafa til fjármuna, þjónustu eða viðurkenningar. Út frá sjónarmiði váttrygginga, þar sem krafa byggist á því að bæta tjónþola tjón sitt, er krafan fjárhagslegs eðlis.

Lög um váttryggingarsamninga og skilmálar stjórnendaábyrgðartrygginga eru almennt hljóð um form og efni kröfugerðarinnar, en af skilgreiningarkafla skilmála stjórnendaábyrgðartrygginga bresku váttryggingamiðlunarinnar Howden jafngilda eftirfarandi atvik kröfugerð til stjórnendaábyrgðartrygginga:

“CLAIM(S)“ means any of the following:

- (i) any suit or proceeding for monetary damages or other relief, including non-pecuniary relief;
- (ii) any written demand from any person or organisation that is the intention of that person or organisation to hold an INSURED PERSON responsible for the results of any specified WRONGFUL ACT;
- (iii) any criminal proceedings;
- (iv) any arbitration or mediation proceeding
- (v) with respect to any EMPLOYMENT PRACTICE WRONGFUL ACT, tribunal proceedings, an application for injunctive or non-pecuniary relief, any request for reinstatement or re-engagement commenced by the service of notice of application, claim form, writ summons or similar proceeding involving an INSURED PERSON;
- (vi) any EXTRADITION CLAIM
- (vii) any SECURITIES CLAIM
- (viii) any ASSET AND LIBERTY PROCEEDING
- (ix) any suit or proceeding brought or any investigation or inquiry by any insolvency administrator or receiver, bankruptcy trustee or liquidator or equivalent position in any jurisdiction.

Any CLAIM or CLAIMS arising out of, based upon or attributable to a single WRONGFUL ACT or a series of related WRONGFUL ACTS or which arise from the same originating source or cause shall be considered to be a single CLAIM for the purpose of this Policy.

Ákvæðið ber ekki með sér sérstaklega formföst skilyrði þess hvernig tilkynna skuli kröfu til hins váttryggða eða váttryggingafélagsins. Þannig teljast til kröfugerðar málshöfðanir, skriflegar kröfur, opinber málshöfðun, sáttaumleitan, málshöfðanir starfsmanna félags,

³⁶ Þorgeir Örlygsson og Benedikt Bogason: *Kröfuréttur – Þættir*, bls. 13.

framsalskröfur, verðbréfabrófur, eignaréttindakröfur, rannsóknir opinberra eftirlitsaðila og kröfur skiptastjóra.

Virðist í raun látið við sitja að ásakanir einar og sér dugi til að um kröfugerð sé að ræða.

Í áðurnefndum dómi um fjárfestingar Lífsverks lífeyrissjóðs þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að háttsemi fyrrum stjórnenda hefðu falið í sér óréttmætar aðgerðir var hugtakið „claim“ eða krafa talið fela í sér hvers kyns bótaskröfur sem hafðar eru uppi gagnvart hinum váttryggða, m.a. í formi stefnu, fyrirkalla, eða annarrar kvaðningar eða gagnkröfu.

Hins vegar má nefna dóm *Hrd. 30. maí 2013 (54/2013)* þar sem kveður við annan tón um skilyrði kröfugerðar. Þar var deilt um kröfugerð stefnanda til ábyrgðartryggingar stjórnanda VBS fjárfestingabanka vegna fjárfestinga sem sá síðarnefndi hafði annast fyrir hann. Ábyrgðartryggingin var tekin til eins ár og gildi til 22. júní 2009. Sérstaklega var tekið fram í samriti váttryggingarskírteinis að váttryggingin myndi ekki endurnýjast.

Á grundvelli fyrrgreinds samnings lagði stefnandi 80.670.000 krónur inn á vörslureikning hjá VBS Fjárfestingarbanka 2. október 2006. Sama dag voru keypt í nafni stefnanda 23 skuldabréf, hvert að nafnvirði 4.000.000 króna, á 3.501.293 krónur hvert. Útgefandi bréfanna var Hörðukór 3 ehf. Bréfin voru tryggð með fyrsta veðrétti í einstökum eignarhlutum í fasteigninni að Hörðukór 3 í Kópavogi. Gjaldþagi bréfanna var 15. september 2007. Skuldabréf þessi voru seld 27. ágúst 2007 á 3.925.060 krónur hvert. Sama dag keypti stefnandi alls 39 skuldabréf, hvert að nafnvirði 2.700.000 krónur á 2.295.511 krónur hvert. Bréfin voru tryggð með veði í landi Laugardæla og Uppsala í Flóahreppi í Árnessýslu. Útgefandi bréfanna var Fjárfestingarfélagið Ferjuholt ehf. Dótturfélag VBS Fjárfestingarbanka, Fremd ehf., mun hafa verið eigandi 28% hlutfjár í félaginu, auk þess sem starfsmaður bankans var stjórnarformaður og annar starfsmaður sat í stjórn félagsins. Gjaldþagi bréfanna var 20. ágúst 2008. Þau voru ekki greidd á gjaldþaga. Þau munu hins vegar hafa verið keypt af VBS Fjárfestingarbanka 12. og 13. nóvember 2008 á 2.295.510 krónur hvert bréf, samtals 89.524.890 krónur. Samkvæmt framansögðu fékk stefnandi ekki greidda vexti af skuldabréfunum. Þá kemur fram í gögnum málsins að söluverð þeirra hafi að hluta verið greitt með reiðufé, 14.649.485 krónur, en að öðru leyti með veðskuldabréfum að nafnvirði 78.100.000 krónur.

Kröfur voru ekki greiddar á gjaldþaga auk þess sem stefnandi varð af vöxtum af skuldabréfunum. Vildi hann ekki una þessu og sendi bæði Fjármálaeftirlitinu og úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálaþyrirtæki kvörtun 18. desember 2008 vegna viðskipta með framangreind skuldabréf. Var því jafnframt haldið fram að með kvörtunum til áðurnefndra aðila hefði krafa verið gerð til tryggingarinnar. Váttryggingafélagið Sjóvá fékk fyrst veður af kröfu á hendur sér þann 10. júní 2010 eða liðlega 10 mánuðum eftir lok ábyrgðartíma tryggingarinnar og bar því fyrir sig að krafan væri of seint fram komin. Þá segir í dómnum:

Stefndi Sjóvá heldur því fram að mótbára félagsins um að krafan sé of seint fram komin komist að í málinu. Í 4. mgr. 44. gr. sé kveðið á um að félagið geti haft uppi mótbáru gegn tjónþola, svo fremi þær eigi ekki rót sína að rekja til háttsemi váttryggðs eftir að váttryggingaratburður varð. Í athugasemdum við 44. gr. frumvarpsins, sem hafi orðið að lögum nr. 30/2004, sé sérstaklega tekið fram að félagið geti haft uppi aðrar mótbáru gegn tjónþola, þ.m.t. mótbáru byggðar á reglum váttryggingaréttar, nema þær eigi rætur að rekja til háttsemi váttryggðs eftir að váttryggingaratburður varð. Í þessu felist að tjónþoli eigi ekki að geta öðlast betri réttarstöðu gegn félaginu en váttryggður hefði haft ef hann hefði kosið að greiða tjónþola skaðabætur og beina svo kröfu til félagsins. Félagið geti þannig borið fyrir sig að váttrygging hafi ekki verið í gildi þegar tjón varð, tjónið falli ekki undir þá áhættu sem váttryggt er gegn, því sé ekki skylt að greiða bætur því háttsemi váttryggðs fyrir váttryggingaratburð hafi leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður og að krafan sé ekki höfð uppi nægilega tímanlega eða í því horfi sem skylt sé samkvæmt skilmálum váttryggingarsamningsins. Það sé því hafið yfir allan vafa að sú mótbára, að krafa stefnanda sé of seint fram komin, komist að í máli þessu.

Með vísan til þessa er komist að þeirri niðurstöðu að krafa stefnanda á hendur váttryggingafélaginu hafi verið of seint fram komin, en ekki lék vafi á því að ábyrgð tryggingarinnar var markaður ákveðinn gildistími og ekki hafi verið óskað endurnýjunar að honum liðnum. Gilti því einungis ákvæði skilmála váttryggingar um 30 daga tilkynningarfrest til viðbótar. Var Sjóvá því heimilt að bera fyrir sig ákvæði 4. mgr. 44. gr. vsl. sem kveður á um að váttryggingafélag geti haft uppi sömu mótbáru gegn kröfu tjónþola og hinn váttryggði. Loks var ekki talið að sú háttsemi stefnanda að kvarta til Fjármálaeftirlitsins eða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefði falið í sér kröfugerð til stjórnendaábyrgðartryggingarinnar. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu virðist orðalag ákvæðisins í skilmálum trygginganna og túlkun kröfu samkvæmt dómi Lífsverks lífeyrissjóðs renna stöðum undir rúma merkingu hugtaksins en að öllum líkindum þarf hún að komast til skila með beinni hætti en reynt var í dómi VBS fjárfestingabanka.

6.2 Aðilar að kröfugerð

Þeir aðilar sem telja að tjón sitt megi rekja til háttsemi stjórnanda geta gert kröfu til ábyrgðartryggingar hans. Aðilar að kröfugerð þurfa þar af leiðandi ekki að uppfylla sérstakt formskilyrði annað en að vera hæfir til þess að bera réttindi og skyldur í persónulegum skilningi eða skilningi félagaréttar og telja að á sér hafi verið brotið. Kröfuhafar geta til dæmis verið félagið sjálft sem höfðar mál gagnvart fyrrum stjórnendum sínum vegna tjóns sem þeir hafa valdið, lánardrottinnar sem hafa ekki fengið greitt upp í kröfur sínar, opinberir skiptastjórar í gjaldþrotamálum vegna ráðstafana fyrrum stjórnanda, starfsmenn vegna óréttmætrar uppsagnar eða mismununar, hluthafar sem telja að stjórnandi hafi vanrækt skyldur sínar, viðskiptavinir

sem telja að galla á vöru megi rekja til háttsemi stjórnanda, stjórnvöld eða önnur yfirvöld sem setja reglur, auk annarra aðila svo fátt sé nefnt.

6.3 Tilkygning um kröfu

Á grundvelli 44. gr. vsl. um beina kröfu tjónþola getur hann hvort heldur gengið að váttryggingafélaginu eða hinum váttryggða til kröfu um bætur. Þegar tilkygning um kröfu berst váttryggingartaka eða hinum váttryggða skal hún meðhöndluð á eftirfarandi hátt, sbr. ákvæði skilmála Howden:

The POLICYHOLDER or the INSURED PERSONS shall give notice in writing to the INSURER of any CLAIM or INVESTIGATION for which coverage may be afforded under this Policy as soon as practicable after the Risk Manager, General Counsel or Chief Legal Counsel (or equivalent management positions) of the COMPANY first becomes aware of such CLAIM or INVESTIGATION.

If, during the POLICY PERIOD or DISCOVERY PERIOD as applicable, a COMPANY or INSURED PERSON becomes aware of any circumstances which may in their opinion reasonably be expected to give rise to a CLAIM or INVESTIGATION, they may give written notice to the INSURER of those circumstances including, if available, full particulars as to dates, persons and entities involved. Any subsequent CLAIM or INVESTIGATION reported to the INSURER which alleges, arises out of, or is based upon or attributable to such circumstances, or alleges any WRONGFUL ACT which is the same as or related to any WRONGFUL ACT anticipated in those reported circumstances, shall be considered made at the time such notice of those circumstances was received by the INSURER.

Skylda hvílir á váttryggingartaka eða hinum váttryggða að veita váttryggingafélaginu upplýsingar um fram komnar kröfur á hendur sér eins fljótt og mögulegt er. Mikilvægi tilkygningarinnar felst í því að réttaráhrif tryggingarinnar koma ekki til kasta fyrr en hún hefur skilað sér. Því getur óhóflegur dráttur á tilkygningu kröfunnar leitt til þess að hún yrði ekki tekin til greina. Er því mikilvægt fyrir hlutaðeigandi að tilkynna kröfuna sem fyrst. Þrátt fyrir að tilkygningin í sjálfu sér leiði ekki til greiðslu bóta fyrr en niðurstaða í málinu hefur verið staðfest með sáttargerð, úrskurði eða dómi kann slíkt að skipta miklu máli fyrir endurtryggjendur. Líkt og komið verður að síðar í 8. kafla þessarar ritgerðar, geta margir endurtryggjendur staðið á bak við trygginguna. Óski váttryggingartaki endurnýjunar á tryggingu sinni geta nýir endurtryggjendur staðið á bak við hana á næsta tímabili tryggingarinnar, þ.e. önnur váttryggingafélög en áður voru.

Skilmálar stjórnendaábyrgðartrygginga kveða ávallt á um hvaða aðila skuli bera tilkygninguna. Upplýsingar þess efnis koma fram undir þar til gerðum kafla sem fjallar um

tilkynningu kröfunnar og meðhöndlun hennar, en þar er vísað til heimilisfangs, símanúmers og netfangs váttryggingafélagsins. Upp geta þó komið ýmis vandkvæði ef tryggingin er tekin í gegnum erlendar váttryggingamiðlanir sem koma fram fyrir hönd váttryggingafélaga, en svo kann að vera að hlutverk þeirra snúi eingöngu að sölu trygginganna en ekki milligöngu vegna skaðabótakrafna.³⁷ Að sama skapi er einnig skylt að veita upplýsingar um atvik eða aðstæður sem kunna að leiða til kröfugerðar eða rannsóknar opinberra eftirlitsaðila á hinum váttryggða. Eru slíkar upplýsingar mikilvægar fyrir áhættumat tryggingafélagsins og til þess að undirbúa sig gagnvart því tjóni sem kann að verða til viðbótar áðurnefndum sjónarmiðum um breytileika endurtryggjenda á bak við trygginguna.

6.4 Kröfulýsingarfrestur

Forsenda kröfugerðar er sú að krafa eða kröfulýsing komist til skila með réttum hætti sbr. umfjöllun í kafla 6.1. Í skilmálum stjórnendaábyrgðartrygginga er kveðið á um nánar tiltekið tímabil sem kröfuhafi hefur til að lýsa kröfu sinni á hendur hinum váttryggða og/eða váttryggingafélaginu. Sé kröfunni ekki lýst innan gildistíma tryggingarinnar eða innan tilkynningarfrests sem kveðið er á um í skilmálum, tekur tryggingin ekki til váttryggingaratburðarins. Þessi eiginleiki tryggingarinnar hefur sætt nokkurri gagnrýni og hefur því verið haldið fram að váttryggingafélagið geti sniðið sér nokkuð þröngan stakk um tilkynningarfresti kröfunnar.³⁸ Að öðru leyti getur kröfuhafi glatað rétti sínum til bóta vegna tómlætis eða fyrningar samkvæmt 51. gr. vsl., sbr. umfjöllun í kafla 3.3 ritgerðarinnar um tómlæti og fyrningu.

Þá hefur kröfugerðin einnig áhrif á hinn váttryggða þar sem hann getur ekki tekið til varna fyrr en krafa á hendur honum hefur sannanlega komist til skila. Getur þetta falið í sér talsvert óhagræði fyrir hinn váttryggða þar sem tjónþoli/kröfuhafi hefur lengri tíma til undirbúnings og getur jafnvel kosið að fresta kröfugerð sinni sem getur leitt til þess að váttryggingin verndar ekki stjórnandann lengur þar sem tilkynningarfrestur eða gildistími hennar er liðinn.³⁹

Leggi þriðji aðili fram kröfu á hendur hinum váttryggða eða váttryggingafélaginu er réttmæti kröfunnar metið og litið til þess hvort skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Til álita koma ýmis atriði. Í fyrsta lagi hvort háttsemi

³⁷ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 38.

³⁸ Tami L. Harwood & David M. Siesko: *Claims-Made Insurance Coverage: Selected Issues*, bls. 170.

³⁹ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 6.

viðkomandi stjórnanda hafi leitt til tjóns. Í öðru lagi hvort kröfu hafi verið lýst innan tilkynningarfrests og í þriðja lagi hvort einhverjar mótbárur á grundvelli skaðabótaréttar, váttryggingaréttar eða aðrar undanþágur eigi við um ætlaðan váttryggingaratburð. Nánar skal vikið að þessum atriðum í komandi köflum ritgerðarinnar.

6.5 Varnarþingsreglur

Með tilliti til eðlis stjórnendaábyrgðartrygginga hafa váttryggingartakar jafnan leitað út fyrir landsteinana til þess að tryggja sig. Rísi ágreiningur milli hlutaðeigandi getur verið vandasamt að meta hvar mál skuli höfðað. Algengast er að skilmálar váttrygginganna taki af skarið varðandi lög og lögsögu er beita skuli varðandi ágreining.

Svo dæmi sé tekið kemur fram í skilmálum váttryggingamiðlunarinnar Howden að álitaefni er kunní að rísa vegna váttryggingarsamningsins skuli fara eftir lögum þess lands þar sem útgefandi váttryggingarinnar hefur aðalstarfsstöð. Er slík framkvæmd í takt varnarþingsreglur í váttryggingarmálum 8.-14. gr. laga Lúganósamningsins um dómsvald, viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum nr. 7/2011, en markmið ákvæðanna er að vernda þann samningsaðila sem stendur lakar að vígi við samningsgerð.

Sú meginregla gildir að heimilt er að lögsækja hinn váttryggða fyrir dómstóli í því ríki þar sem hann á heimili samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um Lúganósamninginn. Hvað ábyrgðartryggingar varðar er heimilt að lögsækja hinn váttryggða fyrir dómstóli þar sem tjónþoli hefur höfðað mál gegn váttryggðum ef þau lög sem gilda við dómstólinn veita heimild til þess, sbr. 1. mgr. 11. gr. lagana.

Í 13. gr. laganna er heimild váttryggingafélags og váttryggingartaka takmörkuð til að semja um varnarþing. En þar segir að aðeins megi víkja frá áðurnefndum ákvæðum með samningi ef hann er gerður eftir að ágreiningur er risinn eða ef hann útvíkkar heimild váttryggingartaka, váttryggðs eða annars réttthafa til málshöfðunar fyrir fleiri dómstólum en kemur fram í lögnum. Er markmið reglunnar að koma í veg fyrir að váttryggingafélagið geti í krafti yfirburðastöðu sinnar gagnvart váttryggingartaka samið um aðrar varnarþingsreglur en kemur fram í Lúganósamningnum, sér til ávinnings.⁴⁰ Aftur á móti kemur fram í 5. tölul. 13. gr. að aðilar geti samið sig undan áðurnefndum ákvæðum ef samningurinn varðar váttryggingarsamning sem tekur til eins eða fleiri áhættuflokka sem nefndir eru í 14. gr. laganna.

⁴⁰ Eyvindur G. Gunnarsson: „Varnarþingsreglur Lúganósamningsins“, bls. 352.

Á þetta reyndi m.a. í *Hrd. 5. nóvember 2012 (619/2012)* þar sem þrotabú Baugs Group hf. krafðist bóta úr stjórnendaábyrgðartryggingu fyrrum stjórnenda Baugs sem tryggðir voru af erlendu váttryggingafélögunum Liberty Mutual Insurance Europe Limited, Novae Corporate Underwriting Limited og SCOR Underwriting Limited.

Hrd. 5. nóvember 2012 (619/2012). Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 13. mars 2009 var bú Baugs Group hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Protabúið höfðaði mál á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni fyrrum stjórnarformanni félagsins 15. desember 2010. Gerð var krafa um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 15.058.128.810 krónur úr hendi Jóns Ásgeirs vegna ráðstöfunar á hluta söluandvirðis Haga hf., dótturfélags Baugs Group hf., til kaupa Baugs Group hf. á hlutabréfum í sjálfu sér á árinu 2008. Var því haldið fram að hlutabréfin hafi verið verðlaus og að Jón Ásgeir bæri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem félagið hafi orðið fyrir við kaupin.

Baugur Group hf. hafði keypt ábyrgðartryggingu vegna stjórnenda félagsins fyrir milligöngu sænska félagsins UIB Nordic AB vegna tímabilanna 1. júlí 2006 til 1. júlí 2007, 1. ágúst 2007 til 1. ágúst 2008 og 1. ágúst 2008 til 1. ágúst 2009. Ábyrgðartryggingin var samkvæmt skilmálum vegna greiðslu bóta að fjárhæð 1.000.000.000 krónur vegna hvernar einstakrar kröfu á váttryggingartímabili og var ábyrgðinni samkvæmt skilmálunum skipt hlutfallslega milli váttryggjenda, sem voru annars vegar varnaraðilinn Liberty Mutual Insurance Europe Limited með 50% ábyrgðar en hins vegar Lloyd's Underwriters með 50%.

Mál var höfðað fyrir íslenskum dómstólum 21. nóvember 2011 og krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni. Deildu málsaðilar um hvort þrotabúinu væri heimilt að höfða mál hérlandis en samkvæmt skilmálum og tryggingaskírteinum gætti ósamræmis um hvort samið hefði verið um lögsögu hérlandis eða í Englandi og Wales. Töldu váttryggingafélögin að sérstaklega hafi verið samið um enska lögsögu samkvæmt ákvæðum í tryggingarsamningi auk viðauka við hann. Litið var til ákvæða Lúganósamningins og talið að ákvæði er varðar varnarþing í váttryggingamálum væru bindandi en samkvæmt 13. gr. mætti aðeins víkja frá þeim með samningi ef uppfyllt væru tilgreind skilyrði. Í 5. tölulið lagagreinarinnar kemur fram að aðilar geti samið sig undan ákvæðunum, ef samningurinn varðar váttryggingarsamning, sem tekur til eins eða fleiri áhættuflokka sem nefndir eru í 14. gr. Í síðarnefndri lagagrein eru raktir ýmsir áhættuflokkar en í 5. tölulið til vísað til áhættuflokks er varðar mikla áhættu hvers konar, „þrátt fyrir 1.-4. tölul.“, eins og þar segir orðrétt. Þegar litið er til gagna málsins um stærð og veltu tryggingartakans, Baugs Group, og jafnframt með hliðsjón af tryggingarfjárhæð þess váttryggingarsamnings aðila, sem mál þetta snýst um, verður að fallast á það með sakaukastefndu að umræddur váttryggingarsamningur taki til mikillar áhættu í skilningi 5. tölul. 14. gr. laga nr. 7/2011. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða dómsins að aðilum hafi verið heimilt að semja um lögsögu í málum sem rísa kynnu vegna umrædds samnings þeirra.

Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að vegna stærðar og umfangs Baugs Group gildi sú undantekning að aðilum sé heimilt að semja um lögsögu sín á milli. Er hér gengið út frá þeirri nálgun að félag eða fyrirtæki af ákveðinni stærðargráðu sé almennt í betri samningsstöðu gagnvart váttryggingartaka og sé því heimilt að semja sig undan ákvæðum um varnarþing samkvæmt Lúganósamningnum.

Sú regla gildir því hér á landi varðandi lög og lögsögu að beita skuli íslenskum réttarreglum og að mál skuli höfðað á Íslandi nema starfsemi félags eða fyrirtækis uppfylli einn eða fleiri

áhættuflokk samkvæmt 14. gr. laga nr. 7/2011 um Lúganósamninginn. Áhættuflokkar 14. gr. vísa aðallega til tjóna vegna hafskipa, mannvirkja undan ströndum, loftfara o.fl. en 5. tölul greinarinnar tekur til mikillar áhættu hvers konar sem stuðst var við í framangreindum dómi.

7 Skilmálar stjórnendaábyrgðartrygginga

7.1 Almennt

Réttur váttryggingartaka og hins váttryggða grundvallast að mestu leyti af skilmálum tryggingar viðkomandi váttryggingafélags. Skilmálarnir kveða á um nánari framkvæmd og skilyrði tryggingarinnar. Í flestum tilfellum er um að ræða staðlaða skilmála sem samdir eru einhliða af váttryggingafélaginu sjálfu. Óski aðilar váttryggingarsamnings hins vegar að víkja frá ákvæðum eða semja um önnur atriði er slíkt heimilt á grundvelli samkomulags. Er þá talað um tryggingu samkvæmt sérskilmálum. Í skilmálum er gildissvið tryggingarinnar afmarkað og kveðið á um réttindi og skyldur aðila váttryggingarsamningsins. Þá er jafnan fyrir að fara sérstökum skilgreiningarkafli á helstu hugtökum auk tiltekinnar verkferla varðandi útreikning bóta.

Til hagræðingar má flokka ákvæði skilmálanna í því skyni að greina betur tilgang þeirra og innbyrðis samhengi. Svo dæmi sé tekið má skipta ákvæðum eftir því hvort þau veiti rétt eða takmarki rétt, en gengið verður út frá þeirri flokkun hér að neðan. Ákvæði sem veita rétt snúa að gildissviði tryggingarinnar, þ.e. hvaða áhættu tryggingunni er falið að vernda og hvaða skilyrði þarf að uppfylla svo að verndar hennar njóti við. Undir flokkinn falla einnig ákvæði um gildistíma, uppsögn og framlengingu verndartíma. Ákvæði sem takmarka rétt vísa til atburða og atvika er kunna að koma upp, fyrir eða eftir töku tryggingarinnar, sem geta takmarkað eða jafnvel útilokað greiðslu bóta.

Skilmálar íslensku váttryggingafélaganna sem bjóða upp á stjórnendaábyrgðartryggingar styðjast við erlenda skilmála breskra váttryggingasamstæða á borð við Lloyds Insurance og Hyperion Insurance Group. Þar sem skilmálarnir eru ritaðir á ensku og án sérstakrar þýðingar hefur ágreiningur héraendis aðallega snúið að skilgreiningu skilyrða og hugtaka erlendu trygginganna til samræmis við íslenska réttarframkvæmd og hugtakanotkun.

Næstu köflum skal því varið til umfjöllunar á helstu ákvæðum skilmála tryggingarinnar og túlkun þeirra með hliðsjón af úrskurða- og dómaframkvæmd héraendis.

7.2 Ákvæði sem veita rétt

7.2.1 Skilyrði skaðabótaábyrgðar

Í kafla 5.1 þessarar ritgerðar var fjallað um mismunandi hliðar stjórnendaábyrgðartrygginga og hvernig hver og ein þeirra tryggir mismunandi hagsmuni. Allar hliðar tryggingarinnar, þ.e. A, B, C og D eiga það þó sameiginlegt að ekki komi til greiðslu bóta vegna fram kominnar kröfugerðar nema hinn vátryggði hafi sýnt af sér háttsemi sem felur í sér óréttmæta aðgerð (e. wrongful act). Sú spurning vaknar því hvaða merkingu beri að leggja í hugtakið og hversu langt hin óréttmæta aðgerð þurfi að ganga til þess að teljast skaðabótaskyld í skilningi tryggingarinnar. Íslenskar reglur skaðabótaréttar kveða hvergi á um óréttmætar aðgerðir sem skilyrði skaðabótaábyrgðar. Til álita kemur því hvort hinar óréttmætu aðgerðir megi heimfæra undir skilyrði sakarreglunnar með ströngu sakarmati líkt og komist var að ætti við um störf og hlutverk stjórnenda, sbr. kafla 4.2 þessarar ritgerðar. Til að glöggva okkur betur á hugtakinu skal fyrst litið til merkingar þess samkvæmt breskum rétti en síðan til samræmis við íslenskan rétt.

7.2.2 Óréttmætar aðgerðir samkvæmt breskum rétti

Sjónarmið bresks réttar á hugtakinu óréttmætar aðgerðir felur í sér víðtæka túlkun. Nær hugtakið þannig til ýmiss konar krafna sem kunna að falla á stjórnendur. Til einföldunar má segja að óréttmæt aðgerð stjórnanda feli í sér hvers konar áhrif á þriðja aðila sem telur að leitt hafi til tjóns fyrir sig. Samkvæmt þessu er ekki nauðsynlegt að um bein áhrif sé að ræða, heldur einnig óbein áhrif á borð við samkeppni. Á þeim grundvelli getur hann gert kröfu til ábyrgðartryggingar stjórnandans þrátt fyrir að stjórnandinn hafi talið háttsemi sína í samræmi við ábyrgð og skyldur sínar á þeirri stundu. Skilgreiningarkafli áður nefndra skilmála Howden kveður nánar á um merkingu hugtaksins:

“WRONGFUL ACT“ means any actual or alleged error, misstatement, misleading statement, libel, slander or defamation (including injurious falsehood), act, omission, neglect, breach of duty (statutory or otherwise), breach of contract, breach of trust, breach of confidentiality or breach of warranty of authority, or any EMPLOYMENT PRACTICE WRONGFUL ACT, attempted, or allegedly committed or attempted by the INSURED PERSONS acting in their capacity as INSURED PERSONS or any other matter claimed against the INSURED PERSONS by reason of their serving in such capacity, including allegations of insider trading where it is alleged that the INSURED PERSONS gained the inside knowledge in their capacity as INSURED PERSONS.

WRONGFUL ACT also means any breach of duty (statutory or otherwise), neglect, error, misstatement, misleading statement, omission or act by the COMPANY but only with respect to a SECURITIES CLAIM.

Brot á hvers konar skyldum, vanræksla, úrfellingar, mistök, rangfærslur, misvísandi yfirlýsingar, trúnaðarbrot og meiðyrði eru allt dæmi um athafnir sem kunna að vera metnar stjórnanda til sakar samkvæmt framangreindu ákvæði.⁴¹ Athygli vekur að undir hugtakið óréttmætar aðgerðir er ekki nákvæmlega skilgreint hvað felst í hverjum og einum þætti. Heldur virðist duga að háttsemi stjórnanda falli undir einhvern þeirra. Nú skal vikið að nánari skilgreiningu þessara hugtaka.

7.2.2.1 Vanræksla

Við mat á því hvort stjórnandi hafi sýnt af sér vanrækslu í starfi ber að líta til almennra háttennisreglna stjórnanda við störf hans og samþykktu félagsins hafi þær nokkuð að segja til um starfsskyldur stjórnanda. Að mati margra felst stjórnun annars vegar í áætlanagerð og hins vegar í eftirfylgni. Aðaláherslan er þá á því að taka ákvörðun um hvað skuli gera og fylgja henni eftir.⁴² Láti stjórnendur vísitandi hjá líða að sinna skyldum sínum kann það að leiða til tjóns fyrir félagið. Vanræksla getur meðal annars verið fólgin í því að sinna ekki vandamálum sem koma upp, leita ekki sérfræðiráðgjafar þegar þörf var á, taka ekki tillit til starfsmanna, viðskiptavina, birgja o.fl.

7.2.2.2 Mistök eða meint mistök

Stjórnendur geta gert mistök líkt og allir aðrir. Þegar fjallað er um mistök í þessu samhengi er átt við ákvörðun stjórnanda sem byggist að einhverju leyti á vanþekkingu. Til þess að hægt sé að telja háttsemi stjórnanda til mistaka þarf augljós vitneskja að standa á bak við ákvörðun hans sem honum yfirsást. Því er ekki hægt að tala um að mistök hafi átt sér stað ef engin vitneskja lá fyrir um atvik eða aðstæður. Að vissu leyti má því telja mistök til ákvarðana sem teknar eru fljótfærni, þ.e. ákvörðun var tekin án sérstakrar athugunar. Einnig má ímynda sér aðstæður þar sem starfsmaður hefur gert mistök en stjórnandi ber síðan ábyrgð á þeim.⁴³

⁴¹ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 18.

⁴² Agnes Hólm Gunnarsdóttir og Helgi Þór Ingason: *Afburðastjórnun*, bls. 17.

⁴³ Duncan Sheen: *What is a mistake*, bls. 539-541.

7.2.2.3 Rangfærslur og misvísandi yfirlýsingar

Rangfærsla felur í sér ósanna fullyrðingu um staðreyndir máls. Fari stjórnandi með rangfærslur um hagi félags síns og viðsemjandi hans eða þriðji aðili tekur ákvörðun í samræmi við það sem leiðir til tjóns þá getur stjórnandinn verið skaðabótaskyldur. Ákvarðanatakan er þar af leiðandi byggð á röngum forsendum og ávinningurinn kann ekki að verða sá sami og ef stjórnandinn hefði komið hreint fram. Engu að síður þarf sú rangfærsla sem skoðunin er byggð á að uppfylla ákveðin skilyrði um skýrleika. Þá þarf rangfærslan að vera meginástæðan á bak við ákvörðun tjónþola. Því dugar ekki að viðkomandi byggi ákvörðun sína á staðreyndum sem teknar eru úr lausu lofti. Þá ber þess að geta að þrátt fyrir að rangfærslur séu leiðréttar síðar meir kann stjórnandi engu að síður að vera ábyrgur þar sem tjón af völdum rangfærslunnar kann þá að vera komið fram.⁴⁴

Ágætis dæmi um afleiðingar slíkra rangfærslna væri ef stjórnendur og aðrir matsmenn félags sem skrá ætti á skipulegum verðbréfamarkaði myndu fara frjállega með hagi félagsins í lýsingu þess (e. Prospectus), en hún inniheldur upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum við mat á eignum, skuldum, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfum félagsins, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Misvísandi yfirlýsingar eru að sama skapi líkar rangfærslum. Helsti munurinn felst aðallega í því að hverjum fullyrðingin beinist. Rangfærslum er oftast beint að afmörkuðum hópi viðmælenda, til dæmis mótaðila samnings. Yfirlýsingar fela aftur á móti í sér ávarp sem beint er að hópi eða óskilgreindum fjölda fólks til dæmis í miðlum.⁴⁵ Í kjölfar slæmra fregna um afkomu félags síns gætu stjórnendur reynt að bregðast við slíku með því að róa hluthafa og aðila á markaði með yfirlýsingu um gengi félags. Þannig gæti hlutabréfaverði verið haldið uppi eða jafnvel hækkað þrátt fyrir að takmarkaðar eða jafnvel engar forsendur séu fyrir því, sbr. mál Al-Thani *Hrd.* 12. febrúar 2015 (145/2014) þar sem viðskiptabankinn Kaupþing hafði gefið út fréttatilkynningu þess efnis að félag í eigu olíufursta nokkurs hefði fjárfest fyrir rúmlega 26 milljarða í bankanum. Um sýndarviðskipti var að ræða milli tengdra félaga bankans og samhliða fréttatilkynningunni hafði það áhrif á eftirspurn eftir hlutabréfum bankans. Voru forsvarsmenn bankans því taldir hafa beitt blekkingum varðandi viðskipti sín og að endingu sakfelldir fyrir markaðsmisnotkun.

⁴⁴ Ray Hodgins: *Professional Liability: Law and Insurance*, bls. 72-73.

⁴⁵ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 131.

7.2.2.6 Brot á samningum og skyldum

Meginreglan um skuldbindingargildi samninga ber með sér að samninga skuli halda. Athuga þarf í hverju tilviki fyrir sig hvort brot stjórnanda á samningi leiði af sér tjón, en eðlilega fela ekki allir samningar í sér fjárhagslega hagsmuni. Þá er hér einnig átt við brot á samningum sem gilda um hlutverk og skyldur stjórnanda gagnvart félagi sínu. Sjaldnast er ágreiningur um hvort sammingsbrot hafi átt sér stað, þar sem brotið er almennt þegar ljóst er aðilar sammings efna ekki skyldur sínar.⁴⁶

Ef stjórnandi sinnir ekki skyldum sínum samkvæmt þeim lögum og/eða reglum sem tilheyra starfi hans kann það að leiða til brota á þeim skyldum sem honum er falið að gegna. Við framkvæmd starfa er stjórnendum jafnan falið að gegna margvíslegum skyldum á mismunandi sviðum. Til að mynda getur stjórnandi verið fjárhaldsmaður félagsins og þar með ráðstafað fjármunum þess (e. Fiduciary duties). Komi í ljós að stjórnandi hafi farið óvarlega með fjármuni félagsins getur það leitt til brota á skyldum hans sem kann að vera metið til sakar. Auk þess getur stjórnandinn haft skyldum að gegna sem umboðsmaður félagsins út á við, til dæmis með aðkomu sinni að ritun firma til samninga og prókúru.

Einnig ber honum skylda til að gæta hagsmuna félags síns og vanda til verka (e. Duty of care). Erfitt er að fylgja tilteknum stöðlum eða mælikvarða hvað slíka skyldu varðar en líta bæri þó til hæfni stjórnanda til að sinna umræddu starfi, þ.e. almennrar þekkingar, hæfni og reynslu, og hvort háttsemi hans hafi verið í samræmi við þær ákvarðanir sem hæfur stjórnandi hefði almennt tekið.⁴⁷ Til viðbótar framangreindum skyldum má einnig benda á faglegar skyldur stjórnanda samkvæmt settum lögum. Við mat á því hvort stjórnandi hafi farið út fyrir skyldur sínar þarf eitthvert tilefni eða atvik að hafa átt sér stað svo reyna megi á umrætt brot. Þá þarf að sýna fram á að brot stjórnandans á skyldum hans hafi falið í sér óréttmæta aðgerð sem telja má honum til sakar.

7.2.2.7 Trúnaðarbrot

Brot á trúnaði samtvinnast framangreindum atriðum um rangfærslur, brot á samningum og misvísandi yfirlýsingum. Stjórnendur bera trúnaðarskyldur um málefni félagsins út á við, gagnvart hluthöfum, viðskiptavinum og öðrum aðilum er starf þeirra kann að snerta. Ástæður

⁴⁶ Ray Hodgin: *Professional Liability: Law and Insurance*, bls. 88.

⁴⁷ Ray Hodgin: *Professional Liability: Law and Insurance*, bls. 9-10.

fyrir trúnaðarskyldum geta eðlilega falið í sér gríðarlega hagsmuni fyrir hlutaðeigandi, hvort heldur sé um að ræða innherjaupplýsingar sem geta haft áhrif á gengi verðbréfa, viðskiptasamninga og verðlagningu vara svo fátt eitt sé nefnt. Ýmis ákvæði íslenskra hlutafélagalaga áskilja stjórnendum sínum að gæta trúnaðar, sbr. 67. gr. hl., þar sem þeim er gert að upplýsa félagsstjórn félags síns um hlutafjáreign sína. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum sé óheimilt að misnota aðstöðu sína til viðskipta með eigin hluti félagsins eða félaga innan sömu samstæðu.⁴⁸

Trúnaðarrestir lýsa sér þannig í hegðun stjórnandans sem misnotar aðstöðu sína gagnvart félaginu með óheimilli ráðstöfun á hagsmunum þess. Þá getur trúnaðarrestur engu að síður verið fyrir hendi þó vilji hafi ekki staðið til þess að brjóta hann, þ.e. vegna mistaka sem geta haft afleiðingar.

7.2.2.8 Óréttmætar ásakanir

Stjórnendur eru einnig tryggðir gagnvart óréttmætum ásökunum á hendur sér. Um mikilvægt atriði er að ræða, enda má jafnan rekja tjón til margra samverkandi þátta líkt og áður hefur komið fram. Þar af leiðandi getur verið flókið að leiða hina sönnu stöðu ábyrgðar til lykta. Af þessu má ráða að ef nánari athugun leiðir í ljós að tjón þriðja manns uppfyllir ekki nauðsynleg skilyrði orsakatengsla milli háttsemi stjórnanda og tjónsins, sé um óréttmæta ásökun að ræða. Í kjölfar þess ætti stjórnandinn rétt til greiðslu úr tryggingunni fyrir útlögðum kostnaði, ef honum er að skipta, vegna hinna óréttmætu ásakana. Þarf slík niðurstaða eftir sem áður að vera endanleg niðurstaða.

7.2.3 Óréttmætar aðgerðir samkvæmt íslenskum rétti

Skilyrði íslensks skaðabótaréttar gera annars konar kröfur til greiðslu bóta heldur en skilyrði stjórnendaábyrgðartrygginga um óréttmætar aðgerðir og þá atburði sem falla þar undir. Sú spurning vaknar því hvort hægt sé að heimfæra hugtakið óréttmætar aðgerðir til almennra skilyrða íslensks skaðabótaréttar.

Dómur *Hérd. Rvk. 25. apríl 2016 (E-2942/2014)* lýsir þessu einna best, en þar var deilt um tvær tiltekna fjárfestingar á vegum Lífsverks lífeyrissjóðs og hvort þáverandi stjórnarmenn

⁴⁸ Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélagaréttur*, bls. 327-328.

sjóðsins og framkvæmdastjóri þess gætu talist persónulega ábyrgir vegna þess fjárhagstjóns sem af fjárfestingunum leiddi.

Umræddar fjárfestingar fólu í sér kaup lífeyrissjóðsins, fyrir milligöngu Landsbanka Íslands hf., á svonefndum lánshæfistengdum skuldabréfum (e. credit linked notes) sem útibú svissneska bankans UBS AG gaf út.

Fyrri fjárfestingin hljóðaði upp á 1.000.000 kr. í lánshæfistengdu skuldabréfi UBS og var frágengin 25. mars 2008. Skuldabréfið var gefið út í íslenskum krónum. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins voru vextir af bréfinu fastávarðaðir við útgáfu og miðuðu við 3 mánaða REIBOR-vexti (millibankavexti í krónum á Íslandi), auk 10,7% álags.

Skuldabréfið hafði að geyma tvenns konar innköllunarákvæði. Annars vegar var um að ræða innköllunarheimild við skilgreindan „lánshæfisatburð“ (e. Credit event), sem mælti fyrir um að við greiðslufall, gjaldþrot eða fjárhagslega endurskipulagningu hjá Kaupþingi banka hf. eða Glitni banka hf. hefði útgefandi heimild til að gera skuldabréfið upp á innlausnarverði, sem skyldi svara til uppboðsandvirðis tiltekinnar skuldabréfa í Kaupþing og Glitni (e. Cash redemption).

Hins vegar var í skilmálunum innköllunarheimild við kveikjuatburð (e. Trigger event) sem miðaði við að heimilt væri að innkalla skuldabréfið og gera það upp, ef snemmbúin innköllunarfjárhæð (e. Early Unwind Amount) færi niður í eða undir 50% af upphaflegu verði skuldabréfsins. Samkvæmt skilmálunum átti handhafi skuldabréfsins um tvo kosti að velja við kveikjuatburð. Annars vegar að kaupa af útgefanda nýtt skuldabréf (e. Exchanged Note) sem kæmi í stað fyrra skuldabréfsins (e. Switch Option). Hinn kosturinn var að setta sig við uppgreiðslu á grundvelli snemmbúinnar innköllunarfjárhæðar (e. Early Unwind Amount).

Í september 2008 leiddi hækkun skuldatryggingarálags Kaupþings og Glitnis til kveikjuatburðar með þeim afleiðingum að skilmálar samningsins frá 25. mars 2008 um innköllun urðu virkir. Brá framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins á það ráð ásamt öðrum stjórnendum að fjárfesta í nýju skuldabréfi til þess að koma í veg fyrir lokun fyrra bréfsins með tapi. Í skilmálum nýja skuldabréfsins var að finna innköllunarákvæði vegna skilgreinds lánshæfisatburðar hjá Kaupþing og Glitni líkt og í því fyrra. Þegar bönkunum voru skipaðar skilaneindir í október 2008 í kjölfar fjármálakreppunnar innkallaði UBS lánshæfistengdu skuldabréfin. Var þar um að ræða tvö skuldabréf á hendur Kaupþingi banka hf. annað að nafnverði 9.200.000 evrur en hitt að nafnverði 300.000 evrur. Þessu til viðbótar hafi verið eitt skuldabréf á hendur Glitni banka hf., að nafnverði 9.450.000 evrur. Sjálf lánshæfistengdu skuldabréfin voru þannig verðlaus.

Efnahagshrunið hratt af stað ýmsum rannsóknum á starfsemi banka, lífeyrissjóða og annarra fjármálafyrirtækja. Ný stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs fól endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte að rannsaka umræddar fjárfestingar í aðdraganda hrunsins. Komist var að þeirri niðurstöðu að samkvæmt 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 væri lífeyrissjóðum einungis heimilt að fjárfesta í afleiðusamningum sem drægju úr áhættu sjóðsins. Því léki vafi á heimild sjóðsins til viðskiptanna. Við nánari athugun var komist að því að framkvæmdastjóri og stjórnendur sjóðsins hefðu virt að vettugi ýmsar upplýsingar og vísbendingar um áhættuþætti fjárfestinga sinna og hefðu beinlínis farið þvert gegn lögbundnum fjárfestingarheimildum sínum og samþykktum sjóðsins.

Vátryggingartaki, lífeyrissjóðurinn sjálfur, krafðist skaðabóta úr stjórnendaábyrgðatryggingu útgefni af Vátryggingafélagi Íslands sem stjórnendur lífeyrissjóðsins heyrðu undir.

Taldi sjóðurinn að umræddar fjárfestingar hefðu falið í sér saknæma og ólögmeða háttsemi fyrrum stjórnenda hans sem réttilega yrði heimfærð til skilgreiningar skilmálanna á hugtakinu „wrongful act“. Þá segir í dómnum:

Enn fremur kemur fram í skilgreiningarkafla skilmála váttryggingarinnar að með „ólögmætri háttsemi“ (e. wrongful act) sé átt við „any actual or alleged act or omission committed or attempted by the assured or any matter claimed against the assured solely by reason of the assured acting in the capacity of D&O or carrying out duties for the pension fund“.

Athygli vekur að svo virðist sem skilgreiningin hafi ekki að geyma sjálfstæða skilgreiningu á því hvað felist í „óréttmætu“ eða „ólögmætu“ atferli eða athöfn. Virðist því öll háttsemi stjórnenda eða yfirmanna stefnanda geta fallið þar undir, sem verði þó líklega að takmarka við almennan málskilning á orðinu „ólögmætur“ svo sem heiti hugtaksins ber með sér.

Af því virðist þannig leiða að saknæm háttsemi þurfi að hafa átt sér stað af þeirra hálfu.

Hér tekur dómurinn fram að skilgreining hugtaksins hafi ekki að geyma sjálfstæða skilgreiningu á því hvað felist í „óréttmætu“ eða „ólögmætu“ atferli eða athöfn. Er því gengið út frá þeirri túlkun að undir hugtakið falli öll möguleg háttsemi stjórnenda eða yfirmanna líkt og áður hefur komið fram varðandi erlenda sundurliðun hugtaksins. Á hinn bóginn er túlkunin takmörkuð við almennan málskilning á orðinu „ólögmætur“. Niðurstaða dómsins var því sú að skilgreining þess á hvað teljist óréttmætar aðgerðir skuli vera til samræmis við almennar reglur skaðabótaréttarins þannig að hugtakið taki til ólögmætrar og saknæmrar háttsemi.

Af þessu má ráða að dómurinn sé sammála áður fram kominni túlkun bresks réttar um rúma merkingu hugtaksins. Á hinn bóginn takmarkast hugtakið við saknæmar athafnir stjórnenda. Ef litið er til annarra dóma og úrskurða varðandi túlkun á umræddu hugtaki fer ekki mikið fyrir röksemdum um samræmingu skilmálanna til skilyrða í íslenskum skaðabótarétti.

Í *Hrd. 5. nóvember 2012 (619/2012)* höfðaði Protabú Baugs Group hf. mál á hendur fyrrum stjórnanda sínum vegna tiltekinna fjárfestinga sem fólu í sér verulegt tap fyrir félagið. Á grundvelli þess var krafist greiðslu bóta úr stjórnendaábyrgðartryggingu þeirri er fyrrum stjórnandi naut verndar. Helsta álitafni málsins snerist þó að lögsögu þess en nánar verður vikið að þeirri umfjöllun síðar. Við mat á því hvort háttsemi fyrrum stjórnandans hefði falið í sér óréttmæta aðgerð var litið til skilmála ábyrgðartryggingarinnar. Þá segir í dómnum:

Í II. hluta skilmálanna sé að finna skilgreiningar á hugtökum. „Wrongful act“ sé skilgreint í váttryggingunni m.a. sem meint eða staðreynd yfirsjón, rangfærsla, athöfn, vanræksla, brot á starfsskyldu, trúnaðarskyldubrot sem stjórnarmaður og eða yfirmaður gera tilraun til eða eru sagður hafa valdið í starfi sínu sem stjórnarmenn eða yfirmenn. Verði við framangreinda skilgreiningu miðað, þótt notast verði við íslenska orðið „ólögmæt athöfn“. Ljóst sé að athafnir stefnda í aðalsök, Jóns Ásgeirs, í tengslum við Project Polo falli undir ólögmeða athöfn í skilningi tryggingarinnar, enda hafi verið um brot á lögum, starfsskyldu og trúnaðarskyldu að ræða o.fl.

Þar sem dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að málsaðilar hefðu samið um varnarþing erlendis var ekki farið fleiri orðum um ágreining þeirra varðandi háttsemi fyrrum stjórnandans. En samkvæmt því er kemur fram hér að ofan virðist þó túlkun dómsins vera á þann veg að hugtakið óréttmætar aðgerðir feli meðal annars í sér brot á lögum, starfsskyldu og trúnaðarskyldu. Slík túlkun er í samræmi við umfjöllun bresks réttar um hugtakið. Þó er hvergi vikið að skilyrðum skaðabótaréttarins um saknæmi og ólögmæti heldur beinlínis gengið út frá því að brot á áður nefndum reglum feli í sér óréttmæta aðgerð stjórnanda.

Til viðbótar má nefna *Hrd. 27. maí 2004 (482/2003)* en þar höfðaði Lífeyrissjóður Austurlands mál á hendur fyrrum stjórnanda sínum vegna lánveitingar hans til félagsins Burnham International. En skömmu eftir lánveitinguna var Burnham tekið til gjaldþrotaskipta og ekkert fékkst upp í greiðslur vegna lánsins. Lífeyrissjóðurinn hélt því fram að um óréttmæta aðgerð hefði verið að ræða í skilningi vátryggingarskilmála Tryggingamiðstöðvarinnar um stjórnendaábyrgðartryggingu fyrrum stjórnanda síns og taldi sig eiga rétt til greiðslu bóta, en fyrir lá að ekki hefði verið aflað nægra trygginga fyrir láninu og lánveitingin hafi farið fram án alls samráðs við stjórn lífeyrissjóðsins. Í dómnum er nánar kveðið á um hugtakið óréttmætar aðgerðir:

Stefnandi kveður réttargæsluáðild Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (TM) þannig til komna, að sjóðurinn hafi a.m.k. frá árinu 1998 til loka ársins 2002 keypt ábyrgðartryggingu hjá félaginu. Í tryggingarskilmálum sé tryggingin nefnd *ábyrgðartrygging stjórnenda og stjórnarmanna og starfsábyrgðartrygging framkvæmdastjóra*. Þar segi í *section II*, að tryggingin taki til tjóns, sem verði vegna óstjórnar (wrongful act) af hálfu framkvæmdarstjóra, stjórnenda og annarra stjórnarmanna. Einnig segi þar, að hugtakið óstjórn (wrongful act) merki m.a. mistök, trúnaðarbrest eða að viðkomandi stjórnandi stefnanda hafi farið út fyrir heimild sína. Það hljóti að falla undir hugtakið óstjórn, ef framkvæmdastjóri láni út fé sjóðsins, án þess að nægar baktryggingar séu fyrir hendi. Stefndi hafi þannig ljóslega farið út fyrir heimild sína, þegar hann heimildarlaust veitti Burnham International umrætt lán, án þess að gæta þess að nægar tryggingar væru fyrir hendi. Ljóst sé, að fé þetta sé stefnanda glatað, þar sem eignir bús Burnham International nægi ekki til greiðslu forgangskrafna. Tjón stefnanda sé þannig bein afleiðing aðgerða stefnda.

Deilt var um starfslok fyrrum stjórnanda og metið sem svo að samkvæmt starfslokasamningi hans hefðu aðilar fallist á það að hvorugur ætti kröfur á hendur hinum vegna starfslokanna. Á hinn bóginn var fallist á með lífeyrissjóðnum að hann gæti engu að síður höfðað skaðabótamál á hendur honum vegna athafna hans sem stjórnanda.

Hvað varðar túlkun á hugtakinu óréttmætar aðgerðir er, líkt og í dómnum hér að ofan, ekki vikið sérstaklega að samræmi þess við íslenskar skaðabótareglur. Dómurinn lætur við það sitja

að benda á að háttsemi stjórnandans hafi verið viðhöfð í heimildarleysi, ekkert hafi fengist greitt upp í lánið og því hafi lánveitingin leitt af sér tjónsatburð sem meta beri stjórnanda til sakar. Með vísan til þessa er talið að framangreind háttsemi stjórnandans myndi alla jafna uppfylla skilyrði skaðabótaábyrgðar þrátt fyrir að niðurstaða dómsins hafi farið á aðra vegu með tilliti til nýkominna laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða.

Að lokum, varðandi hið umrædda hugtak, má nefna *úrskurð úrskurðanefndar í váttryggingamálum 2. nóvember 2010 (236/2010)* en þar var deilt um túlkun skilmála stjórnendaábyrgðartrygginga og höfnun Váttryggingafélags Íslands hf. á viðurkenningu til greiðslu bóta úr tryggingunni.

Fjármálafyrirtækið F átti í viðskiptum við M um útgáfu skuldabréfa árið 2008 vegna tiltekins verkefnis sem F stóð í. Bréfin voru útgefin af fjárfestingarfélaginu B, en F átti 28% í fjárfestingarfélaginu í gegnum dótturfélag sitt Z. Greiðslufall varð af hálfu F og talið að verulega hafi skort á upplýsingagjöf hans til M. Í kjölfar þessa var málið lagt fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki árið 2009 sem komst að þeirri niðurstöðu að F hefði farið á svig við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og hagsmuni M sbr. 4. gr. þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003 og 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Með úrskurðinum var F gert að greiða bætur til M vegna tjóns hans en stóð ekki við það. Í kjölfar þess gerði M kröfu til greiðslu bóta úr stjórnendaábyrgðartryggingu F hjá Váttryggingafélagi Íslands hf. Vís hf. bar fyrir sig að krafa M væri of seint fram komin enda væri ábyrgðartryggingin fallin niður. Þá bar Vís einnig fyrir sig að orsakatengsl milli háttsemi forstjóra F og tjóns M væru ekki sönnuð. Úrskurðarnefndin tók til umfjöllunar skilmála váttryggingarinnar og túlkaði hugtakið krafa með víðtækum hætti. Málskot M til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki á sínum tíma var talin falla undir kröfugerð á hendur F og hefði krafan því verið gerð innan gildistíma váttryggingarinnar. Loks var deilt um hvort orsakatengsl hafi orðið milli samstarfs F við nafngreindan aðila A og tjóns M. A var forsvarsmáður þeirra fjárfestingarféлага sem höfðu gefið út skuldabréfið fyrir F, en M vildi meina að til viðskiptana hefði aldrei komið ef hann hefði vitað hver væri í fyrirvari fyrir umrædd félög. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að vegna skorts á fullnægjandi upplýsingum vegna viðskiptanna hafi forstjóri F ekki gert þær ráðstafanir sem honum bar að gera sem ábyrgum stjórnanda skv. ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995 og átti M því rétt til bóta.

Í niðurstöðum dómsins er vísað til laga um hlutafélög varðandi ábyrgð stjórnenda og út frá því talið að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Þrátt fyrir að úrskurðarnefndin nefni það ekki berum orðum má þó ganga út frá því að vegna niðurstöðu sinnar telji hún einnig að skilyrði skilmála váttryggingarinnar séu uppfyllt og að háttsemi stjórnandans hafi falið í sér „óréttmæta aðgerð“.

Af framangreindum dómum og úrskurðum má draga þá ályktun að hugtakið óréttmætar aðgerðir beri að skýra til samræmis við almennar reglur íslensks skaðabótaréttar þannig að hugtakið taki til ólögætrar og sagnæmrar háttsemi.

Að undanskildum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Lífsverks lífeyrissjóðs virðast dómendur og úrskurðaraðilar tregir til að heimfæra skilyrði skilmála trygginganna til samræmis við skilyrði íslensks skaðabótaréttar um saknæmi og ólögmæti, að minnsta kosti berum orðum. Svo virðist sem heimfærsla atvika til saknæmis og ólögmætis felist fremur í vísun til brota á settum lögum og hvort grófleiki brotsins geti falið í sér saknæma og ólögmæta háttsemi. Er þannig skautað fram hjá heimfærslu skilmálanna en engu að síður komist að þeirri niðurstöðu að ef grófleiki brots á hinum settu lagaákvæðum uppfyllir skilyrði saknæmis og ólögmætis megi ganga út frá því að skilyrði skilmálanna um óréttmætar aðgerðir sé einnig uppfyllt. Þar sem dómaframkvæmd á þessu sviði er ábótavant skal ekki ályktað meira um hvernig dómendur gætu komist að niðurstöðu sams konar mála.

Á hinn bóginn er áhugavert að velta fyrir sér hvernig skilyrðum skaðabótaábyrgðar yrði fullnægt ef krafist yrði bóta á grundvelli stjórnendaábyrgðartryggingar vegna óréttmætra aðgerða stjórnanda félags sem heyrði ekki undir önnur lög en til dæmis lög um hlutafélög eða einkahlutafélög. Við slíkar aðstæður gæti skapast meiri vafi um túlkun hinnar óréttmætu aðgerðar. Líta þyrfti til ætlaðs tjóns og hversu langt háttsemi stjórnandans gekk.

Að svo búnu má velta því upp hvaða aðrir túlkunarkostir stæðu til boða ef ekki yrði stuðst við framangreinda heimfærslu. Mögulegt væri að skrifa tryggingarnar upp á nýtt samkvæmt íslenskum skilyrðum en slík varanleg heimfærsla yrði líklegast háð endurtryggjendum vegna þess fyrir hve stóran hluta tryggingarinnar þeir standa.

7.2.3 Hve langt þarf háttsemin að ganga samkvæmt breskum rétti?

Samkvæmt sjónarmiðum bresks réttar þarf tjónþoli að sýna fram á að ætlað tjón hans megi sannanlega rekja til háttsemi stjórnandans. Slíkt getur reynst vandasamt ef fleiri en einn stjórnandi hafa komið að þeirri ákvarðanatöku sem leiddi til umrædds tjóns. Ljóst er að stjórnandi þarf að hafa viðhaft hina óréttmætu aðgerð í ljósi valdheimilda starfa sinna. Er því mikilvægt að greina milli þeirra athafna og aðgerða sem stjórnandi hefur heimildir fyrir. Þá er ekki hægt að gera kröfu á hendur stjórnanda vegna atburða er áttu sér stað fyrir valdatíð hans. Hafi aðili t.d. gegnt öðru hlutverki fyrir stjórnartíð sína sem einn hluthafa félagsins væri ekki hægt að gera kröfu á hendur honum vegna atburða sem áttu sér stað fyrir valdatíð hans.⁴⁹

⁴⁹ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 19-20.

Sá áskilnaður sem gerður er til heimfærslu atburða bresks réttar er sambærilegur heimfærslu atvika íslensks skaðabótaréttar, þ.e. heimfærsla með tilliti til sjónarmiða um orsök og sennilega afleiðingu sem fjallað var um í kafla 4.1 þessarar ritgerðar.

7.2.4 Gildistími tryggingar og aukinn tilkynningarfrestur

Vátryggingarsamningar eru almennt gerðir til eins árs í senn. Stjórnendaábyrgðartryggingar eru engin undantekning frá því, þó að undanskilinni endurnýjun tryggingarinnar. Tryggingin endurnýjast ekki sjálfkrafa, heldur þarf vátryggingartaki að óska sérstaklega eftir henni. Á gildistíma tryggingarinnar leikur því enginn sérstakur vafi. Kjósi vátryggingartaki ekki að endurnýja trygginguna getur hann engu að síður farið fram á aukinn tilkynningarfrest gegn vægara gjaldi en innheimt er fyrir heilt ár. Þannig getur hinn vátryggði notið aukins tilkynningarfrests, þ.e. rýmri tíma fyrir kröfur að skila sér til tryggingarinnar og þar af leiðandi lengri verndartíma. Rökin á bak við slíka viðbótarvernd er sú að það getur tekið tíma að afleiðingar vegna háttsemi stjórnanda komi fram samanborið við atburði á borð við bílslys eða þjófnað þar sem beinlínis liggur fyrir að krafa til tryggingar verði gerð. Um er að ræða svokallaðan aukinn „tilkynningarfrest“ (e. tail-cover).⁵⁰ Samkvæmt skilmálum íslensku vátryggingafélaganna getur hinn vátryggði notið verndar að loknum gildistíma í allt að 60 daga, vátryggingartaka og hinum vátryggða að kostnaðarlausu.

Óski vátryggingartaki ekki eftir að endurnýja trygginguna gildir áðurnefnt ákvæði um 60 daga ábyrgð. Hins vegar stendur vátryggingartaka, þ.e. félaginu og hinum vátryggða, til boða að kaupa viðbótartryggingu sem framlengir tilkynningarfrestinn til allt að 36 mánaða, sbr. ákvæði vátryggingarskilmála Howden:

If upon the Policy's expiry, the INSURER refuses to offer renewal terms, or the POLICYHOLDER declines to renew or cancels this Policy, the COMPANY and the INSURED PERSONS shall have the right to purchase one of the following DISCOVERY PERIODS:

- (i) 12 months at 75 per cent of the annual premium hereunder
- (ii) 24 months at 130 per cent of the annual premium hereunder
- (iii) 36 months at 150 per cent of the annual premium hereunder

Félagi eða stjórnanda er þannig heimilt að framlengja trygginguna um framangreind tímabil þrátt fyrir að vátryggingafélagð hafi synjað um endurnýjun tryggingarinnar. Úrræðið getur því leitt til verulegra hagsbóta fyrir hinn vátryggða, sér í lagi stjórnandann sjálfan til dæmis við

⁵⁰ Ian Youngman: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 30.

aðstæður þar sem félag hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta en kröfur á hendur stjórnandanum halda áfram að koma.

Til þess að hægt sé að verða við óskum váttryggingartaka um framlengingu eða aukinn tilkynningarfrest þarf að fara fram nýtt mat á aðstæðum hins váttryggða. Byggist matið á upplýsingum frá váttryggingartaka og/eða hinum váttryggða. Vanræksla á upplýsingaskyldu getur leitt til takmörkunar eða brottfalls ábyrgðar, sbr. 20. gr. vsl. Í *Hrd. 14. febrúar 2013 (390/2012)* var deilt um það hvort Glitnir banki hf. hefði við lok gildistíma stjórnendaábyrgðartryggingar sinnar öðlast rétt til kaupa á framlengdum tilkynningarfresti eða hvort tryggingin væri niður fallin. Sú váttrygging sem Glitnir keypti rann út 1. maí 2009 og framlengdist ekki sjálfkrafa.

Deilt var um ákvæði í skilmálum váttryggingar sem kvað á um að ef váttryggjandi neitaði að bjóða endurnýjun skilmála og skilyrða eftir að váttryggingin rynni úr gildi skyldi félagið, stjórnarmenn og yfirmenn eiga rétt á að kaupa 12, 24 eða 36 mánaða tilkynningarfrest að eigin vali. Þá var gerður áskilnaður um að tilkynning um slík kaup skyldu berast innan 30 daga frá lokum ábyrgðartíma tryggingarinnar.

Við lok ábyrgðartíma tryggingarinnar hófust samskipti milli Glitnis og Tryggingamiðstöðvarinnar um áframhaldandi vernd. Haft var samband við endurtryggjendur erlendis frá sem kölluðu eftir upplýsingum frá Glitni um stöðu bankans, ársreikninga o.fl. Umbeðnar upplýsingar skiluðu sér ekki og á þeim tíma, þ.e. eftir lok ábyrgðartímans, voru tilkynnt fjölmörg tjónstílvik sem orðið hefðu á váttryggingartímanum ef skilyrði um framlengdan frest væri uppfyllt. Var því haldið fram að TM hefði neitað að bjóða Glitni viðbótar tilkynningarfrest, en hann taldi sig eiga rétt til hans samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. Þá hélt Glitnir því fram að nægar upplýsingar væru til staðar fyrir váttryggjanda til mats á umsókn hans um endurnýjun.

Þá segir í niðurstöðum Héraðsdóm sem staðfest var fyrir Hæstarétti:

Að mati dómsins hefði stefnanda verið í lófa lagið að senda stefnda umsókn um trygginguna og önnur gögn, eftir því sem við átti, til þess að stefnda væri fært að taka afstöðu til beiðni stefnanda um endurnýjun tryggingarinnar. Það gerði stefnandi ekki og verður hann að bera hallann af því. Þótt stefnandi væri í slitameðferð verður ekki séð að það geti afsakað að hann afhenti stefnda ekki umsókn eða upplýsingar um fjárhag sinn, eins og stefndi óskaði eftir, eftir því sem stefnanda var unnt, enda bar stefnandi aldrei fyrir sig í samskiptum aðila vegna endurnýjunar tryggingarinnar vorið 2009 að honum væri það ómögulegt. Þá virðist sem stefnandi hafi unnið að því að kaupa tryggingu annars staðar á sama tíma og málsaðilar voru í samskiptum. Þar sem neitun stefnda á að bjóða stefnanda endurnýjun er ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því að réttur stofnist til handa stefnanda til að kaupa viðbótar tilkynningarfrest verður að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda.

Af dómnum má ráða að ef óskað er eftir framlengdum tilkynningarfresti eða endurnýjun tryggingar er váttryggingafélagi heimilt að kalla eftir upplýsingum frá hinum váttryggða varðandi andlag hins váttryggða þrátt fyrir að eldri upplýsingar liggi fyrir. Er slík beiðni eðlileg

enda er ljóst að aðstæður geta breyst verulega ár frá ári líkt og hér á við þar sem staða Glitnis umturnaðist í kjölfar efnahagshrunsins. Hér reyndi tryggingafélagið ítrekað að afla upplýsinga frá hinum váttryggða en án árangurs. Var því niðurstaðan sú að Glitnir yrði að bera hallann af því og átti þar af leiðandi ekki rétt til framlengingar á ábyrgð.

Þá getur váttryggingin, líkt og áður greinir, tekið til fyrrum stjórnar eða stjórnenda þess. Ef hinn váttryggði endurnýjar ekki trygginguna og lætur hjá líða að framlengja tilkynningarfræstinn, sbr. hér að ofan, verndar tryggingin fyrrum stjórnendur til 72 mánaða frá og með uppsagnardegi og án aukalegs kostnaðar. Ef váttryggingartaki semur aftur á móti við annað váttryggingafélag um sams konar tryggingu getur komið til álita hvort tryggingafélagið beri ábyrgð á þeim tíma er líður frá lokum einnar tryggingar til upphafs þeirrar næstu. Ýmis vandkvæði hafa komið upp varðandi túlkun á hugtakinu fyrrum stjórnendur eða „retired insured person“ samkvæmt áður nefndum skilmálum Howden trygginganna. Þar segir:

If the POLICYHOLDER does not renew this policy and does not replace it with any other policy affording directors and officers liability cover and none of the above DISCOVERY PERIODS are purchased, then each RETIRED INSURED PERSON shall automatically have a DISCOVERY PERIOD of 72 months at Nil additional premium. Such cover shall apply only to WRONGFUL ACTS or INVESTIGATIONS into conduct occurring prior to the date they became a RETIRED INSURED PERSON.

Í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 29. september 2010 (38/2010) var deilt um skilmála stjórnendaábyrgðartryggingar í tengslum við 72 mánaða tilkynningarfræst vegna fyrrum stjórnenda og hvaða merkingu bæri að leggja í orðin „who retired“.

M gegndi stjórnunarstöðu í fjármálafyrirtæki til 21. mars 2009 þegar Fjármálaeftirlitið skipaði fjármálafyrirtækinu skilanevnd. Af hálfu fjármálafyrirtækisins hafði verið keypt samsett bankaváttrygging hjá V en innifalið í þeirri ábyrgðartryggingu var stjórnendaábyrgðartrygging sem M heldur fram að hafi tekið til allra stjórnarmanna þess fjármálafyrirtækis sem hér um ræðir. Umrædd váttrygging gildi til 21. janúar 2009 en fyrir þann tíma hafði viðkomandi fjármálafyrirtæki óskað eftir endurnýjun váttryggingarinnar. V framlengdi síðan váttrygginguna til 15.4.2009, en þá óskaði skilanevnd fjármálafyrirtækisins ekki eftir frekari framlengingu eða endurnýjun váttryggingarinnar. M segist hafa fengið um það vitneskju í nóvember 2009 að fram væri komin kæra á hendur honum í tengslum við setu hans í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis. Í framhaldi af því leitaði M aðstoðar lögmanns vegna kærunnar á hendur honum. Af hálfu M var því haldið fram að kærur og rannsóknir vegna meintra refsilagabrota féllu ótvírætt undir váttryggingavernd þá sem hann hafði á grundvelli skilmála tryggingarinnar sem og kostnaðar af því að taka til varna í tilefni af slíkum kærum. Af hálfu M var því haldið fram að váttryggingin væri í eðli sínu hópváttrygging sbr. d-lið 2.gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga og því gildi um hana reglur 9. kafla þeirra laga. Í samræmi við það hafi V borið að senda M sérstaka skriflega tilkynningu eða með öðrum fullnægjandi hætti um að váttryggingin væri fallin niður. Var óumdeilt í málinu að honum hafi aldrei verið send slík tilkynning af hálfu V þess efnis að tryggingin væri fallin niður.

Þá var einnig haldið því fram að jafnvel þó að lítið yrði þannig á að váttryggingin hafi runnið sitt skeið á enda þá ætti M engu að síður bótarétt vegna ákvæða váttryggingarinnar um framlengingu váttryggingaverndar til handa fyrrverandi stjórnarmönnum. Í því sambandi benti M á að sé váttryggingin ekki endurnýjuð taki við 72 mánaða viðbótartímabil váttryggingaverndar, en M hafi þegar látið af störfum þegar váttrygging féll niður 15.4.2009. Var deilt um hugtakið fyrrverandi stjórnendur eða samkvæmt skilmálum, „who retired og hvort M sem stjórnandi skyldi falla undir hugtakið vegna eðlis starfsloka sinna.

Þá segir í niðurstöðum úrskurðarins:

Samkvæmt 2. kafla váttryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um ”Director’s & officers liability cover” segir í þriðja hluta ”section III. Extensions to cover” sbr. H, að 72 mánaða ”discovery period” sé sjálfkrafa í gildi verði váttryggingin ekki endurnýjuð eða viðbótarvernd ekki keypt. Grein þessi gildir um ”retired directors or officers” og er forsenda að þeir hafi látið af störfum fyrir svokallaðan ”date of non-renewal” þ.e. áður en váttryggingin var ekki endurnýjuð. Úrskurðarnefndin telur að með hugtakinu ”retired” sé átt við þá sem látið hafa af störfum fyrir dagsetningu ”date of non-renewal” óháð því hvort þeir hafi hætt störfum eða horfið til annarra starfa. Nefndin telur jafnframt að með ”date of non-renewal” sé átt við lokadagsetningu tryggingarinnar en hún gildi til 15.4.2009. Þann 21.3. 2009 skipaði Fjármálaeftirlitið fyrirtækinu sem hér ræðir skilanevnd og lét kærandi þá af störfum sem stjórnarformaður viðkomandi fyrirtækis. Skilyrði um að hann hafi látið af störfum fyrir ”date of non-renewal” er því uppfyllt. Jafnframt er uppfyllt það skilyrði að hvorki hafi verið keypt viðbótartrygging né tryggingin í heild sinni endurnýjuð og gildir ákvæði um 72 mánaða ”discovery period” því um M. Tilkynning um tjón barst innan þess tíma og á M því rétt á bótum úr tryggingunni.

Úrskurðarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að leggja beri rúma merkingu í hugtakið fyrrum stjórnandi og að það taki til allra stjórnenda sem látið hafi af störfum fyrir þá dagsetningu þegar of seint var að óska endurnýjunar tryggingarinnar. Gildir því einu af hvaða ástæðu starfslok báru að garði.

Til viðbótar úrskurðinum reyndi á sambærileg atriði í *Hérd. Rvk. 16. apríl 2013 (E-6107/2010)*. Þar töldu fyrrum stjórnarmenn bankans, Jón Sigurðsson, Lárus Welding og Þorsteinn M. Jónsson, sig falla undir framangreint ákvæði um 72 mánaða tilkynningarfrést.

Forsaga málsins er sú að vorið 2008 keypti Glitnir hf. stjórnendaábyrgðartryggingu af TM. Tryggingin tók gildi 1. maí 2008 og gildi í eitt ár eða til 1. maí 2009 og án sjálfkrafa endurnýjunar eins og segir í tryggingayfirlýsingu vegna tryggingarinnar. Samkvæmt skilmálum tryggingarinnar gekkst TM m.a. við því að greiða fyrir hönd stjórnarmanna og yfirmanna allt tjón sem hlýst af bótakröfu fyrir óréttmætar aðgerðir, enn fremur að greiða þeim kostnað, gjöld og útgjöld sem þeir verða fyrir vegna sérstakra málshöfðana og einnig kostnað sem þeir verða fyrir við að verjast bótakröfum vegna óréttmætra að gerða sem tryggingin nær til.

Þann 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar í Glitni banka hf. og vék jafnframt stjórn bankans frá og skipaði honum skilanevnd. Í kjölfar þessa atburða stóðu fyrrum stjórnendur í margvíslegum málaferlum héraðs og í Bandaríkjunum. Kröfðust þeir því greiðslu úr stjórnendaábyrgðartryggingu vegna þessa.

Ágreiningur stóð á milli aðila um hvenær og og hvernig starfslokum þeirra bar að og hvort þeir gætu fallið undir eftirfarandi ákvæði skilmála váttryggingarinnar er hljóðaði svo: „If the COMPANY does not renew or replace this Policy with any other policy affording directors and officers liability cover and a Discovery Period is not elected, a Discovery Period of 72 months

after the date of such non-renewal will be provided under this Policy against any DIRECTOR or OFFICER who retired before the date of non-renewal and which CLAIM is otherwise covered by this Policy.“

Að mati Tryggingamiðstöðvarinnar var talið að ákvæðið ætti ekki við um fyrrum stjórnendur bankans þar sem ný trygging hefði verið tekin hjá öðru váttryggingarfélagi að loknum gildistíma fyrri tryggingarinnar og þar af leiðandi hefði grundvöllur fyrir viðbótartilkynningarfrest fallið niður. Þá var talið að fyrrum stjórnendur uppfylltu ekki skilyrði hugtaksins „who retired“ og var lögð sú merking til þess að átt væri um stjórnendur sem hefðu látið af störfum sjálfviljugir eða farið á eftirlaun. Ætti slíkt ekki við í þessu tilviki, enda hefði stjórnendum verið vikið úr starfi. Báru fyrrum stjórnendur fyrir sig markmið ákvæðisins og að það hlyti að vera til þess fallið að stuðla að vernd við óvenjulegar aðstæður sem þessar. Þá var hafnað því sjónarmiði TM að hugtakið „who retired“ bæri að skilja á svo þröngan hátt að það tæki einungis til aðila sem hefðu sjálfviljugir látið af störfum heldur yrði frekar að túlka ákvæðið þannig að vísað væri til starfsloka stjórnanda óháð því með hvaða hætti þau bæri að.

Í niðurstöðum Héraðsdóms var talið að markmið ákvæðisins væri að veita fyrrum stjórnendum sem sakaðir eru um óréttmætar aðgerðir, viðbótarvernd við óvenjulegar aðstæður sem hafa leitt til þess að trygging er ekki endurnýjuð, ný trygging keypt eða tilkynningarfrestur ekki valinn. Ef gengið væri út frá öðru yrði ljóst að um takmarkaða réttarvernd væri að ræða, enda geta fyrrum stjórnendur ekki hlutast til um hvernig hin nýja stjórn hagar váttryggingum fyrirtækisins.

Hér er komist að sömu niðurstöðu og áður nefndur úrskurður úrskurðarnefndar og þar með staðfestur réttur fyrrum stjórnenda bankans til greiðslu úr ábyrgðartryggingunni.

Aftur á móti var dómnum áfrýjað til Hæstaréttar í máli *Hrd. 13. febrúar 2014 (481/2013)* þar sem Hæstiréttur komst að öndverðri niðurstöðu. Litið var til skilmála ákvæðisins sem kvað á um að tilteknum fimm skilyrðum þyrfti að vera fullnægt svo tilkynningarfrestur gæti verið framlengdur til 72 mánaða. Þá segir í dómnum:

Svo tilkynningarfrestur geti framlengst um 72 mánuði frá lokum váttryggingartímabils þarf fimm skilyrðum samkvæmt umræddum H-lið að vera fullnægt og þeim öllum í senn. Í fyrsta lagi því skilyrði að Glitnir banki hf. hafi hvorki endurnýjað hjá áfrýjanda upphaflega váttryggingu né keypt í hennar stað aðra sem veitir stjórnendum og yfirmönnum ábyrgðartryggingu. Í öðru lagi því skilyrði að ekki hafi verið keyptur viðbótar tilkynningarfrestur samkvæmt A-lið III. hluta váttryggingarskilmálanna. Í þriðja lagi að um sé að ræða stjórnendur og yfirmenn sem létu af störfum hjá váttryggingartaka áður en váttryggingin féll úr gildi. Í fjórða lagi að einvörðungu sé um að ræða kröfu sem hefði að öðrum kosti fallið undir gildissvið váttryggingarskírteinisins. Í fimmta lagi þarf að fullnægja því skilyrði að meðan stjórnandi eða yfirmaður starfaði hjá váttryggingartaka hafi átt sér stað háttsemi sem virt verði viðkomandi til sakar eða því sé haldið fram að slík háttsemi hafi átt sér stað.

Fyrir liggur samkvæmt því sem áður greinir að Glitnir hf. endurnýjaði ekki stjórnendatrygginguna sem Glitnir banki hf. keypti hjá áfrýjanda á árinu 2008 þegar gildistíma þeirrar tryggingar lauk. Á hinn bóginn er upplýst að Glitnir hf. keypti á árinu 2009 aðra stjórnendatryggingu hjá váttryggingarfélaginu UIB eins og áður er rakið. Var því keypt ný trygging hjá öðru váttryggingarfélagi í stað hinnar upphaflegu í skilningi H-liðar III. hluta stjórnendatryggingarinnar frá 2008. Er því samkvæmt skýru og afdráttarlausu orðalagi H-liðarinnar

ekki fullnægt því skilyrði að ekki hafi í stað upphaflegu tryggingarinnar verið keypt önnur trygging sem veitir stjórnendum og yfirmönnum ábyrgðartryggingu. Skiptir í því sambandi ekki máli þótt nýja tryggingin sé ekki að öllu leyti sama efnis og sú fyrri. Eins og áður segir þarf öllum framangreindum fimm skilyrðum að vera fullnægt í senn svo tilkynningarfrestur samkvæmt umræddum H-lið geti framlengst. Þegar af þessari ástæðu verður áfrýjandi sýknaður af kröfum stefndu í málinu.

Hæstiréttur metur sem svo að samkvæmt ákvæðinu þurfi öllum skilyrðum þess að vera fullnægt svo tilkynningarfresturinn geti framlengst til 72 mánaða. Vegna kaupa bankans á stjórnendaábyrgðartryggingu frá öðru váttryggingafélagi í stað hinnar upphaflegu váttryggingar væru skilyrði til framlengingar því brostin og því teldust fyrrum stjórnarmenn Glitnis ekki njóta verndar samkvæmt henni.

Ef framangreind atriði eru tekin saman stendur til boða aukinn tilkynningarfrestur eða viðbótarvernd gegn vægara gjaldi en greitt væri fyrir hefðbundna endurnýjun. Viðbótarfrestur upp að 60 dögum stendur til boða hinum váttryggða að kostnaðarlausu. Að öðru leyti er hægt að velja milli þriggja tímabila framlengingar að liðnum gildistíma þ.e. 12, 24 eða 36 mánaða framlengingu. Ef stjórnendur hafa látið af störfum njóta þeir sjálfkrafa verndar í 72 mánuði frá lokadegi ábyrgðartíma. Athuga ber þó að verndin tekur einungis til krafna sem rekja má til þess tímabils er tryggingin var í gildi. Atburðir sem koma upp á tímabili hins aukna tilkynningarfrest falla þannig ekki undir vernd tryggingarinnar. Þá er gerð krafa um ríka upplýsingaskyldu váttryggingartaka til váttryggingafélagsins varðandi framlenginguna. Að lokum ber þess að geta að ef váttryggingartaki tekur stjórnendaábyrgðartryggingu hjá öðru váttryggingafélagi þá fellur hinn aukni tilkynningarfrestur niður, sbr. niðurstöðu í máli Glitnis og fyrrum stjórnanda hans.

7.2.5 Heimild til fyrirframgreiðslu málskostnaðar

Þar sem stjórnandi þarf sjálfur að taka til varna vegna málaferla á hendur sér getur hann þurft að leggja út fyrir kostnaðinum sjálfur eða óskað eftir því við félag sitt að greiða kostnaðinn sem mögulegt er að fá til baka samkvæmt vernd stjórnendaábyrgðartryggingarinnar þegar endanleg niðurstaða málsins liggur fyrir. Kostnaður við slík málaferli getur verið verulegur og í sumum tilvikum getur félag viðkomandi stjórnanda ekki komið honum til aðstoðar. Stjórnanda stendur því til boða að fá hluta málskostnaðar fyrir fram samkvæmt ákvæði skilmála Howden váttryggingamiðlunar:

The INSURER agrees to give retrospective approval for an amount of 20% of the LIMIT OF LIABILITY for DEFENCE COSTS if the INSURER's prior written consent to the incurring of such DEFENCE COSTS cannot reasonably be obtained and provided that Extensions C and D do not apply.

Hægt er að óska eftir 20% af þeim hámarksbótum sem greiddar eru út fyrir einstakt tjón. Samkvæmt ákvæðinu þarf hinn váttryggði að sýna fram á að hann hafi ekki getað tekið til varna með öðrum leiðum. Komi þar af leiðandi til greiðslu bóta vegna athafna stjórnanda dregst frá sú upphæð sem hinn váttryggði hefur nú þegar fengið.

7.2.6 Sjálfkrafa vernd nýrra dótturfélaga

Ný dótturfélög og stjórnendur þeirra, hvort heldur til komin vegna samruna, kaupa eða stofnunar, njóta sjálfkrafa verndar samkvæmt tryggingunni að því gefnu að framangreindar tegundir sameiningar hafi átt sér stað innan gildistíma tryggingarinnar. Er um þetta fjallað í áður nefndum skilmálum Howden, nánar tiltekið B hluta kafla 3:

This Policy is automatically extended to provide cover in respect of an entity that becomes a SUBSIDIARY (through merger, acquisition or otherwise) during the POLICY PERIOD.

Coverage under this extension only applies to WRONGFUL ACTS or to INVESTIGATIONS into conduct occurring on or after the date such entity becomes a SUBSIDIARY.

Váttryggingin tekur einungis til atvika vegna óréttmætra aðgerða stjórnenda dótturfélaganna frá því tímamarki er kaupin eða samruninn átti sér stað. Um mikilvæg réttindi samkvæmt skilmálunum er að ræða enda getur ýmiss ágreiningur komið fram í kjölfar sameininga félaga.

7.3 Ákvæði sem takmarka rétt

7.3.1 Almenn

Váttryggingafélög takmarka ábyrgð sína með einum eða öðrum hætti. Líkt og áður hefur komið fram geta lög takmarkað bótaskyldu en einnig skilmálar váttrygginganna sjálfra. Eru slíkar takmarkanir eðlilegar, enda má ímynda sér að váttryggingarstarfsemi sem fæli í sér allsherjarábyrgð myndi fljótt líða undir lok vegna gríðarlegs fjölda bótakrafna og himinhárra iðgjalda. Í skilmálum stjórnendaábyrgðartrygginga er að finna sérstakan kafla sem undanskilur ákveðin atriði frá ábyrgð félagsins. Undanþágur geta verið misjafnar eftir

vátryggingarfélögum, enda eru tryggingarnar umsemjanlegar svo hægt er að semja um aukna ábyrgð gegn greiðslu hærra iðgjalds.

Ákveðnar undanþágur leiða beinlínis af eðli stjórnendaábyrgðartrygginga líkt og undantekning á greiðslu bóta vegna líkams- og eignatjóns, en slíkt tjón fellur almennt ekki undir gildissvið trygginganna. Þá ber einnig að geta samningsbundinna undanþága á borð við takmörkun ábyrgðar á atvikum er áttu sér stað fyrir gildistöku tryggingarinnar. Ólögmat háttsemi stjórnanda samkvæmt refsilögum er einnig undanskilin ábyrgð en það stríðir gegn eðli trygginga almennt að hægt sé að njóta verndar vátrygginga gagnvart refsiverðri háttsemi. Loks eru undanskilin atvik sem leiða má til hryðjuverka eða stríðsástands.

7.3.2 Fyrri vitneskja eða atburðir

Atvik sem áttu sér stað fyrir gildistöku tryggingarinnar eru undanskilin ábyrgð vátryggingafélagsins. Undir það falla meðal annars rannsóknir og aðrir atburðir sem leitt geta til kröfugerðar, sbr. skilmála vátryggingamiðlunarinnar Howden:

The INSURER shall not be liable to make any payment under this Policy: PRIOR NOTICE

arising from or attributable to any CLAIMS, circumstances or INVESTIGATIONS notified before the inception date of this Policy and accepted under another directors and officers liability policy of which this Policy is a renewal or replacement or which it may succeed in time.

Hafi atvik átt sér stað að einhverju leyti fyrir gildistöku tryggingarinnar, skal almennt litið svo á að upphaf kröfugerðarinnar miðist við það tímamark, en ekki þegar áhrifin, þ.e. tjónið, er komið fram að fullu. Mikilvægt er að leggja skýra merkingu í hugtakið fyrri atburðir eða fyrrum athafnir, en þar sem tryggingin gerir áskilnað um kröfugerð til að réttaráhrif verði virk má ganga út frá því að hér sé átt við að undanskildar séu kröfugerðir fyrir gildistöku hennar.⁵¹ Aftur á móti gætu aðilar samið sín á milli um víðtækara gildissvið tryggingarinnar sem tæki þá til atvika að ákveðnu tímamarki fyrir töku hennar. Þó er í fljótu bragði ekki að sjá neina ástæðu fyrir því af hverju tryggingafélag myndi ganga að slíkri viðbótarábyrgð þar sem vitneskja þess um félagið getur verið takmörkuð fyrir töku tryggingarinnar.

⁵¹ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 78.

7.3.3 Sérstakar athafnir stjórnenda

Með ólögmati háttsemi stjórnanda er hér átt við ólöglega og sviksamlega hegðun hans sem varðar sektum og refsingu samkvæmt refsilögum. Þá þarf niðurstaðan að vera staðfest fyrir dómi, sbr. skilmála váttryggingamiðlunarinnar Howden:

The INSURER shall not be liable to make any payment under this Policy: CONDUCT

arising from or attributable to:

- a. the committing of any deliberately dishonest or deliberately fraudulent act or omission by any of the INSURED PERSONS or:
- b. any personal profit or advantage gained by any of the INSURED PERSONS to which they were legally not entitled;

in the event that any of the above is established by FINAL ADJUDICATION against the INSURED PERSON or by formal written admission by the INSURED PERSON. Prior to FINAL ADJUDICATION or formal written admission the INSURER shall advance DEFENCE COSTS in accordance with the cover granted by this Policy.

Refsiverð háttsemi er undanskilin ábyrgð váttryggingarinnar og byggist sú undanþága á því sjónarmiði að hinn váttryggði geti ekki fengið bætur úr ábyrgðartryggingu til að standa straum af kostnaði sem féll til vegna ólögmatrar háttsemi hans. Má því deila um hvort það sé nauðsynlegt yfirhöfuð að hafa slíkt undantekningarákvæði í skilmálum þar sem afstaða dómstóla til slíkra atvika yrði alla jafna á sama veg, óháð því hvað kæmi fram í skilmálum tryggingarinnar. Þó hefur verið bent á að slíkt ákvæði geti falið í sér ákveðin varnaðaráhrif gagnvart hegðun stjórnenda.⁵²

Sams konar ákvæði er að finna í 27. gr. vsl. en þar segir að hafi váttryggður af ásetningi valdið tjóni sé félagið undanskilið ábyrgð.

Dæmi um ólögmeta háttsemi stjórnenda má nefna öflun ótilhlýðilegra hagsmuna, þ.e. eigna eða fjármuna sem stjórnandi átti ekki tilkall til, glæfralega eða vísitandi hegðun sem leiðir til tjóns og opinberun viðkvæmra upplýsinga.

Í máli *Hrd. 7. júní 2012 (442/2011)* reyndu forsvarsmenn Byrs sparisjóðs o.fl. að koma sér undan persónulegri ábyrgð á lánum, en vegna fyrirhugaðra breytinga sparisjóðsins Byrs í hlutafélag og samruna hans við Glitni banka hf. lá fyrir að svokölluðum stofnfjármarkaði með stofnfjárbréf sparisjóðsins yrði lokað vegna hinna sérstöku aðstæðna sem efnahagshrunið bar með sér. Afleiðing þess fælist í gjaldfellingum opinna lánasamninga. Í kjölfar þessara tíðinda

⁵² Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 68.

átti stjórnarformaður Byrs Sparisjóðs og sparisjóðsstjóri Byrs fund með framkvæmdastjóra MP banka, en þeir voru allir eigendur að stofnfjárbréfum Byrs. Lagt var á ráðin um hvernig koma mætti sér undan ábyrgð umræddra stofnfjárbréfa og var niðurstaðan sú að selja bréfin með fjármögnun féluginu Exeter Holdings ehf. sem var að mestu í eigu fyrrum stjórnarmanns MP fjárfestingabanka. Byr lánaði því Exeter fyrir kaupunum með yfirdráttarláni að upphæð 800.000.000 kr. með veði í bréfunum. Sama dag lánaði MP banki Exeter rúmlega 43.000.000 kr. til kaupa á stofnfjárbréfum. Framangreindar lánveitingar til Exeter holdings vöktu grunsemdir opinberra eftirlitsaðila, en fyrir þær hafði eiginfjárstaða félagsins verið neikvæð. Upphófust málaferli vegna þessa. Talið var að lánveitingarnar hefðu ekki verið kynntar með fullnægjandi hætti og þær hefðu farið á skjön við útlánareglur sparisjóðsins. Í dómnum varðandi útlánareglur kom meðal annars fram:

Upplýsingar um heimildir starfsmanna til að skuldbinda Byr sparisjóð við útlán og til að stofna til bindandi viðskipta í nafni Byrs er að finna í sérstakri reglu stjórnar þar að lútandi. Útlánareglur byggja á þeirri meginhugsun að útlánavald og ábyrgð fara saman. Þeir starfsmenn Byrs, sem hafa útlánaheimildir, bera jafnframt ábyrgð á að vinnubrögð við lánveitingar og innheimtu séu í samræmi við útlánamarkmið og útlánareglur Byrs á hverjum tíma. Meginreglan við ákvörðun um útlán er að meta áætlaða greiðslugetu og eignastöðu lánþega, framboðnar tryggingar og viðskipti við Byr með það fyrir augum að tryggja sem best að lántaki geti staðið við skuldbindingar sínar. Áður en lánveiting væri ákveðin skyldu liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um lánþegann, þær skráðar og unnið skipulega úr þeim.

Komist var að þeirri niðurstöðu að stjórnendur Byrs og tengdir aðilar hefðu með lánveitingunni farið út fyrir umboð sitt. Sú heimild sem þeir höfðu til að skuldbinda félagið var þar með virt að vettugi, án samráðs við aðra stjórnendur og án sérstakrar athugunar á greiðslugetu lánþegans, í þeim tilgangi að afla sér persónulegs ávinnings með því að koma áhættu á tjóni stofnbréfanna yfir á Byr sparisjóð. MP banki fékk þannig kröfur sínar greiddar, Exeter sat uppi með stofnfjárbréfin og Byr varð af endurgreiðslu lánsins þegar Exeter var úrskurðað gjaldþrota. Forsvarsmenn Byrs sparisjóðs sýndu þannig af sér refsiverða háttsemi sem talin var brotleg samkvæmt almennum hegningarlögum.

7.3.4 Líkams- og eignatjón

Stjórnendaábyrgðartryggingar taka ekki til líkams- eða eignatjóna. Með líkamstjóni er hér átt við veikindi, sjúkdóma eða dauðsföll. Hvað eignatjón varðar er átt við allar skemmdir, eyðileggingu eða aðra notkun á eign er veldur tjóni. Sjá ákvæði í váttryggingarskilmálum Howden:

The INSURER shall not be liable to make any payment under this Policy: BODILY INJURY AND PROPERTY DAMAGE

for bodily injury, sickness disease or death of any person or damage to or destruction of any tangible property, including loss of use thereof, provided that this Extension shall not apply to DEFENCE COSTS or any CLAIM which is a SHAREHOLDER DERIVATIVE ACTION, a SECURITIES CLAIM, a CORPORATE MANSLAUGHTER PROCEEDING or involves emotional distress in connection with an EMPLOYMENT PRACTICE WRONGFUL ACT.

Líkams- eða eignatjón almennt starfsmanna getur verið tryggt samkvæmt svokallaðri starfsábyrgðartryggingu sem felur í sér vernd tiltekinnar fagstéttar líkt og lækna eða útgerðarmanna. Á hinn bóginn teljast stjórnendur sem slíkir ekki til sérstakrar fagstéttar. Líklegast gætu fyrirtæki þó tryggt stjórnendur sína með sérstakri slysa- eða eignatryggingu ef vilji stæði til þess.⁵³

7.3.5 Atvik sem rekja má til hryðjuverka eða stríðsástands

Atvik líkt og hryðjuverkaárás eða yfirvofandi stríð skekur samfélagið í heild sinni. Athafnir og atburðir geta þar af leiðandi litast af réttarástandi umrædds lands eða svæðis sem almennt eru ekki í takt við eðlilegan gang samfélagsins. Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem upp geta komið við slík atvik geta váttryggingafélög ómögulega gengist í ábyrgð fyrir stjórnendur á slíkum tímum eða vegna atvika sem af slíkum aðstæðum leiðir. Sjá ákvæði í váttryggingarskilmálum Howden:

The INSURER shall not be liable to make any payment under this Policy: WAR AND TERRORISM

arising from or attributable to LOSS or damage directly or indirectly occasioned by, happening through or in consequence of war, invasion, acts of foreign enemies, terrorism, hostilities or warlike operations (whether war be declared or not), civil war, rebellion, revolution, insurrection, military or usurped power or confiscation or nationalization or requisition or destruction of or damage to property by or under the order of any government or public local authority.

7.3.6 Kröfur sprotnar af deilum vegna alþjóðlegs samstarfs

Undanskildar eru kröfur til komnar vegna málaferla hins váttryggða er varðar refsiaðgerðir, bönn eða takmarkanir samkvæmt efnahags-, viðskipta- og tollabandalagsreglum Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins, Bretlands og Bandaríkjanna. Sjá váttryggingarskilmála stjórnendaábyrgðartrygginga Sjóvá:

⁵³ Váttryggingaskilmálar Howden bls. 13.

The INSURER shall not be liable to make any payment under this Policy: SANCTIONS

for DEFENCE COSTS which would expose INSURERS to any sanction, prohibition or restriction under United Nations resolutions or the trade or economic sanctions, laws or regulations of the European Union, United Kingdom or United States of America.

7.3.7 *Aðrar undanþágur*

7.3.7.1 *Vátryggður gegn vátryggðum eða hluthafa*

Ímynda má sér aðstæður þar sem stjórnandi telur að háttsemi annars stjórnanda innan sama félags hafi leitt til tjóns. Njóti báðir aðilar verndar samkvæmt sömu ábyrgðartryggingunni getur hvorugur gert kröfu til tryggingarinnar. Hins vegar væri slíkt mögulegt ef umræddir stjórnendur heyrðu hvor undir sína stjórnendaábyrgðartrygginguna, þ.e. hvor með sinn vátryggingarsamning.

Tilgangur þessarar undanþágu felst meðal annars í því að hindra stjórnendur í því að reyna að svíkja út tryggingafé úr eigin tryggingu félagsins. Atvikum gæti verið þannig háttað að félagið sjálft eða stjórnendur þess myndu sviðsetja tjón í samráði við þann stjórnanda sem myndi síðan bera ábyrgð á tjóninu. Í kjölfarið yrði síðan gerð krafa til tryggingarinnar með hefðbundnum hætti.⁵⁴

Færa má rök fyrir því að sams konar sjónarmið geti gilt um ágreining hluthafa félags gagnvart stjórnanda þess. Slíkar undantekningar eru þó valkvæðar en rökin á bak við þær felast einna helst í hinum nánú tengslum þeirra við félagið, sérstaklega ef um stærri hluthafa er að ræða.

7.3.7.2 *Uppsögn stjórnanda eða starfsmanns*

Stjórnunarstaða innan félags eða fyrirtækis kann að veita viðkomandi heimild til ráðningar starfsmanna. Stjórnandi eða starfsmaður sem hefur verið sagt upp, hvort heldur með forsvaranlegum hætti eða ekki, getur ekki gert kröfu til stjórnendaábyrgðartryggingar vegna ætlaðs tjóns síns, enda snýr tryggingin fyrst og fremst að því að standa straum af kostnaði vegna málsókna á hendur stjórnanda líkt og áður hefur komið fram.

⁵⁴ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 72.

7.4 Uppsögn

Þrátt fyrir að ábyrgðartíma váttrygginga eins og stjórnendaábyrgðartrygginga sé markaður ákveðinn gildistími samkvæmt efni váttryggingarsamnings kunna að koma upp aðstæður eða atvik sem leitt geta til uppsagnar á samningi fyrir lok gildistímans. Uppsögn váttryggingar felur í sér endanleg lok réttaráhrifa. Að meginstefnu til eru heimildir váttryggingartaka til að segja upp samningi rýmri en váttryggingafélagsins samkvæmt vsl.⁵⁵ Heimildir váttryggingafélagsins til uppsagnar snúa aðallega að atvikum við töku tryggingarinnar sem síðar koma í ljós, t.d. þar sem váttryggingartaki hefur vísvitandi gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og/eða þær eru byggðar á sviksamlegri háttsemi hans. Einnig er félaginu heimilt að segja upp tryggingu við sérstakar aðstæður, sbr. 1. mgr. 15. gr. vsl. og 2. mgr. 76. gr. vsl.

Váttryggingartaka er heimilt að segja upp samningi ef hann hefur ekki þörf fyrir trygginguna lengur, t.d. ef hinir váttryggðu hagsmunir eru ekki lengur í hans fórum eða af öðrum sérstökum ástæðum. Sérstakar ástæður að baki uppsagnar þurfa þó að vera málefnalegar og rökstuddar með tilliti til meginreglunnar um skuldbindingargildi samninga.⁵⁶ Skilmálar stjórnendaábyrgðartrygginga hafa ýmislegt við uppsagnarákvæði vsl. að bæta, en í uppsagnarákvæði tryggingaskilmála Howden segir:

This Policy may be cancelled at the earliest of the following dates:

- (i) after receipt by Howden on behalf of the INSURER of a written notice of cancellation from the POLICYHOLDER.
- (ii) 30 days after receipt by the POLICYHOLDER via Howden of a written notice of cancellation from the INSURER for non-payment of premium;
- (iii) such other time as may be agreed upon by the INSURER and the POLICYHOLDER in writing

However, notwithstanding the above this Policy shall not be cancellable by reason of insolvency of a COMPANY.

If, at the time of cancellation, no CLAIMS, circumstances which may give rise to a CLAIM or INVESTIGATIONS have been notified to the INSURER in accordance with the notification provisions in section VI, the INSURER shall refund the unearned premium calculated pro rata if the Policy is cancelled by the INSURER, or pro rata less fifteen per cent (15%) if the Policy is cancelled by the POLICYHOLDER.

No premium is refundable if, at the time of cancellation, notice has been given of a CLAIM, circumstances which may give rise to a CLAIM or an INVESTIGATION.

⁵⁵ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls 198.

⁵⁶ Frumvarp vsl. um 14. gr.

Ákvæðið kveður á um að uppsögnin sé gengin í gegn þegar váttryggingafélagið hefur gefið út tilkynningu þess efnis. Greiði váttryggingartaki ekki iðgjald vegna tryggingarinnar áskilur váttryggingafélagið sér rétt til að segja henni upp að 30 dögum liðnum eftir gjalddaga. Loks geta aðilar váttryggingarsamningsins samið sín á milli um endanlega dagsetningu tryggingar. Frábrugðið öðrum tryggingum segir hins vegar að ábyrgð hennar á hinum váttryggða falli ekki niður við gjaldþrot. Hverjar sem ástæður gjaldþrots kunna að vera liggur ljóst fyrir að kröfuhafar muni gera tilkall til þrotabúsins eða fyrrum stjórnanda félagsins. Er því mikilvægt að umræddar tryggingar taki til slíkra aðstæðna. Að lokum kveða skilmálarnir á um endurgreiðslu iðgjalda við tilteknar aðstæður, t.d. ef vitað er með vissu að engar kröfur verði gerðar á hendur félaginu eða stjórnendum þess.

Þar sem skilmálar stjórnendaábyrgðartrygginga eru að breskri fyrirmynd skulu þeir engu að síður túlkaðir með hliðsjón íslenskra laga um váttryggingarsamninga. Takmarki skilmálarnir að einhverju leyti ákvæði vsl. ganga lögin framár.

8 Hagnýt atriði

8.1 Almennt

Við fyrstu sýn virðist orðalag skilmála stjórnendaábyrgðartrygginga vera rúmt. Tryggingin verndar ýmiss konar stjórnendur vegna óréttmætra aðgerða þeirra sem samkvæmt skilmálum getur tekið til ýmissa fjölbreyttra aðstæðna. Umræddar tryggingar hafa þó vafist fyrir mönnum þegar á reynir líkt og áður hefur komið fram, sér í lagi vandamál sem komið hafa upp hérlandis varðandi túlkun breskra skilmála til samræmis við íslenskar aðstæður. Þá er það deginum ljósara að váttryggingastarfsemi sem slík felst ekki í greiðslu bóta hvenær sem eitthvað kemur upp á varðandi hina váttryggðu hagsmuni. Skilmálar trygginganna og sett lög girða fyrir slíka möguleika. Rísi ágreiningur um hver skuli bera ábyrgð kann váttryggingafélagið að hafa uppi mótbárur annað hvort á grundvelli skilmála tryggingarinnar eða settra laga.

Nú skal vikið að framangreindum atriðum auk helstu álitafni á sviði stjórnendaábyrgðartrygginga.

8.2 Aðalskyldur hins vátryggða

Fjallað hefur verið um mikilvægi tilkynningarskyldu vátryggingartaka og hins vátryggða að tilkynna um allar fram komnar kröfur á hendur sér auk tilkynninga um mögulega atburði sem kunna að leiða til bótaskyldu fyrir vátryggingafélagið. Það er áhugavert að umfjöllun á sviði stjórnendaábyrgðartrygginga nefni tilkynningarskyldu svokallað „trigger-event“ þar sem réttaráhrif tryggingarinnar eigi að koma fram. Raunin er hins vegar sú að bætur eru einungis greiddar út þegar nákvæm ábyrgð stjórnandans liggur fyrir. Með öðrum orðum, bætur eru einungis greiddar til stjórnanda eða félags hans samkvæmt vernd hliðar A eða hliðar B þegar ágreiningsmál hafa sannanlega verið til lykta leidd með gerð sáttar, niðurstöðu úrskurðarnefndar, gerðardóms eða fyrir almennum dómstólum. Ásakanir einar vegna mögulegrar ábyrgðar stjórnanda hafa ekki sérstakt áhrif á samband vátryggingartaka og vátryggingafélagsins. Þá ber einnig að árétta að kröfur sem eru auðleysanlegar og varða smávægilega hagsmuni yrðu líklegast ekki bættar á grundvelli stjórnendaábyrgðartrygginga.⁵⁷

Fyrirkomulag tryggingarinnar getur því skapað ýmis vandkvæði fyrir stjórnendur áður en endanleg niðurstaða liggur fyrir í máli þeirra. Samband stjórnanda við félög sín getur verið misjafnt og stjórnandi getur ekki gengið að því vísu að félagið muni standa straum af kostnaði sem kann að rísa vegna málaferla, til dæmis í tilviki skiptastjóra eða stjórnarmanna slitastjóra. Er því ljóst að stjórnendur geta þurft að leggja út fyrir kostnaði sem hlýst af því að taka til varna svo sem fyrir þóknun lögmanns, gagnaöflun o.fl. Geta þeir síðan átt von á hluta kostnaðarins til baka úr tryggingunni þegar endanleg niðurstaða í málinu liggur fyrir.

Til þess að fyrirbyggja að málsókn sé ekki gerð á hendur stjórnanda að tilhæfulausu getur stefndi, þ.e. stjórnandinn í þessu tilfelli, farið fram á að stefnandinn, þ.e. kröfuhafinn, leggi fram svokallaða málskostnaðartryggingu. Tryggingin hefur það hlutverk að tryggja hinum stefnda greiðslu þess kostnaðar sem kann að skapast vegna málsins. Um er að ræða réttarfarslegt hagræði sem samkvæmt íslenskum lögum takmarkar að vissu leyti stjórnarskrárbundin réttindi manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Samkvæmt íslenskum lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, nánar tiltekið 133. gr. laganna, getur hinn stefndi farið fram á málskostnaðartryggingu ef stefnandi er búsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings fríverslunarsamtaka Evrópu eða

⁵⁷ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 40.

aðildarríkis Haag-samningsins um einkamálaréttarfar eða ef leiða má líkur að því að hann sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Með vísan til umfangs krafna á hendur stjórnendum má þó telja að setning slíkra skilyrða hefði takmarkað gildi ef kröfuhafi teldi að verulegt tjón hefði skapast vegna háttsemi stjórnanda. Til dæmis fór fjárfestirinn Vincent Tchenguiz fram á 2,2 milljarða punda kröfu úr hendi endurskoðunarfélagsins Grant Thornton í Bretlandi og slitastjórn Kaupþing banka vegna tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir í kjölfar efnahagshrunsins og fall Kaupþings banka.⁵⁸

Þegar niðurstaða í máli stjórnanda liggur fyrir kunna þó ýmis atriði að koma í veg fyrir greiðslu bóta sem vikið verður að í næsta kafla.

8.3 Mótbárur váttryggingafélags

Á grundvelli reglna skaðabótaréttar eða á sviði váttryggingaréttar getur váttryggingafélag haft uppi mótbárur gagnvart kröfum á hendur sér. Verði tjón þarf að meta hvort skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt og hvort háttsemi váttryggðs falli undir gildissvið tryggingarinnar o.fl. Hér geta því eðlilega komið upp ýmis álitamál við túlkun váttryggingarsamningsins með tilliti til vsl. og skbl., en tryggingafélagið er almennt ekki bundið umfram ákvæði og greiðsluskyldu samningsins.⁵⁹

8.3.1 Mótbárur á grundvelli reglna skaðabótaréttar

Í 4. mgr. 44. gr. vsl. kemur fram að félag geti haft uppi sömu mótbárur gegn kröfu tjónþola og hinn váttryggði. Þá getur félagið einnig haft uppi aðrar mótbárur gegn tjónþola, svo fremi þær eigi ekki rót sína að rekja til háttsemi váttryggðs eftir að váttryggingaratburður varð. Þær mótbárur sem hér um ræðir felast þá í áskilnaði til þess að tjóni sé sannanlega valdið, hvort heldur af ásetningi eða gáleysi. Þá er skilyrði að tjónþoli og tjónvaldur séu í reynd ekki sami aðilinn, þ.e. ekki er hægt að eiga kröfu á hendur sjálfum sér.⁶⁰

Váttryggingafélagið hefur því sömu skaðabótaréttarlegu stöðu gagnvart tjónþola og hinn váttryggði og getur þar af leiðandi takmarkað ábyrgð sína eða andmælt skaðabótakröfu t.d. með vísan til skorts á saknæmisskilyrðum, meðábyrgð tjónþola, fyrningu krafna og skyldu tjónþola til að takmarka tjón sitt. Loks getur félagið einnig haft uppi gagnkröfur til skuldajafnaðar ef

⁵⁸ „Thenguiz fer fram á 2,2 milljarða punda í skaðabætur“, <http://www.vb.is>

⁵⁹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls. 429.

⁶⁰ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 56-57.

hinn váttryggði hefur átt slíka kröfu á hendur tjónþola, enda á tjónþoli ekki að öðlast betri rétt gagnvart félaginu heldur en hinum váttryggða.⁶¹

Undanskilið almennum reglum skaðabótaréttar varðandi stjórnendaábyrgðartryggingar getur váttryggingafélagið ekki krafist lækkunar bótagreiðslna vegna samsömunar stjórnanda við félag sitt, en eðli trygginganna ber slíkt ekki með sér. Tryggingarnar miða almennt við hámark bótafjárhæðar úr hverju tilteknu tjóni eða greiðslu bóta samkvæmt endanlegri sátt, úrskurði eða dómi.

8.3.2 Mótþáttur á sviði váttryggingaréttar

Um mótþáttur á grundvelli váttryggingaréttar gildir áðurnefnd regla 4. mgr. 44. gr. vsl. Hér vandast málið því váttryggingartaki gengur annað hvort að stöðluðum skilmálum þeirrar tryggingar sem hann tekur og/eða semur sérstaklega við váttryggingafélagið um nánar tiltekin atriði. Felur þetta í sér öllu flóknara mat á aðstæðum þar sem váttryggingafélög geta takmarkað bótaskyldu sína með víðtækari hætti. Ekki er nóg að háttsemi hins váttryggða falli undir trygginguna. Líta þarf til atriða á borð við hvort kröfugerð til tryggingarinnar hafi farið fram með réttum hætti og verið tilkynnt innan tiltekins tilkynningarfrests, hvort krafa sé umfram þá váttryggingarfjárhæð sem samið var um, hvort tjónið falli undir þá áhættu sem váttryggt er gegn, hvort váttrygging hafi verið í gildi þegar tjón varð og hvort félagi sé skylt að greiða bætur vegna háttsemi hins váttryggða fyrir tjónsatburð.

Sérstök frávik frá 44. gr. vsl. gilda um lögmæltar ábyrgðartryggingar, sbr. 45. gr. vsl., en þar segir að félag geti ekki haft uppi mótþáttur sem það gat haft uppi gagnvart tjónþola eða váttryggðum, ef það vissi eða mátti vita að um væri að ræða lögboðna ábyrgðartryggingu.⁶²

8.4 Algeng ágreiningsefni

Dóma- og úrskurðaframkvæmd hér á landi gefur ef til vill ekki haldbæra lýsingu á helstu ágreiningsefnum er við koma stjórnendaábyrgðartryggingum. Líkt og áður greinir hafa helstu ágreiningsefnin aðallega snúið að skilgreiningu hugtaka og skilmála hinna bresku ákvæða tryggingarinnar til samræmis við skilyrði íslensks réttar og þeirra laga sem þar eiga við. Til viðbótar þeim ágreiningsefnum skulu hér tekin til athugunar ýmis atriði sem á kann að reyna varðandi þá ábyrgð sem falin er í tryggingunum. Algeng ágreiningsefni snúa meðal annars að

⁶¹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls. 430.

⁶² Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls 436.

vátryggingarsamningi aðila og sáttaumleitan þeirra vegna tjónsatburða. Þá geta komið upp ýmis vandkvæði meðal vátryggingafélaga við útgreiðslu bóta þegar hinn vátryggði nýtur verndar fleiri en einnar tryggingar.

8.4.1 Slit og afturköllun á vátryggingarsamningi

Ágreiningur varðandi töku tryggingar varðar einungis aðila vátryggingarsamnings og kemur raunar þriðja aðila ekki við. Hér er um að ræða háttsemi vátryggingartaka varðandi upplýsingagjöf til vátryggingafélagsins. Mikilvægt er að upplýsingar sem kunni að skipta máli varðandi þá hagsmuni sem tryggja skal séu réttar og nægilegar svo vátryggingafélagið geti metið umfang og áhættuþætti tryggingarinnar sem óskað er eftir. Á vátryggingafélagið hallar í þessum efnum en eðli málsins samkvæmt býr vátryggingartaki yfir meiri upplýsingum um eigin rekstur og starfsemi. Vátryggingafélagið hefur þó oftast faglega yfirburðarstöðu, þ.e. varðandi samningu skilmála, aðgengi að sérfræðingum o.fl.⁶³

Í áðurnefndum vsl. er að finna heimild vátryggingafélags til að kalla eftir upplýsingum frá vátryggingartaka við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings. Þar kemur fram í 20. gr. vsl. að vanræksla á upplýsingaskyldu getur leitt til slita á vátryggingarsamningi eða í það minnsta takmörkun eða útilokun skaðabóta vegna tiltekins atviks. Þá kemur fram í 3. mgr. sömu greinar að líta skuli til atvika hverju sinni, hvað vanræksla upplýsinga hafi haft mikil áhrif. Til álita kemur hvort vátryggingartaki hafi óafvitandi eða vísvitandi veitt rangar upplýsingar. Vátryggingafélagið þarf einnig að sýna fram á að byggt hafi verið á upplýsingunum og sýna fram á tengingu háttseminnar við takmörkun eða útilokun ábyrgðar á atvikinu.

Á erlendri grundu hefur ágreiningur oftast snúið að rangri eða misvísandi upplýsingagjöf. Jafnan hafa komið upp aðstæður þar sem vátryggingartaki beinlínis leynir upplýsingum um mögulega kröfugerð á hendur sér. Að lokum hefur komið til ágreinings varðandi réttar fjárhagsupplýsingar félags.⁶⁴

8.4.2 Samningsbundnar undantekningar

Algennt er að félög eða fyrirtæki taki tryggingar til hagsbóta fyrir stjórnendur sína, en ekki er nauðsynlegt að stjórnendurnir sjálfir komi að töku hennar. Geta aðilar að vátryggingarsamningi samið sín á milli um tiltekin atriði líkt og áður greinir. Samningsbundnar

⁶³ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls. 116-118.

⁶⁴ Joseph P. Monteleone, Carrie E. Cope: *Directors' and officers' (D&O) liability*, bls. 113-114.

undantekningar gætu til dæmis falið í sér takmörkun bótagreiðslna umfram það sem skilmálar tryggingarinnar kveða á um. Hér mætti nefna vátryggingarsamning sem takmarkar hvað skuli falla undir greiðslur fyrir málskostnað til stjórnenda t.d. að einungis yrðu greiddar bætur fyrir málskostnað vegna mála sem fara fyrir dómstóla, en ekki bætur vegna málskostnaðar vegna gerðardóma eða sáttargerða.⁶⁵ Markmiðið með slíkri takmörkun væri líklegast falið í því að lækka iðgjaldagreiðslur.

8.4.3 *Sanngirni í málskostnaði*

Nær allar stjórnendaábyrgðartryggingar fela í sér ákvæði um sanngjarnan málskostnað. Málskostnaður getur hlaupið á tugum milljóna í stórum og umfangsmiklum málum. Vátryggingafélagið hefur þar af leiðandi gert áskilnað um að hinir vátryggðu sýni fram á nauðsyn þess kostnaðar sem krafist er. Umræddur kostnaður ræðst óneitanlega af eðli málsins en telja má að ákvæði um takmörkun kostnaðar geti falið í sér ákveðinn varnagla á hegðun stjórnenda.

8.4.4 *Sáttargerð*

Ágreiningur milli aðila kann að vera til lykta leiddur án aðkomu úrskurðarnefnda eða dómstóla og er í raun algengt að aðilar leitist við að leysa málin sín á milli. Í mörgum tilvikum er slík framkvæmd einfaldari, skjótvirkari og ódýrari. Njóti stjórnandi verndar ábyrgðartryggingar er samt sem áður mikilvægt að vátryggingafélagið sé haft með í ráðum ef ljúka á máli með sáttargerð. Algengt ákvæði í skilmálum stjórnendaábyrgðartrygginga takmarkar heimild hins vátryggða og þriðja aðila til að ljúka máli með sáttargerð án undirritaðs samþykkis vátryggingafélagsins. Í tryggingarskilmálum Howden kemur fram varðandi sáttargerð:

If the POLICYHOLDER consents to a settlement that is recommended by the INSURER and acceptable to the claimant, the applicable DEDUCTIBLE amount shall be retroactively reduced by twenty-five percent (25%) provided that the POLICYHOLDER agrees to such settlement within sixty (60) days of the settlement offer first being recommended by the INSURER.

Framangreint ákvæði kveður að mestu leyti á um lækun hinnar frádráttarbæru þóknunar við sáttargerð, sem dregst frá greiddum bótum. En samkvæmt þessu varðar sáttargerðin vátryggingafélagið að verulegu leyti, enda leggur það út fyrir þeim bótum sem samið er um. Með slíkum takmörkunum hindrar vátryggingafélagið einnig að frekari kröfur af hálfu

⁶⁵ Joseph P. Monteleone, Carrie E. Cope: *Directors' and officers' (D&O) liability*, bls. 117.

tjónþolans geti verið lagðar fram vegna óréttmætra aðgerða stjórnandans. Í máli Vigilant Insurance company gegn Bear Stearns fjárfestingabanka fyrir dómi New York Court of Appeals í Bandaríkjunum frá árinu 2008 hafði sá síðarnefndi gengið að sátt við eftirlitsaðila þar í landi. Stjórnendur bankans voru tryggðir stjórnendaábyrgðartryggingu og voru taldir ábyrgir á grundvelli hennar vegna of lítills aðskilnaðar, öðru nafni „kínamúrar“, milli tiltekinnar deilda innan bankans. Með samkomulagi við eftirlitsaðila, sem gert var án samráðs við váttryggingafélagið, var komist að þeirri niðurstöðu að fjárfestingabankinn hefði brotið gegn skilmálum tryggingarinnar og því hefði váttryggingafélaginu ekki verið skylt að greiða bætur vegna sáttargerðarinnar.⁶⁶

Þá getur váttryggingafélagið einnig tekið sér stöðu sáttasemjara og gengið á milli hins váttryggða og kröfuhafa um sáttargerðina. Um er að ræða svokallað „Hammer clause“ eða hamarsákvæði sem felur í sér að váttryggingafélagið leggur til sátt samkvæmt ákveðinni upphæð. Ef kröfuhafi samþykkir bótagreiðsluna en hinn váttryggði hafnar henni, þá getur váttryggingafélagið undanskilið sig greiðslu bóta umfram þá upphæð sem það lagði til í sáttargerðinni.⁶⁷

Slík ákvæði ættu að vera nokkuð sanngjörn frá sjónarhóli hins váttryggða, enda mun hann ekki standa undir greiðslu bótanna. Á hinn bóginn gæti verið deilt um kröfuna sjálfa og hvort hún eigi yfirhöfuð rétt á sér.

8.4.5 Aðrar gildandi tryggingar og samverkun þeirra á milli

Stjórnendaábyrgðartryggingar eru almennt teknar samhliða öðrum váttryggingum, þ.e. um starfsemi félagsins og stjórnandans sjálfs gilda aðrar váttryggingar sem eru til verndar annars konar áhættuþáttum. Þó geta komið upp aðstæður þar sem vernd váttrygginganna kunna að stangast á. Kemur þá til álita hvor tryggingin skuli taka til atburðarins og hvernig bótagreiðslum skuli háttáð. Slík atvik eru sjaldgæf en ímynda má sér aðstæður þar sem stjórnandi tilheyrir einnig tiltekinni fagstétt sem lýtur sérstökum lögum og nýtur verndar ábyrgðartryggingar samkvæmt faginu.⁶⁸ Dæmi um slíkt ákvæði hljóðar svo samkvæmt tryggingaskilmálum Howden:

This Policy applies as excess over any more specific insurance policy available from any source, including but not limited to any other valid and collectible directors and officers liability

⁶⁶ Joseph P. Monteleone, Carrie E. Cope: *Directors' and officers' (D&O) liability*, bls. 120.

⁶⁷ Joseph P. Monteleone, Carrie E. Cope: *Directors' and officers' (D&O) liability*, bls. 121.

⁶⁸ Joseph P. Monteleone, Carrie E. Cope: *Directors' and officers' (D&O) liability*, bls. 124-125.

insurance in force in respect of an OUTSIDE ENTITY as well as any indemnification provided by the OUTSIDE ENTITY.

Málið getur reynst flóknara þegar aðrar gildandi stjórnendaábyrgðartryggingar bætast við. Annars vegar geta stjórnendur og félög séð sér hag í því að taka fleiri en eina tryggingu telji þau að hámarksfjárhæð bóta dugi ekki frá einni tryggingu. Hins vegar er algengt að váttryggingafélög dreifi áhættu sinni af einni stjórnendaábyrgðartryggingu með öðrum váttryggingafélögum líkt og kom fram í kafla 2.3 þessarar ritgerðar. Til þess að takmarka ágreining hvað þetta varðar er algengt að skilmálar kveði á um réttshæð tiltekinnar tryggingar sbr.⁶⁹

The Insurer shall be liable to pay Loss only after all insurers constituting the Underlying Insurance shall have paid the full amount of their respective liability, or the Insured or other party shall have paid the full amount of any such insurer's liability. The Insurer shall then be liable to pay only such additional amount up to its Limit of Liability.⁷⁰

Samkvæmt ákvæðinu skal ekki koma til greiðslu bóta úr tryggingunni fyrr en allar aðrar tryggingar er kunna að taka til verndar umræddri háttsemi hafa verið tæmdar. Þá skulu bótagreiðslur úr tryggingunni miðast við aðaltrygginguna og þá hámarksfjárhæð sem þar er tilgreind. Athuga ber þó að þrátt fyrir framangreind ákvæði útiloka þau ekki ágreining um greiðslu bóta en geta þó takmarkað hann að vissu marki.

8.5 Áhættuaukandi þættir og mat váttryggingafélaga við útgáfu trygginga

Ýmsir hefðbundnir atburðir í rekstri félaga og fyrirtækja geta leitt til aukinnar áhættu. Bera slíkir áhættuþættir einmitt meginþunga þess ávinnings sem félög og stjórnendur sjá sér við töku stjórnendaábyrgðartrygginga. Umræddir áhættuþættir skipta einnig máli fyrir váttryggingafélögin líkt og áður hefur komið fram, enda mótast tryggingin samkvæmt fyrirliggjandi og viðvarandi upplýsingagjafar um viðkomandi félag, sbr. umfjöllun í kafla 6.3 þessarar ritgerðar. En þar kom m.a. fram að aðilum tryggingarinnar og öðrum er kunna að búa yfir upplýsingum um kröfur eða yfirvofandi kröfur á hendur umræddu félagi, sé skylt að veita váttryggingafélaginu nánari upplýsingar þess efnis.

⁶⁹ Joseph P. Monteleone, Carrie E. Cope: *Directors' and officers' (D&O) liability*, bls. 126.

⁷⁰ Joseph P. Monteleone, Carrie E. Cope: *Directors' and officers' (D&O) liability*, bls. 127.

Helstu áhættuaukandi þættir sem félög standa frammi fyrir eru m.a. tilkynning um almennt hlutafjárútboð, hækkun á eigin fé, samrunar og yfirtökur, sala á dótturfyrirtæki, meiri háttar endurskipulagning, rekstrarerfiðleikar eða gjaldþrot, opnun útibús eða dótturfélags í öðru landi, erlendur aðili eignast hlut í félaginu og samstarf við erlend fyrirtæki.

Almennt hlutafjárútboð felst í boði til almennings um kaup á verðbréfum, sbr. 1. mgr. 43. gr. vvl. Haldbærar upplýsingar þurfa að liggja fyrir mögulegum kaupendum og nauðsynlegt er að vanda til verka.⁷¹ Felur slíkt útboð eðlilega í sér aukna ábyrgð og þar af leiðandi aukna hættu. Hækkun á eigin fé er ein aðferð fyrirtækis til að afla sér aukins fjármagns. Leiðir sú breyting á félaginu til aukinnar áhættu þar sem félagið hyggst ef til vill stækka við sig eða leita á nýja markaði sem fela í sér áður óþekktar aðstæður.⁷² Samrunar og yfirtökur félaga fela í sér hagræðingu á rekstri með það markmið að leiðarljósi að afla sér aukins fjármagns eða aðlagast breyttum markaðsaðstæðum.⁷³ Sama gildir um breytingar félaga á borð við sölu eða stofnun félaga og útibúa. Endurskipulagning, rekstrarerfiðleikar og gjaldþrot fela eðli málsins samkvæmt í sér ýmiss konar breytingar á högum félags og mögulega glötuðum hagsmunum kröfuhafa. Þá er erlent eignarhald eða samstarf ávallt metið áhættusamt í ljósi óþekkra aðstæðna og mismunandi laga og reglna sem um slíkar aðstæður gilda.

Hafi hinn váttryggði í huga tiltekna breytingar á starfsemi sinni sem að öllum líkindum leiðir til aukinnar áhættu fyrir hann eða félag hans er honum heimilt að ráðfæra sig við váttryggingafélagið í því skyni að takmarka eða hindra kröfugerð eða rannsóknir vegna þessa, sbr. ákvæði skilmála Howden váttryggingamiðlunar:

The INSURED PERSONS shall be entitled to request advice from the INSURER, upon giving notice of any circumstances which in their opinion might subsequently give rise to a CLAIM or INVESTIGATION for which coverage would apply, as to their legal position and any steps which may be appropriate to avert or minimise the risk of such a CLAIM or INVESTIGATION.

Váttryggingafélagið hefur almennt haldbæra reynslu á þessu sviði og getur því reynst hagkvæmt að ráðfæra sig við hann áður en gengið skuli til áðurnefndra breytinga.

Til viðbótar framangreindum atriðum má benda á niðurstöður könnunar alþjóðlegu lögmannsstofunnar Allen & Overy LLP og váttryggingamiðlunarinnar Willis Towers Watson á

⁷¹ Aðalsteinn E. Jónasson: *Viðskipti með fjármálagerninga*, bls. 257.

⁷² Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélagaréttur*, bls. 162.

⁷³ Stefán Már Stefánsson: *Samstæður hlutafélaga*, bls. 22.

viðhorfi stjórnenda gagnvart stjórnendaábyrgðartryggingum. Könnunin sem var framkvæmd í september 2017 og tók til 127 starfandi stjórnenda víðsvegar um heiminn leiddi í ljós auknar áhyggjur stjórnenda um ábyrgð starfa sinna vegna þjóðhagfræðilegra atburða á borð við Brexit og innleiðingu yfirgripsmikilla evrópureglugerða svo sem nýrrar persónuverndarlöggjafar (GDPR). Sérstaklega var bent á þær áhættur sem fylgja netárásum og gagnaleka. Þá var aukin lagasetning og strangara eftirlit hins opinbera eða annarra eftirlitsaðila einnig áhyggjuefni.⁷⁴

Helstu viðmið váttryggingafélaga um mat á hinum váttryggða við útgáfu stjórnendaábyrgðartrygginga fela m.a. í sér greiningu á fjárhag, viðskiptastarfsemi, gæðastjórnun, uppbyggingu félagsins, nýlegum breytingum í rekstri, fyrri kröfugerðum á hendur félaginu og á alþjóðlegum skuldbindingum.

Fyrst þarf að fara fram mat á fjárhag hins váttryggða. Í því felst athugun ársreikninga, skattframtala og annarra upplýsinga er kunna að gefa skýrari mynd um fjárhaginn. Mat á stjórnun félagsins tekur m.a. mið af hæfni stjórnenda og forsögu þeirra í stjórnunarstöðum. Ef fyrirtæki er skráð á skipulegan verðbréfamarkað er gerður áskilnaður um tiltekinn aðskilnað milli deilda innan félagsins, en að öðru leyti er litið til innra skipulags og hvernig samstarf og samhæfing deilda hefur skilað sér í þeim verkefnum sem félaginu er falið að inna af hendi. Þá er litið til þess hvort og hvernig nýlegar breytingar hafa haft áhrif á félagið og hvort breytingarnar séu tíðar. En slíkt getur gefið vísbendingar um óstöðugleika. Þessu til viðbótar eru fyrri kröfugerðir á hendur stjórnanda og félaginu metnar, þ.e. af hvaða tagi þær eru og hvort von sé á frekari kröfugerðum. Að lokum eru alþjóðlegar skuldbindingar félagsins metnar og hvers konar áhættuþætti slíkar skuldbindingar kunna að fela í sér sér, t.d. erlendar fjárfestingar eða viðskipti við lönd þar sem ekki er fyrir að fara neinu tollabandalagi.⁷⁵

8.6 Ástæður töku stjórnendaábyrgðartrygginga

Meginmarkmið stjórnendaábyrgðartrygginga er ævinlega það að vernda félagið og rekstur þess. Félagið sem slíkt tekur ekki ákvarðanir, heldur stjórnendur þess. Líkt og fyrri umfjöllun þessarar ritgerðar hefur leitt í ljós geta stjórnendur valdið félagi sínu tjóni með háttsemi sinni og þar að auki borið persónulega ábyrgð. Er tryggingin hugsuð til verndar stjórnendunum

⁷⁴ „Director’s liability, D&O: Entering uncharted territory, A survey conducted by Allen & Overy and Willis Tower Watson“, <http://www.willistowerswatson.com>

⁷⁵ „9 criteria used by underwriters to measure D and O risk“, <http://www.discoverdando.com>.

vegna málaferla á hendur þeim, en einnig til verndar félaginu ef það hefur lagt út fyrir kostnaði vegna málaferlanna. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að félagið sjálft höfði mál gegn eigin stjórnanda vegna óréttmætra aðgerða hans, sbr. áðurnefndan dóm *Hérd. Rvk. 25. apríl 2016 (E-2942/2014)*, Lífsverk lífeyrissjóður gegn stjórnendum, þar sem stjórnendur voru skaðabótaábyrgir vegna fjárfestinga sinna fyrir hönd lífeyrissjóðsins.

Að öðru leyti er tryggingin sjálfstæð og getur því verið síðasta haldreipi stjórnanda ef félag hans getur ekki komið honum til aðstoðar vegna ógjaldfærni eða ef tengdur aðili þess höfðar mál gegn honum, t.d. hluthafi eða dótturfélag. Eru umræddar tryggingar því gott bakland fyrir stjórnendur sem geta þá sinnt störfum sínum án þess að þurfa að hafa áhyggjur af persónulegum fjárhag sínum. Þá hefur félagið vissulega hagsmuni af því að málaferli á hendur stjórnendum þess gangi vel fyrir sig svo þeir geti sinnt starfi sínu í þágu félagsins. Undirliggjandi hvati til váttryggingarinnar er því einnig þörf félagsins til að vernda starfsemi sína.

Samhliða aukinni tæknivæðingu, lagasetningum og vitund fólks og lögaðila um réttindi sín og skyldur hafa málaferli á flestum stigum lögfræðinnar farið vaxandi á undanförunum árum. Kröfur á hendur stjórnendum koma þar af leiðandi frá hluthöfum, starfsmönnum, fjárfestum og fleirum sem telja að tjón þeirra megi rekja til háttsemi stjórnandans. Má færa rök fyrir því að hagkvæmt geti verið að njóta verndar stjórnendaábyrgðartryggingar búi félag og stjórnendur þess við eftirfarandi aðstæður:

- Kröfur starfsmanna t.d. vegna uppsagnar eða ásakana um kynferðislega áreitni
- Rannsóknir opinberra eftirlitsaðila eru tíðari
- Persónulegar eignir stjórnanda eru í húfi
- Málskostnaður vegna málaferla getur reynst kostnaðarsamur
- Fjárfestar geta höfðað mál á hendur stjórnendum kunni fjárfesting þeirra að rýrna
- Tryggingin veitir vernd ef kemur til ógjaldfærni eða gjaldþrotaskipta
- Starfsmenn geta verið hlynntari því að koma til starfa standi þeim til boða vernd í starfi
- Samrunar eða yfirtökur yfirvofandi
- Fyrirhuguð skráning félags á skipulegan verðbréfamarkað
- Smá og meðalstór fyrirtæki þurfa einnig vernd⁷⁶

⁷⁶ „10 Reasons for directors & officers insurance“, <http://allianzbroker.co.uk>.

Til fyllingar þessum atriðum hvað varðar samruna, yfirtökur og skráningu félaga á skipulegan verðbréfamarkað getur verið hagkvæmt fyrir váttryggjendur að koma á sambandi við váttryggingafélag varðandi töku stjórnendaábyrgðartrygginga áður en umfangsmiklar breytingar verða á högum félags. Myndi slíkur fyrirvari veita váttryggingafélaginu haldbærari þekkingu á rekstri félagsins fyrir fram sem gæti leitt til hagstæðari iðgjalda síðar meir fyrir váttryggingartaka.

Þá standa stjórnendaábyrgðartryggingar ekki einungis fjármálafyrirtækjum eða stórum fyrirtækjum til boða. Smá og meðalstór fyrirtæki eru oft berskjaldaðri fyrir óréttmætum aðgerðum stjórnenda sinna, t.d. vegna skorts á úrræðum innanhúss, svo sem úrræðum mannauðsdeildar eða lögfræðideildar sem gæti sparað útgjöld og/eða takmarkað ágreining. Þessu til viðbótar skal á það bent að í flóru þeirra váttrygginga sem standa einstaklingum og lögaðilum til boða er ekki fyrir að fara neinni annarri tryggingu sem verndar stjórnendur með sams konar hætti.⁷⁷

Helstu röksemdir gegn töku stjórnendaábyrgðartrygginga grundvallast að verulegu leyti á áður fram komnum atriðum varðandi takmarkanir skilmála trygginganna og mótbára á lagagrundvelli. Mikilvægt er að hafa í huga að stjórnendaábyrgðartryggingar, líkt og aðrar hefðbundnar váttryggingar, eru breytilegar eftir váttryggingafélagi. Er því mikilvægt að váttryggingartakinn fari fram á vernd sem er sniðinn að hans þörfum. Þrátt fyrir að framangreind umfjöllun um stjórnendaábyrgðartryggingar hér á landi virðist ganga út frá því að undir hugtakið „wrongful act“ samkvæmt skilmálum falli öll háttsemi stjórnanda sem uppfyllir saknæmisskilyrði íslensks skaðabótaréttar, sætir hugtakið öðrum takmörkunum samkvæmt breskum rétti. Ef talin eru upp þau atriði er falla undir hugtakið „wrongful act“ kann váttryggingafélagið að undanskilja tiltekna háttsemi frá tryggingunni á borð við „fraud“ eða „error“.⁷⁸

Eftirfarandi röksemdir geta mælt gegn töku stjórnendaábyrgðartrygginga:

- Hámark skaðabóta fyrir tjónsatburð
- Váttryggingartímabil til eins árs í senn
- Takmarkanir á borð við mengun, hryðjuverk og sambærilega atburði
- Takmörkun ábyrgðar vegna málaferla váttryggðs á hendur váttryggðum

⁷⁷ „10 Reasons for directors & officers insurance“, <http://allianzebroker.co.uk>.

⁷⁸ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 186.

- Takmörkun ábyrgðar vegna málaferla hluthafa á hendur váttryggðum

Ákveðið hámark er á útgreiðslu bóta fyrir hvern tjónsatburð. Í sumum tryggingum falla bæði stjórnendur og félagið sjálf undir sama hámarkið, þ.e. hámarksgreiðsla bóta deilist á fleiri en einn aðila sem lækkar bætur hvers og eins. Ímynda má sér aðstæður þar sem krafa á hendur stjórnanda hljóðar upp á margfalt hærra upphæð en þá sem stjórnendaábyrgðartryggingin verndar hann gegn. Í slíkum tilfellum myndi tryggingin að vissu leyti missa marks þar sem viðkomandi þyrfti þá að bæta mismuninn úr eigin vasa.

Þá getur það verið vandkvæðum bundið að endurnýja stjórnendaábyrgðartrygginguna á eins árs fresti. Eins og áður hefur komið fram, í kafla 7.2.4 þessarar ritgerðar, um gildistíma og viðbótartilkynningarfreast tryggingarinnar, endurnýjast hún ekki sjálfkrafa. Óska þarf eftir endurnýjun fyrir lok gildistímans. Fari svo að váttryggingartaki endurnýi ekki innan tilskilins tíma eða skipti um váttryggingafélag kann slíkt að leiða til þess að félagið og stjórnendur þess verði án tryggingar vegna krafna sem lýst er á hendur þeim að gildistíma liðnum eða milli þess sem gamla og nýja tryggingin tekur gildi, sbr. áðurnefndan Glitnisdóm þar sem fyrrum stjórnendur Glitnis nutu ekki verndar samkvæmt nýrri stjórnendaábyrgðartryggingu sökum þess að félag þeirra skipti við annað váttryggingafélag. Eftir sem áður getur þó váttryggingartaki keypt viðbótartilkynningarfreast gegn gjaldi að loknum gildistíma tryggingarinnar.

Þá verndar váttryggingin ekki málaferli váttryggðs á hendur váttryggðum eða hluthafa á hendur váttryggðum. Vísast til kafla ritgerðar nr. 7.3.7.1 varðandi frekari umfjöllun þess efnis. Á hinn bóginn er þó ekki óalgengt að slíkar kröfur yrðu gerðar milli tengdra aðila, að minnsta kosti í tifelli hluthafa. Hluthafi kann að telja hagsmunum félagsins illa varið undir sitjandi stjórn sem leitt hafi til tjóns fyrir sig. Á stjórnandinn þar af leiðandi ekki í vök að verjast gegn slíkum ásökunum á hendur sér. Að lokum ber að geta almennra útilokana vegna ófyrirséðra atburða á borð við mengunarslys, hryðjuverk o.fl.

Að lokinni umfjöllun þessari má færa rök fyrir því að taka stjórnendaábyrgðartrygginga sé skynsamlegur kostur fyrir stjórnendur og félög, óháð því hvort um sé að ræða stór eða lítil félög eða fyrirtæki. Sé látið hjá líða að taka trygginguna getur það opnað fyrir margvíslegar og kostnaðarsamar kröfur á hendur stjórn og stjórnendum félaga. Þó skal á það bent að skilmálar váttrygginganna henta ekki öllum og er því mikilvægt að sníða trygginguna að hinum váttryggða hverju sinni.

8.7 Ábyrgð stjórnenda á fjármagnsmarkaði

Efnahagshrunið hleypti af stokkunum hrinu mála á hendur stjórnendum og félögum sem talin voru ábyrg fyrir ýmsum fjárhagslegum gjörningum sem höfðu meðal annars áhrif á sparifjáreigendur og aðra lögaðila. Ágreiningur um slíka háttsemi stjórnenda fólst meðal annars í meðhöndlun þeirra á upplýsingum um félög sín sem skráð voru á skipulegum verðbréfamarkaði. Velta má því fyrir sér hvort vernd samkvæmt stjórnendaábyrgðartryggingum taki til háttsemi stjórnenda sem brotið hafa gegn lögum nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (hér eftir skammstafað vvl.) eða hvort slík háttsemi sé undanskilin ábyrgð samkvæmt skilmálum tryggingarinnar.

Í stuttu máli byggist eðli verðbréfamarkaðar/fjármagnsmarkaðar á viðskiptum með fjármálagerninga sem veitir aðilum þess aðgengi að fjármagni á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga og stöðugu upplýsingaflæði.⁷⁹ Rík áhersla er lögð á að aðilar sitji við sama borð þegar kemur að fjárfestingum og strangar reglur gilda um misnotkun upplýsinga og um aðstöðumun. Stjórnendur eru í lykilstöðu hvað varðar upplýsingar um félag sitt og stofnun skuldbindinga fyrir hönd þess. Ef upplýsingarnar eru nægilega afmarkaðar og líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga, sbr. 120. gr. vvl., getur misnotkun þeirra varðað refsingum samkvæmt 123. gr. vvl.

Óneitanlega hljómar framangreind atvikalýsing svo að hún geti fallið undir óréttmætar aðgerðir samkvæmt skilyrðum stjórnendaábyrgðartrygginga. Dæmi um misnotkun slíkra upplýsinga er að finna í *Hrd. 12. desember 2013 (193/2013)* þar sem forstöðumaður millibankamarkaðar í fjárstýringu Glitnis banka var ákærður fyrir innherjasvik vegna sölu hluta í bankanum. Vegna stöðu sinnar var talið að forstöðumaðurinn teldist tímabundinn innherji, sbr. 2. tölul. 121. gr. vvl., og vegna misnotkunar á þeim upplýsingum til eflingar á eigin hagsmunum komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að um innherjasvik hefði verið að ræða. Við mat réttarins á ákvörðun refsingar var sérstaklega á það bent að um alvarlegt trúnaðarbrot hefði verið að ræða sem varðaði mikilvæga hagsmuni. Niðurstöður dóms þessa eru í takt við framangreinda umfjöllun og þá háttsemi sem stjórnendur kunna að verða gerðir ábyrgðir fyrir.

Markaðsmisnotkun er áþekk innherjasvikum að því leyti að háttsemin miðar að öflun ótilhlýðilegra hagsmuna. Munurinn á þessum athöfnum felst þó í því að markaðsmisnotkun

⁷⁹ Aðalsteinn E. Jónasson: *Viðskipti með fjármálagerninga*, bls. 25.

felst í blekkingum en ekki eiginlegum viðskiptum líkt og gerist í innherjasvikum.⁸⁰ Markaðsmisnotkun felst í því að hafa áhrif á verðlag fjármálagerninga, t.d. með viðskiptum eða tilboðsgerðum til málamynda, dreifingu upplýsinga og sambærilegum aðgerðum samkvæmt 117. gr. vvl. Í *Hrd. 24. mars 2010 (52/2010)* var talið að sú háttsemi sjóðsstjóra og miðlara að leggja fram tilhæfulaus kauptilboð í lok dags með það að leiðarljósi að halda uppi markaðsverði tiltekinna verðbréfa hefði falið í sér markaðsmisnotkun. Tilboðin voru síðar meir dregin til baka, en athöfnin sem slík hafði áhrif á markaðsvirðið. Var því aldrei til staðar raunverulegur vilji til að eiga viðskipti. Báru hinir ákærðu meðal annars fyrir sig að ætlun þeirra hefði verið að hindra óeðlilega og skyndilega lækkun á verðmati peningamarkaðssjóðsins, sbr. sjónarmið laga og reglna um verðjöfnun þar sem í sumum tilfellum hefur verið talið að ólögmætar athafnir geti talist réttlætanager við tilteknar aðstæður. Voru slík rök ekki tekin til greina og niðurstaðan sú að um markaðsmisnotkun hefði verið að ræða.

Dómurinn er áhugaverður að því leyti að hvorki miðlarinn eða sjóðsstjórinn öfluðu sér neins persónulegs ávinnings með athöfnum sínum. Afli stjórnandi sér ávinnings með vítaverðum hætti og á kostnað félags síns má telja víst samkvæmt eðli stjórnendaábyrgðartrygginga að þær verndi hann ekki gagnvart málshöfðun félagsins á hendur sér. Á hinn bóginn liggur ekki endilega ljóst fyrir hvað skuli gera þegar ávinningur athafna fer ekki beint í vasa þeirra sem að henni stóðu.⁸¹ Meta þyrfti í hverju tilviki fyrir sig hvort stjórnandi ætti rétt til varnar með tilliti til skilmála ábyrgðartryggingar sinnar.

Við mat á því hvort innherjasvik eða markaðsmisnotkun feli í sér óréttmæta aðgerð stjórnenda samkvæmt skilmálum stjórnendaábyrgðartrygginga virðist háttsemin við fyrstu sýn uppfylla skilyrði fyrri umfjöllunar þessarar ritgerðar um hugtakið. Þá uppfyllir háttsemin skilyrði skaðabótaábyrgðar um saknæmi og ólögmæti. Á hinn bóginn ber að líta til opinberra refsiskilyrða sem af brotunum leiðir sbr. 1. mgr. 147. gr. vvl. Þar kemur fram að brot gegn lögum um verðbréfavíðskipti geti varðað sektum eða fangelsi, óháð því hvort það var framið af ásetning eða gáleysi. Með vísan til þessa, líkt og áður hefur komið fram í kafla 7.3.3 þessarar ritgerðar, eru slíkar athafnir almennt undanþegnar ábyrgð.

Að öðru leyti má velja því fyrir sér hvort verndar nyti við ef viðkomandi stjórnandi yrði síðan sýknaður af ásökunum á hendur sér, en stjórnendur njóta verndar gagnvart óréttmætum ásökunum á hendur sér, sbr. áður fram komna umfjöllun í kafla 7.2.2.8. Að minnsta kosti er

⁸⁰ Aðalsteinn E. Jónasson: *Viðskipti með fjármálagerninga*, bls. 518.

⁸¹ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 116.

ekkert því til fyrirstöðu að stjórnandi nyti verndar ef svo bæri við, en líklegast færi það eftir skilyrðum skilmála hverju sinni.⁸²

Til viðbótar innherjasvikum og markaðsmisnotkun varðandi hegðun stjórnenda á fjármagnsmarkaði má nefna eignastýringu. Í stuttu máli felst eignastýring í stjórnun og ávöxtun fjármuna samkvæmt fjárfestingarstefnu sem samþykkt hefur verið af viðskiptavini, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. vvl. Er þá bæði átt við fjárfestingu í verðbréfum og ávöxtun samkvæmt innlánnum. Á bak við hverja fjárfestingu standa því starfsmenn fjármálafyrirtækisins sem eru viðskiptavini persónulega innan handar.⁸³

Í kjölfar hrunsins voru rakin ýmis málaferli gagnvart fjármálastofnunum þar sem talið var að eignastýringu hefði verið ábótavant. Í máli FS gegn Kaupþingi *Hrd. 9. maí 2016 (261/2016)* hafði FS þegið eignastýringarþjónustu frá Kaupþingi. Í kjölfar hrunsins tapaði FS miklu fé og taldi tjón sitt mega rekja til vanrækslu Kaupþings samkvæmt samningi þeirra um eignastýringu. Komist var að þeirri niðurstöðu að Kaupþing hefði að vissu leyti farið út fyrir fjárfestingarstefnu sína, en ekki var hægt að rekja bein orsakatengsl þess við tjónið samfara afleiðingum hrunsins. Bjóði fjármálastofnun upp á eignastýringu hefur verið talið að slík þjónusta byggist á sérfræðiþekkingu og að ríkari kröfur séu þar af leiðandi gerðar til háttsemi þess er veitti hana. Hins vegar eru fjárfestingar á verðbréfamarkaði áhættusamar og röksemdum um brostnar forsendur, þ.e. væntingu hagnaðar vísað á bug. Samkvæmt þessu má telja, sbr. umfjöllun í kafla 4.2 ritgerðar þessarar, um sérfræðiábyrgð, að stjórnandi eða fyrirsvarsaður eignastýringar kunni að vera ábyrgur athafna sinna á grundvelli stjórnendaábyrgðartryggingar.

8.8 Ábyrgðartryggingar hins opinbera

Stjórnendur og fyrirsvarsmenn opinberra stofnanna geta einnig sætt ábyrgð líkt og aðrir stjórnendur samkvæmt framangreindri umfjöllun. Um ábyrgð stjórnenda opinberra stofnana á athöfnum sínum kann þó að vera farið eftir öðrum reglum sbr. lög nr. 70/1996 um réttindi og starfsskyldur starfsmanna ríkisins. Mál á hendur hinu opinbera fara almennt eftir stjórnsýslulögum nr. 37/1993 varðandi réttindi og skyldur borgara. Hins vegar geta opinberar stofnanir borið ábyrgð á einkaréttarlegum grundvelli og stjórnendur þess þannig verið persónulega ábyrgir. Vegna takmarkaðra dómsúrlausna á sviði stjórnendaábyrgðartrygginga eru engin dæmi um að reyni á umræddar tryggingar þar sem váttryggingartakinn er opinber

⁸² Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 117.

⁸³ Aðalsteinn E. Jónasson: *Viðskipti með fjármálagerninga*, bls. 106.

stofnun, en svar fyrirspurnar höfundar til váttryggingafélagsins Sjóvár staðfesti að opinberar stofnanir taki slíkar tryggingar og virðist samkvæmt því sjá sér hag í töku stjórnendaábyrgðartrygginga fyrir hönd fyrirsvarsmanna sinna.

Vegna eðlis félaga sem rekin eru án hagnaðar eru mál á hendur stjórnendum þeirra sjaldgæfar. Er það meðal annars að rekja til tilgangs þeirra og smæðar. Þá er kröfugerð á hendur slíkum félögum afleidd, þ.e. engir hluthafar eru að félaginu og uppruni krafna er frá öðrum félögum eða hinu opinbera.⁸⁴

8.9 Nokkur orð um endurtryggingar

Svonefndar endurtryggingar eru órjúfanlegur hluti váttryggingastarfsemi. Áður hefur verið minnst á eðli váttryggingastarfsemi og tölfræðilega dreifingu á áhættu eftir tegundum tjónsatburða og váttrygginga til verndar þeim. Endurtryggingar eru byggðar á sömu hugmynd, þ.e. aukinni dreifingu á áhættu. Váttryggingafélögin tryggja eigin starfsemi hjá öðru váttryggingafélagi eða váttryggingafélögum, oftast erlendis, í því skyni að takmarka eigin áhættu vegna tjónsatvika sem váttryggðir viðskiptavinir þeirra kunna að valda eða lenda í. Er þá talað um frumtryggjanda og endurtryggjanda.⁸⁵

Af fram komnum atriðum varðandi eðli og umfang stjórnendaábyrgðartrygginga er ljóst að tryggingarnar eru teknar til að vernda mikla hagsmuni. Á sviði endurtrygginga þarf því að fara fram á aðgreinda (e. facultative reinsurance) endurtryggingu, en með því er átt við að váttryggingafélagið þarf að inna endurváttryggjanda sinn sérstaklega eftir vernd gagnvart tjóni sem kann að leiða af tiltekinni stjórnendaábyrgðartryggingu. Annars konar endurtryggingar eru byggðar á samningi sem vernda tilteknar tegundir/flokka minni háttar tjóna (e. treaty reinsurance).⁸⁶

Réttarsamband milli frumtryggjanda og endurtryggjanda byggir þannig á annars konar hugmyndum heldur en réttarsamband frumtryggjanda og hins váttryggða. Aukið jafnræði er meðal aðila og samningar þeirra byggjast á viðskiptalegu trausti og gagnkvæmum trúnaði.⁸⁷

⁸⁴ Joseph P. Monteleone, Carrie E. Cope: *Directors' and officers' (D&O) liability*, bls. 52-56.

⁸⁵ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls. 29.

⁸⁶ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 172-173.

⁸⁷ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*, bls. 29.

Í skilningi stjórnendaábyrgðartrygginga geta komið upp ýmis vandkvæði vegna túlkunar hugtaka þar sem endurtryggjandinn er erlent váttryggingafélag. Váttryggingaskilmálar og lög landa geta þar af leiðandi verið ólík.

Misjafnt er hvort endurtryggjandinn gangi að skilmálum frumtryggjandans að öllu leyti eða hvort gerður sé frekari áskilnaður um samræmingu og túlkun skilmála. Svo dæmi sé tekið þarf hugtakið stjórnandi eða tjón ekki að fela í sér sömu merkingu milli landa. Þá vaknar sú spurning hvort endurtryggjandi ætti yfirhöfuð að þurfa að greiða bætur til frumtryggjanda, sem telur að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt hvað varðar lög og skilmála heimalands síns ef hann telur að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu ekki uppfyllt samkvæmt sínu regluverki. Að sama skapi má velta því fyrir sér hvort frumtryggjandi þyrfti að sætta sig við þá niðurstöðu að verða án bóta þrátt fyrir að hann hafi staðið heils hugar við skuldbindingar sínar gagnvart endurtryggjanda. Ef endurtryggjandinn hefur gengið að skilmálum frumtryggjandans óbreyttum mun hann þó líklegast þurfa að sætta sig við að greiða út bætur.

Þá gildir ríkt upplýsingaflæði milli aðila, en almennt gerir endurtryggjandi þann áskilnað varðandi stjórnendaábyrgðartryggingar að hann sé upplýstur um áhættuaukandi þætti á borð við fram komnar kröfur, samruna og yfirtökur að ákveðinni stærðargráðu. Ástæður fyrir upplýsingaskyldu eru meðal annars þær að meta þarf áhættu en einnig þær að endurtryggjandi fái tækifæri til að koma á framfæri ábendingum varðandi kröfuna, t.d. ef hann telur að hafna ætti umræddri kröfu á grundvelli sjónarmiða sem frumtryggjanda hefur yfirsést.⁸⁸

Að lokum ber þó að áréttu að þrátt fyrir að váttryggingafélag kjósi að leita sér endurtryggingar hefur það ekki áhrif á samband hans við hinn váttryggða.

9 Niðurlag

Ábyrgðartryggingar stjórnar og stjórnenda eru að mörgu leyti flókið fyrirbrigði líkt og framangreind umfjöllun ber með sér. Tryggingarnar eru teknar til verndar stjórnendum vegna óréttmætra aðgerða í störfum þeirra og þeir eru krafðir um bótageiðslur með tilheyrandi kostnaðarsömum málaferlum eða sáttargerðum. Helstu vandkvæði við túlkun trygginganna hér á landi má rekja til hinna bresku skilmála sem íslensku váttryggingafélagin fara eftir. En skilyrði skaðabótaábyrgðar og hugtakanotkun skilmálanna er ólík því sem þekkist hér á landi. Í því skyni að útskýra framangreind sjónarmið betur var fyrst litið til skilyrða skaðabótaréttar út frá hlutverki stjórna og stjórnenda. Í fjórða kafla ritgerðarinnar var lagt upp með að svara

⁸⁸ Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director's and officers' liability insurance*, bls. 204.

þeirri spurningu hvort stjórnendur teldust starfsmenn í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð eða hvort beita ætti sakarreglunni með ströngu sakarmati þar sem þeir teldust sérfræðingar á sínu sviði. Með vísan til þróunar í réttarframkvæmd undanfarinna ára hefur verið talið að sérfræðistörf séu ekki einskorðuð við tilteknar fagstéttir líkt og lækna eða lögmenn, heldur geti sérfræðiábyrgð einnig tekið til aðila sem gefi sig út fyrir að veita sérfræðipjónustu óháð reynslu þeirra eða menntun. Almennt fer því skaðabótaábyrgð stjórnenda eftir reglunni um sérfræðiábyrgð að undanskildum störfum daglegra stjórnenda sem kunna að falla undir reglu vinnuveitendaábyrgðar.

Því næst var litið til eðlis stjórnendaábyrgðartrygginga út frá tegundum váttrygginga sem standa til boða hér á landi og út frá ákvæðum laga um váttryggingarsamninga sem um þær gilda. Sérkenni trygginganna felst meðal annars í áskilnaði til kröfugerðar þriðja aðila á hendur hinum váttryggða eða váttryggingafélagsins. En um er að ræða eina tegund ábyrgðartrygginga sem felst í því að þriðji aðili getur byggt rétt sinn á sambandi váttryggingartaka og váttryggingafélags til greiðslu bóta og gildir einu að hvorum þeirra hann beinir kröfu sinni, sbr. 44. gr. vsl. Það sem er áhugavert við áskilnað til kröfugerðar er að hún leiðir ein og sér ekki til sérstakra réttaráhrifa að öðru leyti en að undirbúa váttryggingafélagið undir mögulega greiðslu bóta. Til kasta tryggingarinnar kemur ekki fyrir en mál á hendur stjórnanda hefur verið til lykta leitt með sáttargerð, úrskurði eða dómi. Í millitíðinni kann því stjórnandi að leggja út fyrir kostnaði til að taka til varna o.fl. sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að fá greiddan til baka fyrir en við málalok.

Gagnvart stjórnanda nýtur hann verndar samkvæmt tryggingunni meðan á gildistíma hennar stendur. Óski hann eða félag hans ekki eftir endurnýjun tryggingar er engu að síður hægt að fara fram á aukinn tilkynningarfreist, en í því felst að stjórnandi nýtur verndar umfram gildistíma tryggingarinnar gegn vægara gjaldi. Þá eru fyrrum stjórnendur félaga einnig sjálfkrafa tryggðir í 72 mánuði eftir starfslok. Rökin fyrir slíkum viðbótartilkynningarfresti eru þau að tekið getur tíma að áhrif vegna háttsemi stjórnenda komi fram.

Ákveðins misræmis gætir milli skilyrða skaðabótaábyrgðar samkvæmt tryggingunni og skilyrða íslensks skaðabótaréttar. Hinir bresku skilmálar kveða á um að háttsemi stjórnanda þurfi að fela í sér óréttmæta aðgerð (e. wrongful act) svo að krafa verði tekin til greina. Samkvæmt breskum rétti tekur hugtakið til athafna á borð við vanrækslu, mistök, rangfærslur og misvísandi yfirlýsingar, brot á samningum og skyldum og öðrum athöfnum er kunna að leiða til tjóns þriðja aðila. Hefur ágreiningur varðandi hugtakið erlendis aðallega snúið að því hvaða atriði eru talin til hugtaksins, t.d. eru stundum atriði á borð við svik eða samsæri

undanskilin í sumum tilfellum. Túlkun hugtaksins óréttmætar aðgerðir hefur vafist fyrir mönnum hér á landi, enda fara skilyrði skaðabótaábyrgðar ekki eftir framangreindri hugtakanotkun hins breska réttar.

Að svo komnu stendur eftir sú spurning hvort hægt sé að heimfæra háttsemi samkvæmt sakarreglunni með ströngu sakarmati til atvika óréttmætra aðgerða stjórnanda. Dómaframkvæmd hér á landi er rýr hvað þetta varðar en í dómi *Hérd. Rvk. 25. apríl 2016 (E-2942/2014)* var gengið út frá því að ekki væri hægt að ráða af skilgreiningu hugtaksins hvað fælist í óréttmætu eða ólögumætu atferli eða athöfn. Hins vegar var komist að þeirri niðurstöðu að skilgreining á því hvað teldist til óréttmætra aðgerða bæri að vera til samræmis við almennar reglur skaðabótaréttarins þannig að hugtakið tæki til ólögumætrar og saknæmrar háttsemi. Aðrir dómur og úrskurðir virðast líta fram hjá frekari samræmingu skilyrða skaðabótaábyrgðar og styðja sig við brot stjórnanda á háttarnisreglum settra laga varðandi heimfærslu til sakarreglunnar. Því gæti ákveðins misræmis milli túlkunar á hugtakinu erlendis og héraendis. Þannig má velja því fyrir sér hvort markmiði tryggingarinnar hér á landi sé nægilega fullnægt þar sem skilyrði hennar virðast einfaldlega byggja á annars konar mati. Þar sem engin umfjöllun hefur verið hér á landi um þetta eða vísbendingar úr dómaframkvæmd verður því að láta frekari vangaveltur um túlkun hugtaksins bíða um sinn.

Þá var litið til mismunandi hliða tryggingarinnar og hvaða aðilar geta notið verndar samkvæmt skilyrðum hennar. Vernd samkvæmt stjórnandaábyrgðartryggingum er af þrennu tagi. Í þessu samhengi er jafnan talað um vernd samkvæmt hliðum A, B og C. Í fyrsta lagi er um að ræða sjálfstæða vernd til stjórnanda vegna kostnaðar og bótagreiðslna sem á þá kunna að falla vegna málaferla eða sáttargerða. Í öðru lagi er um að ræða vernd til félags stjórnanda sem greitt hefur kostnað og bætur fyrir hans hönd. Í þriðja lagi stendur til boða vernd gagnvart kröfum sem lýst er á félagið sjálft, þ.e. kröfum sem er ekki vísað á tiltekinn aðila innan félagsins. Sjálfstæð vernd stjórnanda getur reynst mikilvæg þar sem ekki er víst að félag hans sé fært um að koma honum til aðstoðar t.d. vegna ógjaldfærni eða gjaldþrots.

Ef litið er til þeirra aðila sem njóta verndar samkvæmt tryggingunni má ráða að skilmálar tryggingarinnar eru tiltölulega opnir hvað það varðar. Er því ekki nauðsynlegt að umræddir stjórnendur séu í lykilstöðu heldur geta einnig fallið þar undir framkvæmdastjórar, skuggastjórnendur, skiptastjórar og fyrrum stjórnendur svo fátt eitt sé nefnt. Þó er nauðsynlegt að líta til hlutverka stjórnanda hverju sinni og að þeir uppfylli hæfniskröfur til að teljast slíkir samkvæmt settum lögum ef þeim er að skipta varðandi stöðu þeirra.

Færa má rök með og á móti töku stjórnendaábyrgðartrygginga. Í kafla 8.6 var meðal annars bent á kosti trygginganna í áhættusömu umhverfi eða við aðstæður þar sem félög standa frammi fyrir sviptingum í rekstri og skipulagi. Dæmi um slíkar aðstæður væri fyrirhuguð skráning félags á skipulegan verðbréfamarkað, kaup og samrunar og endurskipulagning. Við slíkar aðstæður getur háttsemi stjórnenda vegið sérstaklega þungt og rangar ákvarðanir haft slæmar afleiðingar fyrir félagið. Þá er tryggingin sú eina sinnar tegundar sem býður upp á viðlíka vernd stjórnenda gagnvart málsóknum á hendur sér. Einnig getur tilvist tryggingarinnar auðveldað skipun og ráðningar í stjórnunarstörf ef viðkomandi veit með vissu að hann sé tryggður gagnvart athöfnum sínum í starfi.

Helstu rökin gegn töku tryggingarinnar snerta stuttan gildistíma hennar og samskipti við endurtryggjendur. Gildistími tryggingarinnar er eitt ár í senn og endurnýjast ekki sjálfkrafa. Þarf því að óska sérstaklega eftir framlengingu og fer þá fram nýtt mat á aðstæðum félagsins. Hinn stutti gildistími leiðir einnig til vandkvæða vegna þess millibilsástands sem getur skapast á milli þess sem ný trygging tekur við af hinni gömlu og hvort stjórnandi njóti verndar þess á milli samkvæmt sérskilmálum eða með kaupum á auknum tilkynningarfresti, en slíkt stendur stjórnendum og félagi hans til boða ef ekki stendur til að framlengja trygginguna til lengri tíma. Samskipti íslenskra váttryggingarféлага við endurtryggjendur geta reynst flókin og svifasein. Þar sem umfang trygginganna er mikið dreifa íslensku félögin ábyrgðinni með endurtryggjendum sínum. Um þó nokkra endurtryggjendur getur verið að ræða sem taka sig saman um að vernda váttryggingartaka. Sé krafa gerð á hendur hinum váttryggða þurfa því að eiga sér samskipti milli allra hlutaðeigandi. Þannig þarf íslenska váttryggingafélagið að hafa samband erlendis við alla endurtryggjendur sem hver og einn getur gert sínar athugasemdir varðandi kröfuna, hvort fara eigi fram á sáttargerð eða hvort útkljá eigi mál fyrir úrskurðarnefnd eða dómstólum. Þetta ferli getur tekið langan tíma sem getur reynst kostnaðarsamt fyrir hinn váttryggða. Liggi sú niðurstaða til dæmis fyrir í málinu að stjórnandi teljist bótaskyldur getur samt sem áður reynst torvelt að fá bæturnar greiddar út. Í millitíðinni kann umræddur stjórnandi að bera af því hnekki líkt og greiðslustöðvun eða jafnvel gjaldþrot.

Að þessu virtu er því óljóst hvort taka stjórnendaábyrgðartrygginga sé yfirhöfuð skynsamleg. Ef útgreiðslur bóta eru torveldar og tímafrekar má færa rök fyrir því að tryggingarnar beri með sér falskt öryggi fyrir stjórnendur.

Þrátt fyrir að dóma- og úrskurðafrankvæmd hér á landi gefi takmarkaðar vísbendingar um ágreining og kröfugerð til trygginganna vísar erlend framkvæmd til þess að félög og stjórnendur sjái sér almennt hag í töku stjórnendaábyrgðartrygginga. Er það meðal annars að rekja til fjölda þeirra krafna sem hafðar eru uppi gagnvart stjórnendum sbr. niðurstöðu

áðurnefndrar könnunar Allen & Overy og Willis Tower Watson á viðhorfi stjórnenda gagnvart stjórnendaábyrgðartryggingum sem leiddi í ljós að yfir þriðjungur þátttakenda hafði fengið kröfu á hendur sér vegna háttsemi sinnar í starfi.⁸⁹

Að lokum var athugað hvernig samsetningu váttryggingartaka stjórnendaábyrgðartrygginga er háttað. Helsti markhópur stjórnendaábyrgðartrygginga hér á landi samkvæmt fram komnum dómum þessarar ritgerðar virðist vera fjármálastofnanir og lífeyrissjóðir. Fyrirspurn höfundar til váttryggingafélagsins Sjóvár hvað þetta varðar leiddi í ljós að taka trygginganna einskorðast ekki við fjármálafyrirtæki eða lífeyrissjóði heldur er markhópurinn stærri fyrirtæki með flókið eignarhald óháð hlutverki þeirra, t.d. aðilar á borð við fjarskiptafyrirtæki, tæknifyrirtæki, háskólar, fyrirtæki í sjávarútvegi og jafnvel opinberar stofnanir.

⁸⁹ „Director’s liability, D&O: Entering uncharted territory, A survey conducted by Allen & Overy and Willis Tower Watson“, <http://www.willistowerswatson.com>

HEIMILDASKRÁ

„10 Reasons for directors & officers insurance“, <http://allianzebroker.co.uk>, 15. júní 2015 (skoðað 11. apríl 2018)

Aðalsteinn E. Jónasson: *Viðskipti með fjármálagerninga*. Reykjavík 2009.

Agnes Hólm Gunnarsdóttir og Helgi Þór Ingason: *Afburðastjórnun*. Reykjavík 2017.

Alþingistíðindi

Bo von Eyben: Juridisk ordbog

Caroline M. Hague, Directors: *De Jure, De Facto, or Shadow*, 28 Hong Kong L.J. 304 (1998)

Charles A. Anderson and Robert N. Anthony: *The new corporate directors – Insights for board members & executives*, New York 1986.

„Director’s liability, D&O: Entering uncharted territory, A survey conducted by Allen & Overy and Willis Tower Watson“, <http://www.willistowerswatson.com>, 15. September 2017 (skoðað 26. apríl 2018)

Dr. Adolfo Paolini og Deepak Nambisan: *Director’s and officers’ liability insurance*. London 2008.

Duncan Sheen: *What is a mistake?*, 20 Legal Stud. 538 (2000).

Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*. Reykjavík 2015.

Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur II*. Reykjavík 2015.

Eyvindur G. Gunnarsson: „Varnarþingsreglur Lúganósamningsins“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. tbl. 1999, bls. 352.

Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“. *Úlfljótur*, 1. tbl. 2012, bls. 49.

Howden Universal II Terms: „Directors’ and Officers’ Liability Insurance“.

Ian Youngman: *Director’s and officers’ liability insurance: A guide to international practice*. Cambridge 1999.

Kevin Lacroix: „D&O Insurance: Cost vs. Value“, <https://www.dandodiary.com>, 15. júní 2009 (skoðað 5. apríl 2018)

Kristopher Marsh: „9 criteria used by underwriters to measure D&O risk“, <http://www.discoverdando.com>, 4. maí 2015 (skoðað 31. mars 2018)

„Kröfuhafar samþykkja að greiða ríkinu 330 milljarða“, <http://www.visir.is>, 1. október 2015 (skoðað 20. mars 2018)

„Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“, <http://www.leidbeiningar.is>, 1. maí 2015 (skoðað 20. mars 2018)

Ray Hodgkin: *Professional Liability: Law and Insurance*. London 1996.

Sol Kroll: *The Professional Liability Policy Claims Made*, 13 Forum 842 (1978).

Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélagaréttur*. Reykjavík 2013.

Stefán Már Stefánsson: *Samstæður hlutafélaga*. Reykjavík 2008.

Tami L. Harwood & David M. Siesko: *Claims-Made Insurance Coverage: Selected Issues*, 1 Entvl. CI. J. 169 (1988).

„Thenguiz fer fram á 2,2 milljarða punda í skaðabætur“, <http://www.vb.is>, 27. nóvember 2014 (skoðað 15. apríl 2018)

Þorgeir Örlygsson og Benedikt Bogason: *Kröfuréttur – Þættir*. Reykjavík 2014.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1962, bls. 74

Hrd. 4. mars 2004 (292/2003)

Hrd. 27. maí 2004 (482/2003)

Hrd. 29. október 2009 (228/2009)

Hrd. 24. mars 2010 (52/2010)

Hrd. 7. júní 2012 (442/2011)

Hrd. 26. september 2012 (472/2012)

Hrd. 5. nóvember 2012 (619/2012)

Hrd. 14. febrúar 2013 (390/2012)

Hrd. 30. maí 2013 (54/2013)

Hrd. 12. september 2013 (146/2013)

Hrd. 12. desember 2013 (193/2013)

Hrd. 13. febrúar 2014 (481/2013)

Hrd. 9. október 2014 (46/2014)

Hrd. 18. september 2014 (64/2014)

Hrd. 12. febrúar 2015 (145/2014)

Hrd. 9. maí 2016 (261/2016)

Dómar héraðsdóms:

Hérd. Rvk. 16. apríl 2013 (E-6107/2010)

Hérd. Rvk. 25. apríl 2016 (E-2942/2014)

Danskir dómar:

Ufr. 1996, bls. 1288

Úrskurðir úrskurðarnefndar í váttryggingamálum:

úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 29. september 2010 (38/2010)